The written word and the use of language in a text have major influence on the reader's comprehension. Modification and paraphrasing is often used when translating yet I find that culturally loaded words are important for understanding when reading a text from another culture. If these words are adapted to the text of the local culture for the sake of fluency the message does not come across as the writer of the original intended. This is what Venuti calls domestication, bringing the translated text to the reader so it appears to be originally written in the target language. However, when the translator keeps the culturally related words of the original text in the translation it enriches the text and makes the reader want to learn more about that culture. The author

is specific in her use of foreign words as means to create cultural traces in the English text which makes it even more important to keep it in the translation.

There is no need for “excessive translation” as Wiersema calls it. Using foreign words in translation improves the translated text, making it more exotic, mysterious and intriguing, kindling curiosity, and makes demands on the reader. This I find important because readers today, especially the younger generations, quickly lose interest if there is no challenge.

The translation was not only a challenge where the most important aspect was the use of foreign words, as in the original, but also a really captivating process. Cultural translation is complex with many different approaches and methodologies; however, the main consideration is the translator’s selection of procedure in accordance with the genre and the purpose of the translation. Lalami’s book cuts deep into Moroccan culture and the reader’s experience is intensified with culturally loaded markers.

Bibliography

- Abou, Stephanie. "Hope and Other Dangerous Pursuits." *Kirkus Reviews* 73.15 (2005): 807-08. Web. 8 Feb. 2013.
- Abbott, Charlotte. "Writing (and Blogging) by Chance and Choice." *Publishers Weekly* 252.53 (2005): 209. *MasterFILE Premier*. Web. 8 Feb. 2013.
- Charters, Ann, ed. *The Story and Its Writer: An Introduction to Short Fiction*. 7th ed. Boston, New York: Bedford/St. Martin's, 2007. Print.
- Choukairi, Amin. "Glossary of Moroccan Arabic Words and Phrases." *Writers & Books: Bringing Words and People Together*. n.d. Web. 3 Feb. 2013.
- Dare, Kim. "Hope and Other Dangerous Pursuits." *School Library Journal* 51.12 (2005): 178. *ProQuest*. Web. 8 Feb. 2013.
- Davies, Eirlys E. "A Goblin or a Dirty Nose? The Treatment of Culture-Specific References in Translations of the Harry Potter Books." *The Translator* 9.1 (2003): 65-100. Print.
- Einarsdóttir, Valgerður K. "Muslim Image in Western Media: Comparison of News Coverage from BBC and RÚV on the London Terrorist Attacks, 7th July, 2005." *International Studies* (2013): 1-33. Print.
- Fernandes, Lincoln. "Translation of Names in Children's Fantasy Literature: Bringing the Young Reader into Play." *New Voices in Translation Studies* 2 (2006): 44-57. Print.
- Kóran*. 2nd ed. Trans. Helgi Hálfðanarson. 1993. Reykjavík: Mál og menning, 2003. Print.
- Lalami, Laila. "About the Book." *Laila Lalami: Novelist and Essayist*. 2001-2013. Web. 9 Feb. 2013.

---. "About Laila." *Laila Lalami: Novelist and Essayist*. 2001-2013. Web. 27 Dec. 2013.

---. *Hope and Other Dangerous Pursuits*. Orlando: Harcourt, 2006. Print.

---. *Secret Son*. 2nd ed. New York: Algonquin Books of Chapel Hill, 2010. Print.

---. "So to Speak." *World Literature Today* 83.5 (2009): 18-20. *ProQuest*. Web. 9 Feb. 2013.

Lodish, Emily. "Out of Place." *Nation* 282.2 (2006): 30. Web. 8 Feb. 2013.

Munday, Jeremy. *Introducing Translation Studies: Theories and Applications*. 2001. New York: Routledge, 2008. Print.

Njoku, Raphael Chijioke. *Culture and Customs of Morocco*. Culture and Customs of Africa. Ed. Toyin Falola. Westport, Connecticut: Greenwood Press, 2006. Print.

Nomani, Asra. "Hope and Other Dangerous Pursuits." *People* 64.15 (2005): 53. *ProQuest*. Web. 8 Feb. 2013.

Nussbaum, Lisa. "Hope and Other Dangerous Pursuits." *Library Journal* 130.14 (2005): 131. *ProQuest*. Web. 8 Feb. 2013.

Paulston, Christina Bratt. "Biculturalism: Some Reflections and Speculations." *Sociolinguistic Perspectives on Bilingual Education*. Ed. C. B. Paulston. Clevedon: Multilingual Matters, 1992. 116-30. Print.

Seaman, Donna. "Hope and Other Dangerous Pursuits." *Booklist* 101.22 (2005): 1964. *ProQuest*. Web. 8 Feb. 2013.

Suleiman, Yasir. *Arabic, Self and Identity: A Study in Conflict and Displacement*. New York: Oxford UP, 2011. Print.

Talal, Asad. "The Concept of Cultural Translation in British Social Anthropology." *Writing Culture: The Poetics and Politics of Ethnography*. Eds. James Clifford

and George E. Marcus. California: University of California Press, 1986. 241-64.

Print.

“Um Íslam.” *islam.is*. Félag múslima á Íslandi. n.d. Web. 27 Oct. 2013.

Venuti, Lawrence. “1990s and Beyond.” *The Translation Studies Reader*. 2nd ed.

Lawrence Venuti. New York: Routledge, 2008. 325-35; 482-83. Print.

Wiersema, Nico. “Globalization and Translation: A Discussion of the Effect of

Globalization on Today’s Translation.” *Translation Journal* 8.1 (2004). n. pag.

Web. 1 Feb. 2013.

Von og önnur áhættu hegðun

Laila Lalami

Efnisyfirlit

FERÐIN

I HLUTI: Áður

OFSTÆKI

STRÆTÓFERÐIR

SÁTT

GENGUR BETUR Á MORGUN

II HLUTI: Eftir

DÝRLINGURINN

UNDIRLÆGJAN

HEIMKOMAN

SÖGUMAÐURINN

Ferðin

FJÓRTÁN KÍLÓMETRAR. Murad hefur hugleitt þá tölu þúsund sinnum síðast liðið ár til að reyna að ákveða hvort það væri áhættunnar virði. Suma daga sagði hann við sjálfan sig að fjarlægðin væri engin, smá fyrirhöfn, ferðin yfir myndi einungis taka þrjátíu mínútur eða svo ef veðrið væri gott. Hann eyddi klukkutímum í að hugsa um hvað hann myndi gera þegar hann væri kominn yfir, sá fyrir sér vinnuna, bílinn, húsið. Aðra daga gat hann bara hugsað um strandgæslumennina, ískalt vatnið, peningana sem hann þyrfti að fá lánaða, og hann velti því fyrir sér hvernig fjórtán kílómetrar gætu aðskilið ekki einungis tvö lönd heldur tvo heima.

Í kvöld virðist sjórinn vera lygn, aðeins smá gola öðru hverju. Skipstjórinn hefur fyrirskipað að hafa öll ljós slökkt, en með tunglið á himni og himininn heiðan, getur Murad enn séð umhverfis sig. Sex metra Zodiac slöngubáturinn á að rúma átta manns. Núna húka í honum þrjátíu, menn, konur, og börn, allir með kvíðasvip þeirra sem lagt hafa örlög sín í hendur annara—skipstjórans, strandvarðanna, Guðs.

Murad er klæddur í þrjú lög: nærbol, rúllukragabol, og jakka; að neðan, ullarnærbuxur, gallabuxur, og strigaskó. Með aðeins þriggja klukkustunda fyrirvara hafði hann ekki tíma til að ná í vatnsheldar buxur. Hann ýtir á takka á úrinu sínu, Rolex eftirlíking sem hann keypti af götusala í Tanger, og skífan sýnir 3:15 eftir miðnætti. Hann klórar í farið sem armbandsólin úr málmi skilur eftir sig á úlnliðnum, togar svo ermina niður til að hylja skífuna. Þegar hann lítur í kring um sig kemst hann ekki hjá því að spá í hversu mikið Rahal skipstjóri og hans menn muni þéna. Ef hinir farþegarnir borguðu eins mikið og Murad gerði þá fengju þeir samtals næstum 600.000 dírhom, sem

væri nægjanlegt fyrir íbúð eða litlu húsi í einum af strandbæjum Marokkó eins og Asilah eða Cabo Negro.

Hann fylgist með spænsku strandlínunni nálgast með hverjum andadrætti. Öldurnar eru bleksvartar, fyrir utan örlitla froðu hér og þar, glitrandi hvítar undir tunglinu, eins og legsteinar í myrkum kirkjugarði. Murad getur greint bæinn sem þau stefna á. Tarifa. Staðurinn á meginlandinu þar sem Márainnrásin var gerð árið 711. Murad var vanur að skemmta ferðamönnum með frásögnum af því hvernig Tariq Ibn Ziyad leiddi valdamikinn her mára yfir sundin og, við landgöngu á Gíbraltar, skipaði að láta brenna alla bátana. Hann sagði hermönnum sínum að þeir gætu þrammað áfram og sigrað óvininn, eða snúið við og dáið sem hugleysingjar. Mennirnir höfðu fylgt hershöfðingja sínum, fellt vestgotana, og komið á fót stórveldi sem réði ríkjum á Spáni í meira en 700 ár. Ekki hefði þá grunað að við myndum koma aftur, hugsar Murad. En í staðinn fyrir flota, erum við hér í uppblásnum bát—ekki eingöngu márar, heldur misleitur hópur fólks frá fyrrverandi nýlendum, án skotvopna og brynja, án leiðtoga með persónutöfra.

Þetta er samt þess virði, segir Murad við sjálfan sig. Smá tími á þessum veigalitla bát og svo vinna. Það verður erfitt í fyrstu. Hann mun vinna á ökrunum eins og allir aðrir, en ætlar að leita að einhverju betra. Hann er ekki eins og hinir—hann er með áætlun. Hann vill ekki eyðileggja bakið á sér fyrir *spagnol*, eyða því sem eftir er af lífinu í að tína appelsínurnar þeirra og tómata. Hann ætlar að finna alvöru vinnu, þar sem hann getur notað menntun sína. Hann er með háskólagráðu í ensku og talar að auki spænsku reiprennandi, ekki eins og sumir *harragana*.

Fótleggurinn hans dofnar. Hann hreyfir ökkilann í hringi. Vinstra megin við hann færir stúlkan (hann heldur að nafn hennar sé Faten) sig lítillega svo að lærið hennar

þrýstist ekki lengur að hans. Hún lítur út fyrir að vera átján, kannski níttján. „Fóturinn á mér var orðinn dofinn,“ hvíslar hann. Faten kinkar kolli til samþykkis en lítur ekki á hann. Hún dregur svörtu golfreyjuna þétt utan um sig og einblínir niður á skóna sína. Hann skilur ekki af hverju hún klæðist *hijab* klút í ferð sem þessari. Heldur hún að hún geti gengið niður strætin í Tarif með höfuðklút án þess að draga að sér athygli? Þeir munu ná henni, hugsar hann.

Á ströndinni, á meðan þau voru öll að bíða eftir að Rahal yrði tilbúinn, sat Faten ein og afsíðis frá öllum öðrum, eins og hún væri í fýlu. Hún var sú síðasta til að klifra um borð, og Murad varð að færa sig til að búa til pláss fyrir hana. Hann skildi ekki tregðu hennar. Það virtist ekki mögulegt í hans augum að hún hefði borgað svo mikla peninga og ekki verið áfjáð í að fara þegar tíminn var kominn.

Hinum megin á móti Murad er Aziz. Hann er hávaxinn og renglelegur og hann situr hokinn svo að hann komist fyrir í þröngt plássið ætlað honum. Þetta er önnur tilraun hans til að fara yfir Gíbraltarsund. Hann sagði Murad að hann hefði prúttað við Rahal yfir verði ferðarinnar, sagði að sem trúr viðskiptavinur ætti hann að fá tilboð. Murad reyndi líka að semja, en á endanum þurfti hann samt að fá lánað næstum því 20.000 dírhöm hjá einum frænda sínum, og lánið er honum enn og aftur efst í huga. Hann mun borga frænda sínum til baka um leið og hann fær vinnu.

Aziz biður um sopa af vatninu. Murad réttir honum flöskuna sína af Sidi Harazem og horfir á hann teyga í sig. Þegar hann fær flöskuna til baka býður hann Faten síðustu löggina, en hún hristir höfuðið. Murad var sagt að hann skyldi vökva líkamann vel, svo að hann er búinn að vera að drekka vatn í allan dag. Hann finnur allt í einu þörf fyrir að kasta af sér vatni og hallar sér fram til að halda í sér.

Við hliðina á Aziz er miðaldra karlmaður með fitugt hár og stórt ör þvert yfir kinnina, eins og Al Pacino í *Scarface*. Hann er í gallabuxum og í stuttermá skyrtu. Murad heyrði þegar hann sagði einhverjum að hann væri tenniskennari. Handleggir hans eru stæltir, upphandleggsvöðvarnir banga út, og orkan sem af honum stafar er gróf, eins og frá manni sem er vanur því að komast í kast við lögin. Murad tekur eftir því að *Scarface* hefur verið starsýnt á litlu stúlkuna sem situr næst honum. Hún virðist vera tíu ára gömul, en andlitssvipur hennar bendir til þess að hún sé eldri. Augu hennar, glampanði í tunglsljósinu, ná yfir stærsta hluta andlits hennar. *Scarface* spyr hvað hún heiti „Mouna,“ segir hún. Hann teygir sig ofaní vasa sinn og býður henni tyggigúmmí, en stúlkan hristir snögglega höfuðið.

Móðir hennar, Halima, spurði Murad hvað klukkan var áður en þau fóru um borð í bátinn, eins og hún hefði ferðaáætlun til að fylgja. Hún gefur *Scarface* fjandsamlegt, fráhrindandi augnatillit, tekur þétt utan um dóttur sína með öðrum handleggnum og með hinum utan um syni sína tvo, sem sitja við hægri hlið hennar. Augnatillit hennar er einbeitt, ekki flöktandi eins og hjá Faten. Hún ber með sér blæ af hægglátri staðfestu, og það vekur virðingu Murads, jafnvel þótt honum finnst hún óábyrg, eða allavega heimskuleg fyrir að hætta lífi barna sinna með ferðalagi sem þessu.

Á hægri hönd Aziz er grannvaxin afrísk kona, föstu fléttningar hennar bundnir í laust tagl. Á meðan þau biðu eftir brottför á ströndinni, afhýddi hún appelsínu og bauð Murad helming. Hún sagðist vera frá Gíneu. Hún vefur handleggjunum um sig og vaggar hægt fram og aftur. Rahal hastar á hana að hætta. Hún lítur upp, reynir að vera hreyfingarlaus, og kastar svo upp á stígvél Fatens. Faten hrópar upp við að sjá útbíaða skóna.

„Þegiðu,“ hreytir Raphael út úr sér.

Konan frá Gíneu hvíslar afsökun á frönsku. Faten veifar hendinni og segir að þetta sé allt í lagi, að hún skilji þetta. Fljótlega angar báturinn af ælu. Murad stingur nefinu ofan í hálsmálið á rúllukragabolnum. Hann ilmar af sápu og mintu og það heldur frá stækjunni, en innan fárra mínútna hefur viðurstygileg lyktin smogið í gegnum vörnina. Þá sest Halima upp og blæs hátt frá sér, börnin enn samanhnipruð við hlið hennar. Rahal hvessir á hana augunum, segir henni að beygja sig niður til að halda bátnum stöðugum.

„Láttu hana í friði,“ segir Murad.

Halima snýr sér að honum og brosir í fyrsta skipti. Hann veltir fyrir sér hver áform hennar séu, hvort hún sé að hitta eiginmann eða bróður þarna eða hvort það endi með því að hún þrifi hús eða að vinni á ökrunum. Hann hugsar um suma af þeim ólöglegu sem, í stað þess að fara á bát, reyna að lauma sér yfir með grænmetisflutningabílum sem keyra frá Marokkó til Spánar. Á síðasta ári stöðvaði spænska lögreglan flutningabíl með tómata í Algeciras og fann lík þriggja ólöglegra innflytjenda sem köfnuðu þar sem þeir lágu ofan á kössunum. Allavega er engin hættá að það gerist á bátnum. Hann reynir að hugsa um eitthvað annað, eitthvað sem afmáir minninguna um myndina sem hann sá í blaðinu.

Utanborðsmótorinn höktir. Í skyndilegri þögninni, snúa sér allir til að líta á Rahal, allir halda samtímis niðri í sér andanum. „Andskotinn,“ segir hann á milli tannanna. Hann togar nokkrum sinnum í snúruna til að ræsa vélina, en ekkert gerist.

„Hvað er að?“ spyr Faten, rödd hennar er kvíðafull.

Rahal svarar ekki.

„Reyndu aftur,“ segir Halima.

„Þessi ferð er fordæmd,“ hvíslar Faten. Allir heyra til hennar.

Rahal lemur mótorinn með hendinni. Faten fer með vers úr annari súru Kóranins: „„Allah – Hann einn er guð, Lifandi, Eilífur. Að honum svífur aldrei svefn, aldrei blundur—““²

„Hljóð“ æpir Scarface. „Við þurfum smá hljóð til að hugsa.“ Lítur á skipstjórnann og spyr, „Er það kveikjan?“

„Ég veit það ekki. Ég held ekki,“ segir Rahal.

Faten heldur áfram að biðja, í þetta skiptið aðeins hljóðlegar, varir hennar hreyfast hratt. „„Allt er Hans á himnum og jörðu ...““

Rahal kippir aftur í snúruna.

Aziz kallar, „Bíðið, lofið mér að sjá.“ Hann fer á fjóra fætur, yfir ælunni, hreyfir sig hægt svo að báturinn haldist stöðugur.

Faten fer að kjökra, langt og langdregið harmakvein. Allra augu eru á henni. Móðursýki hennar er smitandi, og Murad heyrir að einhver er að sjúga upp í nefið í hinum enda bátsins.

„Af hverju ertu að þessu væli?“ spyr Scarface, og hallar sér í átt hennar til að líta framan í hana.

„Ég er hrædd,“ snöktir hún.

„*Baraka!*“ skipar hann.

„Láttu hana í friði,“ segir Halima, sem enn heldur börnum sínum þétt upp að sér.

„Af hverju kom hún ef hún getur ekki ráðið við þetta?“ hrópar hann, og bendir á Faten.

² Þetta er bein tilvitnun í Kóraninn á íslensku, og eins eru allar þær tilvitnanir í Kóraninn sem á eftir koma teknar orðrétt úr þýðingu Helga Hálfðanarsonar á Kóraninum frá árinu 2003, sjá ritaskrá (*Kóran*).

Murad dregur bolinn niður frá andlitinu. „Hver í andskotanum þykist þú vera?“ Hann kemur sjálfum sér á óvart með reiði sinni. Hann er upptrekkur og er tilbúinn í rifrildi.

„Og hver ert þú?“ segir Scarface. „Verndari hennar?“

Flutningaskip þeytir hornið, allir hrökkva í kút. Það líður hjá í fjarðlægð, ljósinn blikkandi.

„Hættið þessu,“ hrópar Rahal. „Einhver gæti heyrt til okkar!“

Aziz skoðar mótórin, togar í slönguna sem er tengd við tankinn. „Það er rifa hérna,“ segir hann við Rahal, og hann bendir á tengilinn. „Áttu nokkuð límband?“ Rahal opnar birgðakassann og tekur upp límbandsrúllu. Aziz límur rösklega smávegis utan um slönguna. Skipstjórinn togar í kapalinn einu sinni, tvisvar. Loksins hvæsir mótórin sársaukafullt og báturinn fer á hreyfingu.

„Lofaður sé Guð,“ segir Faten, og hunsar reiðilegt augnarád Scarface.

Gráturinn hættir og óhugnanleg kyrrð fellur yfir bátinn.

TARIFA ER UM 250 metra í burtu núna. Það mun aðeins taka nokkrar mínútur í viðbót. Konan frá Gíneu hendir pappírssnepli fyrir borð. Murad reiknar með að þetta séu skilríkin hennar. Hún þykist örugglega vera frá Síerra Leóne svo að hún fái pólitískt hæli. Hann hristir höfuðið. Hann á ekki slíkri lukku að stýra.

Vatnið er enn stillt, en Murad veit betur en að treysta Miðjarðarhafinu. Hann hefur þekkt sjóinn alla sína ævi og hann veit hversu mikill togkrafturinn getur orðið. Einu sinni, þegar hann var tíu ára, fór hann að tína kræklinga með föður sínum á ströndinni í Al Hoceima. Þegar þeir voru önnum kafnir við að tína kom Murad auga á dökkan, fallegan klasa af kræklingum hangandi út frá skeggjunum í holum kletti. Hann

beygði sig inn og var önnur kafinn við að tosa í þá þegar alda fyllti hellinn og skolaði honum út. Faðir hans hrifsaði Murad, sem enn hélt á fötunni, upp úr vatninu. Seinna sagði faðir Murads vinum sínum á kaffihúsinu skreytta útgáfu af sögunni, sem yrði bætt við sögur hans af fjölskylduævintýrum sem hann rakti eftir þörfum.

„Allir úr bátnum núna!“ hrópar Rahal.

„Þið verðið að synda restina af leiðinni.“

Aziz veltir sér með það sama út í vatnið og byrjar að synda.

Eins og hinir farþegarnir, fylgist Murad með furðu lostinn.

Þau bjuggust við að vera flutt alla leið að landi, þar sem þau gætu auðveldlega dreift sér og svo falið sig. Tilhugsunin um að verða synda síðasta spölinn er óbærileg, sérstaklega fyrir þá sem eru ekki frá Tanger og vanir sjónum þar.

Halima lyftir hönd í átt að Rahal. „Þjófurinn þinn! Við borguðum þér til að taka okkur að ströndinni.“

Rahal segir, „Viltu að við verðum öll handtekin sem flóttamenn? Komdu þér út úr bátnum ef þú vilt komast þangað. Það er ekki svo langt. Ég sný við.“

Einhver hreyfir sig snögglega til að reyna að koma viti fyrir Rahal, til að þvinga hann til að fara alla leið að landi, en Zodíakinn missir stöðugleikann og þá er það um seinan. Murad er núna í sjónum. Fötin hans verða samstundis blaut, og sjokkið sem kalda vatnið hefur á allan líkamann stöðvar hjarta hans eitt augnablik. Hann veltur um, grípur andann eftir lofti, og það rennur upp fyrir honum að það er ekkert annað að gera en að synda. Svo hann þvingar útlimina, þunglamalega vegna þyngdar fatanna, til að hreyfa sig.

Umhverfis hann er fólk hægt og bítandi að tvístrast vegna þverstraumanna.

Rahal berst fyrir því að rétta bátinn af og einhver, Murad getur ekki alveg séð hver,

hangir á hliðinni. Hann heyrir væl og öskur, sér nokkra synda fyrir alvöru. Aziz, sem var fyrstur úr bátnum, er nú þegar langt á undan hinum, og stefnir í vestur. Murad byrjar að synda að ströndinni, hræddur um að berast burtu með sjónum. Hann heyrir einhvern kalla fyrir aftan sig. Hann snýr sér og réttir hönd sína til Faten. Hún grípur í hana og á næstu sekúndu heldur hún í báðar axlirnar hans. Hann reynir að slíta sig í burtu, en grip hennar þéttist.

„Notaðu aðra höndina til að komast áfram,“ hrópar hann.

Augu hennar opnast meira en hendur hennar hreyfast ekki. Hann þvingar aðra hendi hennar af sér og tekst að taka nokkur sundtök. Líkami hennar er þungur upp að hans. Í hvert skipti sem þau taka dýfu í sjónum, heldur hún fastar. Núna er vatn í eyrum hans og vein hennar hljóma ekki eins hátt. Hann reynir að losa um grip hennar en hún vill ekki sleppa. Hann öskrar. Enn heldur hún dauðahaldi. Næst þegar þau taka dýfu gengur sjór upp í nef hans og kemur honum til að hósta. Þau munu aldrei komast lífs af ef hún losar ekki takið og hjálpar honum. Hann ýtir henni frá sér. Loksins laus, færir hann sig snögglega frá henni. „Sláðu sjóinn með handleggjunum,“ hrópar hann. Hún berst tryllingslega um. „Hægar,“ segir hann, en hann sér að það er vonlaust, hún kann ekki að synda. Í hálsi hans myndast ekkasog. Ef aðeins hann hefði haft prik eða björgunarbelti sem hann gæti rétt henni svo að hann gæti dregið hana án þess að eiga það á hættu að þau myndu bæði drukkna. Hann er nú þegar farinn að reka í burtu frá henni, en hann heldur áfram að kalla, segir henni að vera róleg og byrja að synda. Fingur hans og tær hafa dofnað, og hann verður að fara að synda annars frýs hann í hel. Hann snýr sér að ströndinni. Hann lokar augunum, en myndin af Faten bíður hans bak við augnlokin. Augun opnast á ný, hann reynir að einbeita sér að hreyfingu útlíma sinna.

Það er einkennileg kyrrð í loftinu. Hann syndir þar til að hann finnur sandinn undir fótum sér. Hann reynir að ná stjórn á andardrættinum, hjartslættinum í eyrum sínum. Hann liggur á ströndinni, sjórinn sleikir skóna hans. Sólin er að koma upp, litar sandinn og byggingarnar lengst í burtu appelsínugylltum blæ. Með andvarpi, léttir Murad á blöðrunni. Sandurinn umhverfis hann hitnar en kólnar svo aftur á næstu sekúndum. Hann hvílir sig þarna stutta stund, en svo ýtir hann sér upp á hnén.

Hann stendur, fótleggirnir nötra. Hann snýr sér við og lítur yfir dökkann sjóinn, leitar að Faten. Hann kemur auga á nokkrar verur á sunni, berjast um, en það er erfitt að sjá hver er hvað. Hann kemur hvergi auga á Aziz, en konan frá Gíneu er að koma upp úr sjónum nokkra metra í burtu.

Í fjarska geltir hundur.

Murad veit að hann hefur ekki mikinn tíma áður en spænska lögreglan verður á hælum þeirra. Hann tekur nokkur skref og fellur á hnén í sandinn, sem er heitari viðkomu en sjórinn. Með skjálfandi hendi opnar hann hliðarvasa á hermannabuxunum sínum og dregur út plastpoka. Í honum er farsími, með spænsku SIM korti. Hann hringir í Rubio, Spánverjann sem ætlar að keyra hann norður til Katalóníu.

„*Soy Murad. El amigo de Rahal.*“

„*Espéreme por la cana de azúcar.*“

„*Bien.*“

Hann tekur nokkur skref áfram, en hann sér ekki sykurreyrinn sem Rubio nefndi. Þrátt fyrir það heldur hann áfram að ganga. Hótel birtist við sjóndeildarhringinn. Annar hundur geltir, og fljótlega breytist hljóðið í spangól. Hann gengur í áttina að því og kemur auga á sykurreyrinn. Lítil stígur birtist til vinstri og hann sest við endann á stígnum. Hann fer úr skónum, beygir helkaldar tærnar í blautu sokkunum og nuddar

þær. Setur aftur á sig skóna, leggst á bakið og dregur andann djúpt af létti. Hann trúir vart heppni sinni. Honum tókst það.

Það verður allt í lagi núna. Hann hughreystir sjálfan sig með kunnuglegum draumórum sem héldu honum gangandi heima allar næturnar þegar hann gat ekki sofnað, áhyggjufullur yfir því að geta ekki borgað leiguna eða skaffað mat á borðið fyrir móður sína og bræður. Hann ímyndar sér skrifstofuna sem hann mun vinna á; sér fyrir sér fingurna fljúga hratt og örugglega yfir lyklaborðið; hann heyrir símann hringja. Hann sér sig fyrir sér koma heim í nútímalega, vel útbúna íbúð, konan hans heilsar honum, sjónvarpið í bakgrunninum.

Ljós skín á hann. Rubio er snöggur. Engin furða að það kostaði svona mikið að ráða hann. Murad sest upp. Ljósinu er vísað frá augum hans aðeins andartak, en nógu lengi til þess að sjá hundinn, þýskan fjárhund, og enn skelfilegri veru sem heldur í ólina.

VARÐSTJÓRI spænsku lögreglunnar er í einkennisbúningi, og svört baskahúfa situr skásett á rökuðu höfði hans. Á nafnskilti hans stendur Martinez. Hann situr inni í sendiferðabílnum ásamt Murad og hinum ólöglegu, hundurinn er við fætur hans. Murad lítur á sjálfan sig: blautu skóna sína, drullugu buxurnar límdar við fótleggina, bláleitu húðina undir nöglunum. Hann bítur saman tönnum til að hindra skjálftann undir teppinu sem lögreglumaðurinn lét hann hafa. Þetta eru aðeins fjórtán kílómetrar, hugsar hann. Ef að þau hefðu ekki verið þvinguð í sjóinn, ef hann hefði synt hraðar, ef hann hefði farið vestur í stað austur, hefði hann haft það af.

Þegar hann stígur út úr sendibílnum, tekur hann eftir skóglendi uppi á hæðinni í aðeins nokkurra metra fjarlægð, og fyrir handan hann er vegur. Verðirnir eru uppteknir við að hjálpa konu sem virðist hafa hnigið niður af kulda. Murad stingur af, hleypur eins

hratt og hann getur. Fyrir aftan sig heyrir hann flaut og skóhljóð, en hann heldur áfram að hlaupa milli trjáanna, svo fætur hans snerta varla sprungna jörðina. Þegar hann kemst nær veginum sér hann að þetta er fjögurra akgreina hraðbraut, þar sem bílarnir þjóta hjá. Það fær hann til að hika. Martinez grípur í bolinn hans.

KLUKKAN Á VEGGNUM í bækistöð spænsku löggæslunnar sýnir sex að morgni. Murad situr á stól úr járni, handjárnaður. Þar eru menn og konur, öll vafin í teppi eins og hann, sem hnipra sig saman til að halda á sér hita. Hann þekkir ekki marga þeirra; flestir komu með öðrum bátum. Scarface situr einn, reykir sígarettu með krosslagða fætur, búinn að týna öðrum skónum. Það eru engin ummerki um Aziz. Hann hlýtur að hafa komist í gegn. Bara til að vera viss, spyr hann konuna frá Gíneu sem situr nokkrum sætum lengra frá honum. „Ég hef ekki séð hann,“ segir hún.

Heppni Aziz. Murad bölvar sinni eigin óheppni. Ef hann hefði lent aðeins hundrað metrum vestar, í burtu frá húsunum og hótelinu, hefði hann mögulega getað sloppið. Magi hans drynur. Hann kyngir með herkjum. Hvernig getur hann sýnt andlit sitt aftur í Tanger? Hann stendur up og staulast að rykugum glugganum. Hann sér Faten fyrir utan, höfuð hennar bert, í röð ásamt einhverjum öðrum úr bátnum að bíða eftir læknum, sem hafa skurðstofugrímur fyrir andlitunum, til að rannsaka þau. Alda léttis hellist yfir hann, og hann reynir að tjá sig með höndunum eins vel og hann getur með handjárnin á sér, kallar nafn hennar. Hún heyrir ekki til hans, en á endanum lítur hún upp, sér hann, lítur svo í burtu.

Kona í dökkri drakt mætir, háir hælur skella á flísalögðu gólfinu. „*Soy sus abogada*,“ segir hún þar sem hún stendur frammi fyrir þeim. Hún segir þeim að þau séu hérna ólöglega og að þau verði að skrifa undir pappíra sem lögreglan muni afhenda

þeim. Á meðan allir skiptast á að skrifa undir hallar konan sér upp að afgreiðsluborðinu til að tala við einn af lögreglumönnum. Hún lyftir öðrum fæti fyrir aftan sig þegar hún talar, eins og lítil stelpa. Lögreglumaðurinn segir eitthvað í daðurslegum tón, og hún kastar höfðinu aftur og hlær.

Murad setur niður falskt nafn jafnvel þó að það skipti ekki máli. Hann er færður í gæsluvarðhaldið, sandurinn af ströndinni er enn fastur á buxunum. Á leiðinni þangað sér hann líkpoka á jörðunni. Súrt bragð kemur upp í munninn. Hann kyngir en getur ekki haldið aftur af því. Hann fer í keng og lögreglumennirnir sleppa af honum takinu. Murad skjógrar að hlið byggingarinnar og kastar upp. Þetta gæti hafa verið hann í þessum líkpoka; það gæti hafa verið Faten. Kannski var þetta Aziz eða Halima.

Vörðurinn fer með hann í rykfallinn klefa þar sem fyrir eru tveir aðrir fangar, annar er sofandi á dýnunni. Murad sest á gólfið og lítur upp í gegnum gluggann á lítinn blett af bláum himni. Mávar flögra frá einni hlið byggingarinnar og fljúga í burtu í oddaflugi, og eitt augnablik öfundar hann þá af frelsinu. En á morgun mun lögreglan senda hann aftur til Tanger. Framtíð hans þar stendur frammi fyrir honum, óhagganleg, þrátt fyrir fyrirhöfnina, þrátt fyrir áhættuna sem hann tók og það sem hann þurfti að ganga í gegn um. Hann yrði að snúa aftur í sömu gömlu íbúðina, lifa á móður sinni og systur, án nokkurra væntinga eða tækifæra. Hann hugsar til Aziz, sennilega nú þegar í flutningabíl á leiðinni til Katalóníu, og hann veltir fyrir sér—ef Aziz kemst, af hverju ekki hann? Núna veit hann að minnsta kosti við hverju hann á að búast. Það verður erfitt að sannfæra hana, en á endanum veit hann að hann mun ná að telja móðir sína á að selja gullarmböndin sín. Ef hún selur þau öll sjö þá mun það borga næstu ferð. Og í næsta skipti tekst honum það.

I Hluti



Áður

Ofstæki

LARBI AMRANI LEIT ekki á sjálfan sig sem hjátrúarfullan mann, en þegar talnabandið sem hékk á baksýnispegli hans slitnaði stóð hann sjálfan sig í að hafa áhyggjur af því að þetta gæti verið fyrirboði. Móðir hans hafði gefið honum perlurnar úr sandelviði þegar hann útskrifaðist úr háskólanum stuttu áður en hún lést, og ráðlagði honum að nota þær oft. Í fyrstu hafði Larbi geymt perlurnar í vasanum, snert þær með fingrunum við hverja bæn, en eftir því sem árin liðu notaði hann þær æ sjaldnar þar til einn daginn að þær enduðu sem skraut í bílnum hans. Nú lágu þær tvístraðar, gulbrúnar dopper á svörtu bílmottunum. Hann tindi upp eins margar og hann fann, og setti þær í glasahaldarann, hann vonaðist til að getað lagað þær seinna. Hann smeygði Benzinum niður innkeyrsluna og út á hljóðlátt strætið með trjánum meðfram veginum. Umferðin var óvenju létt, jafnvel þegar hann fór framhjá víggirtum virkisveggjunum við Bab Rouah.

Á skrifstofu sinni í menntamálaráðuneyti Marokkó opnaði hann *Al-Alam* dagsins í dag og bað *chaouchinn* að færa sér glas af mintute. Innan stundar myndi hann ráðast á annan stafla af skjölum til að ákveða hvar nýútskrifaðir kennarar myndu sinna starfi sínu fyrir hið opinbera næstu tvö árin, en að sinni gaf hann sér tíma til að lesa blaðið og sötra teið sitt. Fyrirsagnirnar tilkynntu verkfall lestarmanna og enn aðra hækkun á verði mjólkur og hveitis, svo hann fletti yfir að íþróttasíðunni.

Áður en hann gat lesið helgarúrslit fótboltans hringdi ritarinn hans til að tilkynna honum að það væri kominn gestur. Larbi lagði frá sér blaðið og stóð upp til að bjóða Si Tawfiq velkominn, gamlan vin sem hann hafði ekki séð í fimmtán ár. (Eða voru það fjórtán?) Þeir bjuggu eitt sinn hlið við hlið í nýjum íbúðarklasa í miðbæ Rabat, en eftir

að hafa flutt í úthverfin misstu þeir samband. Si Tawfiq gekk inn í herbergið íklæddur sínum hvíta *burnous*, þrátt fyrir heitan septemberdaginn. Eftir *salaams* og að hafa skipst á annari gamansemi ræskti Twfiq sig. „Þetta er varðandi frænku mína. Hún er að ljúka námi næsta sumar.“ Útstæðu augun hans, sem voru afleiðing skjaldkirtilstruflana, höfðu ónotaleg áhrif á Larbi.

„Til hamingju,“ sagði Larbi.

„Og hún vill vinnu í Rabat.“ Tawfiq brosti íbyggilega.

Larbi reyndi að fela gremju sína. Mesta þörfin á kennurum var í minni bæjum og í hinum gleymdu þorpum Atlasfjalla.

„Ég var að vonast til að þú gætir hjálpað henni,“ bætti Tawfiq við.

„Ég vildi að ég gæti það, Si Twfiq,“ byrjaði Larbi. „En við erum með svo fá störf í borginni þessa dagana. Biðlistinn er svona langur.“ Hann hélt fingrunum langt í sundur eins og þeir væru að tala um símaskrána.

„Ég skil,“ sagði Tawfiq. „Auðvitað myndum við reyna að gera allt sem við gætum til að hjálpa þér.“

Larbi strauk endana á þunna yfirvaraskegginu, snéri þeim uppávið. Hann var ekki yfir það hafinn að taka á móti einstaka mútum, en hann mundi eftir fyrirboða morgunsins. „Takk,“ sagði hann og sýndi lófana. „Það er engin þörf á því.“ Hann ræskti sig og bætti aumlega við, „Ég er ánægður með að þjóna öllum kennurum. Það er bara þegar það eru svo margir sem vilja sama hlutinn, þá verður ómögulegt að láta alla fá þau verkefni sem þeir hafa áhuga á.“

Tawfiq virtist vera vonsvikinn og einblíndi á Larbi í langa mínútu. „Ég skil,“ sagði hann. „Það er þess vegna sem ég er kominn til þín.“

Larbi andvarpaði. Hann vildi ekki valda vini sínum vonbrigðum, og hvað sem öðru líður, hvaða vit er í því að neita deildarstjóra Sureté Nationale, Þjóðaröryggisstofnunar, um greiða? „Ég skal athuga hvað ég get gert,“ sagði hann. Það að færa frænku Tawfiqs upp listann myndi krefjast hugmyndaauðgi varðandi pappírsvinnuna. Hann yrði að vera gætinn.

Seinna sneri Larbi sér í stólnum og setti fæturna upp á borðið og krosslagði fætur. Hann horfði út um gluggann á röð tröllatrjáa fyrir utan og hugsaði aftur um móður sína, góðviljaða andlit hennar birtist í huga hans. Hann kveikti í Marlboro og dró rólega að sér andann. Tímarnir voru aðrir núna. Hann bjó ekki til kerfið; hann var bara að komast af, eins og aðrir. Hann sneri sér að skjalastaflanum.

ÞEGAR LARBI KOM HEIM þetta kvöld beið hans óvæntur glaðningur á forstofuborðinu—sjaldséð bréf frá syni hans, Nadir, sem var í námi í rafmagnsverkfræði í Québec. Larbi gekk inn í stofuna og settist á einn af leðursófunum og ýtti hvítum og bleikum silkipúða í burtu. Tveimur árum áður hafði dóttir Larbis, Noura, farið að læra silkimálun og auk púða gerði hún slæður, vasaklúta, og vatnslitamyndir. Árangur af vinnu hennar var á víð og dreif um húsið. Larbi hélt að hún hefði fengið einlægan áhuga á handíðarlistum, en það varð ekkert meira en stundardella í gagnfræðaskóla, og allir penslarnir og málningabrúsarnir sem hún hafði krafist að kaupa voru núna í plastpoka einhvern staðar undir eldhúsvaskinum.

Larbi opnaði bréfið. Þessa dagana sendi Nadir einungis flausturslegan tölvupóst með rýrum smáatriðum úr háskólalífínu. Þegar hann svo skrifaði alvöru bréf var það til að biðja foreldra sína um peninga. Þetta var ekkert öðruvísi—hann vantaði 10.000 dírhöm til að kaupa nýja fartölvu. Larbi hrísti höfuðið. Nadir myndi sjálfsagt eyða því í

geisladiska eða í helgarferð út úr bænum. En honum var sama, svo lengi sem strákurinn stæði sig vel í skólanum, og það gerði hann alltaf. Larbi naut þess að hugsa um framtíð sonar síns og stöðuna sem Nadir gæti fengið með verkfræðigráðu, sérstaklega með gráðu erlendis frá.

Larbi gekk í gegnum ganginn að herbergi Nouru. Hann hélt augnablik að hún væri ekki heima, af því að það glumdi ekki rokkónlist úr hljómflutningstækinu hennar eins og vanalega, en hann heyrði raddir svo hann bankaði. Noura opnaði dyrnar. Hún var í gallabuxum og svörtum stuttermabol með glitrandi stöfum sem mynduðu nafn rokkhljómsveitar. Hár hennar féll í lokkaflóði niður á axlirnar. Hún leit á úrið sitt. „Er hún strax orðin hálfsvjó?“ sagði hún og hljómaði hissa.

„Sjáðu hvað ég kom með handa þér,“ sagði Larbi, sem rétti henni nokkur tímarit sem hann hafði keypt á heimleiðinni.

„Takk pabbi,“ sagði Noura. Hún tók við blöðunum frá honum, og þegar hún steig til hliðar til að láta þau falla á skrifborðið sá hann vinkonu hennar, stúlku sem sat á stól við gluggann með hendur spenntar í kjöltunni. Hún var klædd í gráa, hnökraða peysu og í ökklasítt gallapils, og hár hennar var hulið með höfuðklút. Noura kynnti hana sem Faten Khatibi, eina af skólafélögum hennar í háskólanum í Rabat. Nouru hafði verið ætlað að fara í New York háskóla, en einkunnir hennar á staðal prófi TOEFL voru ekki nógu góðar svo að hún varð að taka ár í ensku í almenna háskólanum. Hún ætlaði að sækja um aftur í desember. Þessi seinkun hafði gert hana dálítið þunglynda, og sú tilfinning jók við einmanaleika hennar—flestir vinir hennar úr franska einkamenntaskólanum sem hún hafði gengið í höfðu farið í háskóla erlendis.

Larbi gekk inn í herbergið og rétti glaðlega hendina að Faten, en Faten tók ekki í hana. „Fyrirgefðu mér,“ sagði hún. Augu hennar færðust yfir á Nouru og hún brosti.

Larbi lét hendina falla vandræðalega niður. „Jæja.“ Það varð óþægileg þögn; Larbi gat ekki fundið upp á fleiru til að segja. „Ég læt ykkur þá einar.“

Þegar hann var á leið í eldhúsið til að sækja sér drykk, heyrði Larbi lykli snúið í skránni. Konan hans, Salma, gekk inn, hliðartaskan hennar úr leðri á öðrum handleggnum og tvær nýhreinsaðar skyrtur á hinum. „Fyrirgefðu hvað ég er sein,“ sagði hún. „Dómarinn tók svo langt hlé.“ Larbi tók við skyrtnum af henni og lét þær frá sér á stól í andyrinu. Hann spurði hana hver vinkona Nouru væri. Salma yppti öxlum. „Einhver sem hún kynntist í skólanum.“

„Hún er ekki sú manngerð sem ég hef séð hana með áður.“

„Þú meinar að hún sé ekki *enfant gatée*?“ Salma gaf honum lítið kaldhæðnislegt bros. Hún hafði litla þolinmæði gagnvart vinum Nouru, krökkum úr einkaskóla sem eyddu megninu af tímanum í að hafa áhyggjur af klæðnaði eða bílunum sínum. Fyrir mörgum árum hafði Salma verið á móti því að Noura færi í franskan skóla, og Larbi sjálfur hafði stundum fundið fyrir sektarkennd yfir því að hans eigin dóttir var ekki partur af skólakerfinu sem hann tók þátt í að stjórna. Samt hafði hann krafist þess; dóttir hans hafði svo mikla hæfileika, og hann vildi að hún næði langt. Jafnvel hugsjónamanneskja eins og Salma gæti skilið það.

„Ég vil bara ekki að hún fari að umgangast ranga manngerð,“ sagði hann.

„Hún spjarar sig,“ sagði Salma, og gaf honum augnaráðið sem gaf til kynna að hún væri vinur litla mannsins, sem hún beitti af og til og pirraði hann óstjórnlega. Það eitt að hún tók einhver mál að sér ókeypis á hverju ári og var virk í Samtökum um Mannréttindi Marokkó þýddi ekki að hún vissi eitthvað betur en Larbi.

FATEN VARÐ AÐ REGLULEGUM gesti á heimili Larbis. Hann vandist því að sjá hettuklædda ásýnd hennar í anddyrinu og skóna hennar með þykku, sveigðu sólonum fyrir utan dyrnar hjá Nouru. Núna þegar Noura eyddi svo miklum tíma með henni horfði Larbi einn á sunnudagsfótboltann. Þessa vikuna var hans hjartfóligna lið, Fath frá Rabat, að spila við erkióvininn, Widad frá Casablanca. Salma, sem fannst fótbolti lítið meira spennandi en það að bíða eftir að teið sjóði, fór og lagði sig. Þegar Larbi fór hálf tíma seinna inn í eldhús til að sækja sér bjór heyrði hann rödd Fatens. „Óréttlætið sem við verðum vitni að á hverjum degi,“ sagði hún, „er næg sönnun um spillingu Hassans konungs, ríkistjórnarinnar, og stjórnmalaflokkanna. En ef við hefðum verið betri múslimar, þá kannski hefði þjóðin ekki lent í þessum vanda eða bræður okkar annars staðar.“

„Hvað meinarðu?“ spurði Noura.

„Aðeins með því að hreinsa hugsanir okkar og athafnir...“

Larbi gekk nokkur skref inn ganginn í átt að opinni hurðinni á herbergi Nouru, sem hún lokaði umsvifalaust þegar hún sá hann. Hann dró sig í hlé í stofunni þar sem hann reykti Marlboro sígarettur sínar, drakk meiri bjór, og tók varla eftir því sem eftir var af keppninni.

Um leið og Faten var farin bankaði Larbi á dyr Nouru til að spyrja hvað samtal þeirra hefði snúist um. Hann stóð nálægt henni, og hún fitjaði upp á nefið þegar hann talaði. Það rann upp fyrir honum að andadráttur hans angaði af vínanda og hann tók eitt skref afturábak.

„Ekkert pabbi,“ sagði hún.

„Hvernig getur þú sagt „ekkert“? Hún var hér um stund.“

„Við vorum bara að ræða um vandamál í skólanum og svoleiðis.“ Hún sneri sér við og þar sem hún stóð við skrifborðið staflaði hún nokkrum glósubókum.

Larbi gekk inn. „Hvaða vandamál?“

Noura leit hissa á hann, yppti öxlum og varð svo önnum kafin við að raða geisladiskum í viðeigandi hulstur. Á veggnum fyrir ofan skrifborðið hennar var silkimálverk af bóndarós, útsprunginni og lafandi, miðjan hvít og bleik. Larbi stóð og beið. „Hún var bara að segja mér hvernig, á síðasta ári, einhverjir nemendur hefðu ekki einu sinni tekið lokaprófin en samt staðist. Ég geri ráð fyrir að þeir hafi mútað einhverjum af kennurunum.“

„Hvernig getur hún vitað um svona hluti?“ spurði Larbi með vanþóknunarsvip.

Noura andvarpaði. „Hún hefur reynsluna. Hún féll á síðasta ári.“

„Kannski hefur hún ekki lagt nógu hart að sér.“

Noura leit upp á hann og sagði með rödd sem gaf það til kynna að hún vildi að hann færi eftir þetta, „Krakkarnir sem náðu, gerðu það ekki heldur.“

„Hún getur ekki kennt öðrum um sín mistök.“

Noura dró hárið á sér upp í tagl. Hún tók þægilegar buxur og stuttermabol upp úr marmaraskreyttri kómmóðu, fleygði þeim á rúmið, stóð svo með hendur á mjöðmum og beið. „Ég þarf að fara í sturtu núna.“

Larbi skoðaði gaumgæfilega andlit dóttur sinnar, en það var svipbrigðalaust eins og gríma úr plasti. Hann fór úr herberginu.

Salma var enn að leggja sig þegar hann kom inn í svefnherbergi þeirra. Hann settist á rúmið og snéri að henni. Augnalok hennar flöktu. Án þess að bíða eftir því að hún væri alveg vöknuð, sagði Larbi, „Noura fær ekki að hitta þessa stelpu oftar.“

„Ha?“ sagði Salma og opnaði augun. „Um hvað ertu að tala?“ Hún var þegar farin að hnykla brýnnar eins og hún væri tilbúin að brjóta ástandið til mergjar og byggja upp réttu röksemdarfærsluna.

„Ég held ekki að það sé góð hugmynd. Ég kom að þeim að ræða stjórnsmál rétt í þessu.“

„Og?“

„Ekki líta á mig með þessum svip þínum, Salma. Þú veist nákvæmlega hvað ég meina. Ég vil ekki að hún flækist inn í neitt. Ef einhver heyrði þær tala saman á þennan hátt um konunginn í skólanum gætu orðið vandræði.“

Salma andvarpaði og stóð upp. „Ég held, satt að segja, að Faten sé góð fyrir hana. Noura þarf að vita hvað er að gerast í kringum hana.“

„Hvað meinarðu?“

„Heimurinn snýst ekki um tísku og bíómyndir.“

„Hún getur sjálf litið í kringum sig! Af hverju þarf hún þessa stelpu?“

„Sjáðu til, Noura mun hvort sem er fara þegar að skólaárinu lýkur, svo að ég efast um að þær eigi eftir að hitta hvor aðra eftir það.“ Salma lagaði á sér kjólinn og herti beltið. „Þú ert að búa til fjall úr fræi,“ sagði hún. Hún var sú gerð af konu sem batt oft endi á samræður með spakmæli.

Larbi hristi höfuðið.

„Á meðan ég man,“ sagði Salma, „þú trúir því ekki hver hringdi í morgun. Si Tawfiq, manstu eftir honum?“

„Auðvitað,“ sagði Larbi og stóð upp. Hann var nú þegar búin að gera upp hug sinn um að hjálpa honum með aðstæður frænku hans. „Ég hringi í hann.“

EFTIR ÞVÍ SEM VIKURNAR LIÐU virtist Noura verða meira niðursokkin í bækurnar sínar. Einn sunnudagseftirmiðdag í október spurði Larbi hana hvort hún vildi fara í leikhúsið. Sýningin var með uppistandara sem hafði verið á bannlista í nokkur ár en aðeins nýlega verið leyft að sýna aftur. Það var uppselt á sýninguna. Hann hélt að það myndi gera henni gott að taka hlé frá öllum þessum lærdómi.

„Ég þarf að skrifa ritgerð,“ sagði hún. Lág hljóðið af söng úr Kóraninum barst frá geislaspilaranum hennar.

„Þú ert að missa af ýmsu,“ svaraði Larbi. Þetta var ekki í fyrsta skipti sem Noura hafði afþakkað skemmtun. Vikunni áður hafnaði hún boði um að fara á lokakeppni í tennis, og tveimur vikum þar áður hafði hún neitað að fara með þeim í trúlofunarveislu náskyldrar frænku sinnar. Hún hafði alltaf verið góður nemandi en hann skildi ekki afhverju hún lagði svona hart að sér núna. Þetta átti að vera auðvelt ár, að bæta enskuna hennar. Það ætti að gefast nógur tími til að læra á næsta ári í New York. „Komdu nú,“ sagði hann. „Verðu smá tíma með pabba þínum til tilbreytingar.“

„Allt í lagi, *Baba*,“

Á leiðinni í leikhúsið leit Larbi á Nouru í baksýnisspeglinum. „Þú ert ekki máluð,“ hafði hann á orði.

Salma hló. „Ekki segja mér að þér hafi verið annt um augnblýantinn hennar.“

„Ég sagði bara svona. Þetta er leikhús, þrátt fyrir allt.“

„Af hverju ætti ég að mála mig í framan til að þóknast öðru fólki?“ segir Noura hneyksluð.

Salma dró niður spegilinn farþega megin og starði á dóttur sína í speglinum. „Ég hélt að þú vildir gera það fyrir sjálfa þig.“

Noura nagaði á sér ósnyrtar neglurnar og hallaði höfðinu þannig að það gæti allt eins þýtt já eins og nei, og yppti svo öxlum.

Hefðbundin dagskrá grínistans var sambland af nístandi háði og tónlistaratriðum, en þrátt fyrir að allir í kring um hann hlógu fann Larbi að hann gat ekki slakað á. Hann vildi tala við Nouru, en var samt smeykur um að hún segði aftur að það væri ekkert að.

Næsta dag beið Larbi eftir að dóttir hans færi í skólann áður en hann smeygði sér inn í herbergið hennar, óviss um eftir hverju hann var að leita. Gluggarnir voru opnir og sólin myndaði mynstur á gólfið sem líktist tré. Larbi sat á rúmi dóttur sinnar. Það sló hann að það var búið að búa um, heklaða rúmteppið var dregið snyrtilega niður á öllum hliðum. Hún hafði alltaf gengið illa um og hann hafði oft verið að grínast með að hann þyrfti áttavita til að rata út úr herberginu hennar. Núna leið honum kjánalega að finnast þessi skyndilega snyrtimennska grunsamleg. Salma hafði rétt fyrir sér, hann hafði áhyggjur af ástæðulausu. Hann stóð upp til að fara en skær liturinn á bókarkilju á náttborðinu náði athygli hans og hann teygði sig í hana. Þetta var bók um íslömsk stjórnmál. Þegar hann blaðaði í gegnum hana tók hann eftir lélegum prentgæðum og að textinn var útataður í stafsetningarvillum. Hvernig gat Noura ómakað sig yfir þessu? Hann fleygði kiljunni til baka á náttborðið þar sem hún lenti á öðrum doðranti. Þetta bindi var innbundið úr leðri. Larbi hallaði höfðinu til hliðar til að lesa á kjölinn. Þetta var *Ma'alim fi Ttariq* eftir Sayyid Qutb, egypskan andófsmann og meðlim í Bræðralagi múslima. Hann efaðist um að Noura, sem hafði verið kennt í Lycée Descartes, gæti jafnvel lesið svona flókna klassíska arabísku í svona bók, en að bókin væri á náttborðinu hennar fékk hann til að leita örvæntingarfullt um herbergið eftir fleiri vísbendingum. Við hliðina á hljómfletningstæki hennar fann hann stafla af kassetum, og þegar hann spilaði eina reyndist hún vera löng skýring á réttarkerfinu krydduð með stuttum

harðorðum skammaræðum um skort siðgæðis hjá ungu fólki. Hann gat ekki fundið neitt annað óvenjulegt.

Þegar Noura kom heim í hádegismat beið hann eftir henni inn í stofu. „Hvað er þetta?“ spurði hann, og hélt uppi bókinni eftir Sayyid Qutb.

„Varstu að fara í gegnum dótið mitt?“ sagði Noura, og leit út fyrir að vera hissa og sár.

„Hlustaðu á mig. Ég segi þetta aðeins einu sinni. Þú átt ekki að hitta þessa stelpu, Faten, lengur.“

„Af hverju?“

„Mér líkar ekki hvað hún er að gera þér.“

„Hvað er hún að gera mér, *Baba*?“

„Ég vil ekki þessa stelpu inn í húsið mitt framar. *Safi!*“

Noura leit fjandsamlega á hann, snerist á hæli, og fór út úr herberginu. Þegar þernan bar fram hádegismatinn sagði Noura að hún væri ekki svöng. Larbi lét þetta sig engu skipta. Betra er barn í fýlu en það sem kemst í vandræði.

ÞAÐ VAR AÐEINS nokkrum vikum síðar, daginn fyrir Ramadan, að Noura tilkynnti þeim ákvörðun sína. Salma var á þönum fram og tilbaka úr eldhúsinu þar sem þernan var að rista sesamfræ í ofninum fyrir *briwat* sætabrauðið sem hún ætlaði að baka fyrir þennan heilaga mánuð. Larbi var að skoða myndir sem Nadir hafði sent af íbúðinni sem hann hafði nýlega flutt inn í með vini sínum, og honum var meira skemmt en hitt yfir því að sjá ekki fartölvuna sem strákurinn hafði sagst þurfa.

„Þú spillir honum,“ sagði Salma.

„Hann ætlar að ná sér í meistaraþráðu,“ svaraði Larbi.

Noura gekk inn í borðstofuna og settist við morgunverðarborðið. „Ég hef ákveðið að byrja að ganga með *hijab*.“ Salma teygði sig eftir hönd dóttur sinnar og velti um kaffibollanum sínum. Hún ýtti stólnum frá borðinu og notaði servéttuna sína til að þurrka óhreinan borðdúkinn.

„Hvað? Af hverju?“ Spurði Larbi og fleygði myndunum á borðið.

„Af því að Guð segir okkur að gera það. Það segir svo í Kóraninum,“ svaraði Noura.

„Síðan hvenær vitnar þú í Kóraninn?“ sagði hann og þvingaði sig til að brosa.

„Það eru aðeins tvö vers sem vísa í höfuðklútinn. Þú ættir að skoða þau í samhengi,“ rökræddi móðir hennar.

„Trúið þið ekki á að Kóraninn sé orð Guðs?“ spurði Noura.

„Auðvitað gerum við það,“ sagði Larbi, „en þetta voru aðrir tímar.“

„Ef þú ert ekki hlynntur *hijab* þá ertu ekki hlynntur Guði,“ sagði hún.

Hann hræddist sjálfstryggið í rödd hennar. „Og þú ert með beina símalínu til Guðs, er það?“ sagði hann.

Salma lyfti hendinni til að stoppa Larbi. „Hvað er hlaupið í þig?“ spurði hún dóttur sína. Noura leit niður. Hún elti flókið rúmfræðilegt mynstrið á rauðu mottunni með stóru tanni. „Þessi vers vísa til hógvæðar,“ hélt Salma áfram. „Og þar fyrir utan þá voru þetta heiðnir tímar *jahiliya*, en ekki tuttugasta og fyrsta öldin.“

„Boðorð Guðs eru sönn á hvaða tíma sem er,“ svaraði Noura og hnyklaði brýrnar. „Og á vissan hátt lifum við enn í *jahiliya*.“ Larbi og Salma litu á hvort annað. Noura dró aftur að sér andann, „Konur eru stöðugt áreittar á götum Rabat. Að bera *hijab* er vernd.“

Salma opnaði munninn til að svara, en það kom ekkert hljóð. Larbi vissi að konan hans var að hugsa um ungu mennina með hungruðu augun, hvernig þeir flautuðu þegar þeir sáu fallega stúlku, og hvernig þeir stríddu aldrei þeim sem voru með höfuðklúta. „Og hvað?“ sagði Larbi og rödd hans þegar orðin hávæ. Hann stóð upp. „Karlmennt kunna ekki að haga sér svo að nú verður dóttir mín að hylja sig? Þeir eiga að líta undan. Þetta er nefnilega líka í Kóraninum.“

„Ég skil ekki hvers vegna þetta er vandamál,“ sagði Noura. „Þetta er á milli mín og Guðs.“ Hún stóð líka upp og þau horfðu á hvort annað yfir borðið. Loks yfirgaf Noura borðstofuna.

Larbi var í áfalli. Einkadóttir hans klædd eins og fávís kotbóndi! En jafnvel bændur klæddu sig ekki svona. Hún var ekki að tala um að klæðast einhverjum hefðbundnum þjóðbúningi. Nei, hún vildi klæðnað nýs ættstofns Bræðralags múslima: höfuðklútur þéttbrotinn um andlit hennar, svipur alvarleika búinn að taka sér bólfestu í augum hennar. Dýrmæta dóttir hans. Hún liti út eins og þessir æsingamenn sem maður sér í beinni á fréttastöðvunum, reiðilegar augngotur, munnar galopnir, hnefar á lofti. En, reyndi hann að telja sér í trú um, kannski var þetta bara skammvinnur áhugi, kannski liði þetta allt hjá. Þrátt fyrir allt, þá var þetta ekki í fyrsta skipti sem Noura varð gagntekin af einhverju. Hún hafði verið ofstækisfullur talsmaður gegn reykingum. Hún hafði hent sígarettunum hans þegar hann sá ekki til, klippt myndir út úr bókum af lungum sem voru svört af tjöru og límt þær á ísskápinn. Á endanum gafst hún upp og lét hann í friði. Hún hafði líka haft röð áhugamála sem voru tekin upp af ótrúlegri ástríðu og svo yfirgefið einhverjum mánuðum seinna án nokkurrar ástæðu—skartgripagerð, safna boxum, flautan, táknmál. En hvað ef þetta var öðruvísi? Hvað ef hann missti hana í þessa ... blindni sem hún hélt að væri sýn?

Hann hugsaði um daginn, fyrir löngu síðan, þegar hann hafði næstum misst hana. Hún var aðeins tveggja ára. Þau höfðu farið á ströndina í Temara til að vera yfir daginn, og Nadir hafði beðið um ís. Larbi hafði kallað til eins sölumannana sem gengu fram og til baka á ströndinni. Hann hafði borgað fyrir kramarhúsin og fékk Salma einn ís og Nadir annan, en þegar hann sneri sér við til að gefa Nouru hennar uppgötvaði hann að hún var horfin. Þau höfðu leitað að henni tímunum saman. Hann mundi að andlit hans brann í sólinni, slagæðin neðst á hálsinum sló ákaft af ótta og áhyggjum, fætur hans bólgnir eftir að hafa gengið í sandinum. Hann mundi eftir tárunum sem streymdu stöðugt niður andlit konu hans þegar þau leituðu á ströndinni. Langt um síðir kom gömul kona með áttavíllt smábarnið á lögreglustöðina. Noura hafði farið að safna skeljum, og það tók gömlu konuna smá tíma að gera sér grein fyrir að litla stelpan sem sat þarna hljóð á klettunum var ein. Hann lofaði sjálfum sér að hann myndi aldrei aftur missa sjónar á henni, en skelfingin sem hann fann fyrir þann dag helltist nú yfir hann af svo miklum þunga að hann hneig niður í stólinn með hendurnar um höfuðið.

Stuttu seinna heyrði Larbi fótatak Nouru í andyrinu. Hann gat séð hana fyrir framan spegilinn, freknótt andlitið sneri að ljósinu sem kom frá stofunni, þar sem hún kom fyrir klút á höfðinu og batt hann undir hökunnni svo að hár hennar var fullkomlega hulið. Áður en hann gat hugsað um það sem hann var að gera, hentist hann að henni og reif af henni klútinn. Noura hljóðaði. Salma stóð upp frá borðstofuborðinu en kom ekki dóttur sinni til hjálpar.

„Hvað ertu að gera?“ æpti Noura.

„Þú ferð ekki út svona.“ Larbi henti klútinum á gólfið.

„Þú getur ekki stoppað mig!“

Larbi sagði ekkert. Hann vissi að hún hafði rétt fyrir sér, auðvitað, að hann gæti ekki lokað hana inni bara af því að hún vildi klæða sig eins og helmingur allra kvenna í borginni. Noura tók upp klútinn sinn og tók hljóðlega við að binda hann aftur á sig. Hún kvaddi og fór. Larbi sneri sér til að líta á konuna sína sem var enn jafn agndofa í framan og þegar Noura hafði tekið fyrst til máls.

FYRSTA KVÖLDIÐ á Ramadan, dró Salma fram fína stellið sitt og lagði sjálf á borð. Hún hafði sent þernuna heim til að fagna með sinni eigin fjölskyldu. Einn í einu bar hún fram réttina sem þær höfðu útbúið þennan dag: *harira* súpu með lambi, *behrir* drekkt í hunangi, sesam *shebbakiya*, fylltar döðlur með marsipani, og bakka af blönduðum hnetum. Larbi kallaði á Nouru að það væri kominn matur, og settist svo niður til að bíða eftir *adhani muezzinsins*, þeirri stundu þegar húma fer af degi, fastan myndi enda og þau gætu borðað. Loksins stakk Noura höfðinu inn og stóð daufleg í borðstofugættinni. Larbi leit á fallega hárið hennar, frjálslugu krullurnar sem náðu henni niður á bringu, sem voru eins og áminningin um það sem hún hafði valið sér að gera.

Sjónvarpsþulurinn birtist til þess að segja að sólin væri að setjast, hringing til bæna hljómaði í kjölfarið. Salma gaf Nouru ábendingu um að setjast. „Sestu svo að við getum borðað.“

„Ég brýt eingöngu föstu með vatni. Ég borða eftir að ég hef farið með *maghrib* bænina.“

Salma gaut augunum á Larbi. „Allt í lagi,“ sagði hann.

Noura bætti við, „Við eigum að vera með fábrotnar máltíðir á meðan Ramadan stendur yfir, ekki svona óhóf af mat.“ Hún benti á veisluborðið sem móðir hennar hafði útbúið.

Larbi fann hvernig matarlyst hans leystist upp. Þess í stað dauðlangaði hann í sígarettu og sterkan drykk. Helst viskú. Auðvitað var ekki sá staður í borginni sem myndi selja áfengi næstu tuttugu og níu dagana. Hann kyngdi með erfiðismunum. Þetta átti eftir að verða langur Ramadan. „Við bíðum eftir þér,“ sagði hann.

Noura snéri sér við til að fara, en snéri sér svo aftur við, „Jæja, kannski bara smá bita af *shebbakiya*,“ sagði hún. Hún tók góðan bita af sælgætinu.

„Sagðir þú ekki að þetta væri allt of mikill matur?“ spurði Salma.

Fjölskyldan borðaði án þess að tala. Undanfarin ár hafði þetta fyrsta kvöld verið sérstakt: vinir og fjölskylda voru vön að sitja í kring um borðið, skiptast á sögum um föstuna sína og njóta máltíðarinnar, en Larbi hafði haft alltof miklar áhyggjur upp á síðkastið til að hafa munað eftir að bjóða einhverjum.

ÞETTA VAR ENN eitt þurrka árið – nóvemberlok og engin rigning. Þegar hann virti fyrir sér dagatalið á borðinu tók Larbi eftir að lokadagur fyrir NYU umsóknina var að nálgast. Hann hafði allavega framtíð Nouru að hlakka til, hugsaði hann, jafnvel þótt það væri erfitt núna. Síðan hún hafði tekið upp á því að bera *hijab* hafði hann hætt að minnast á hana í vinnunni. Honum fannst það fyrir neðan virðingu manns í hans stöðu að eiga dóttur með höfuðklút, og hann svaraði einungis stuttlega þeim í ráðuneytinu sem spurði hann um dóttur hans.

Eftir vinnu fann hann hana inn í herberginu sínu með móður sinni önnum kafinni við að hengja upp ný gluggatjöld. Hann spurði hana hvort hann mætti lesa ritgerðina hennar áður en hún sendi hana af stað.

„Ég sæki ekki um,“ svaraði hún. Hún renndi síðasta gluggatjaldshringnum upp á mahónístöngina.

Larbi hvessti augun á hana. „Af hverju ekki?“

„Af því að ég vil færa mig úr háskólanum í lok næsta árs. Ég ætla að verða kennari í gagnfræðiskóla.“

„Hvað varð um áform þín um að læra hagfræði?“ spurði Salma og settist niður.

„Marokkó þarfnast mín. Þið tvö eruð alltaf að tala um skortinn á kennurum,“ sagði Noura.

„Ertu búin að tapa glórunni? Þú ert ekki að fara að leysa þennan vanda um skort—“

„Er ég vitlaus að vilja hjálpa landinu mínu?“ Hún sneri sér í burtu og klifraði upp á skrifborðið til að koma stönginni í festingarnar.

„Heyrðu, það verður meiri hjálp í þér sem hagfræðingi heldur en kennara,“ sagði Larbi. „Þetta er þessi vinkona hennar,“ bætti hann við, og sneri sér að konunni sinni. „Hún hefur fyllt höfuð hennar með þessum hugmyndum og nú getur hún ekki hugsað sjálfstætt.“

„Það er enginn sem hefur heilaþvegið mig,“ sagði Noura, þar sem hún stóð við hliðina á glugganum með kvöldbirtuna í hárinu. „Það er alltof mikil spilling í kerfinu, og ég vil verða hluti af lausninni.“ Larbi velti fyrir sér hvort hún ætti við hann. Nei, það var óhugsandi. Hann hafði alltaf haldið viðskiptum sínum leyndum fyrir konu sinni og dóttur. Eigi að síður fannst honum best að svara ekki. Noura stökk niður af skrifborðinu. „Þar fyrir utan, af hverju að fara í skóla til Bandaríkjanna þegar ég get alveg jafn auðveldlega stundað námið hérna?“

„Til að öðlast reynslu, barn,“ sagði Salma.

„Og þú heldur að fólk í Ameríku eigi eftir að vilja mig?“ sagði Noura með hækandi röddu. „Ameríkanar hata okkur.“

„Hvernig veistu það þegar þú hefur aldrei verið þarna?“ spurði Salma. „Bróðir þinn hefur aldrei kvartað. Af hverju talar þú ekki við hann?“

„Hann er í Kanada,“ hreytti Noura út úr sér, eins og móðir hennar gæti ekki séð muninn.

„Segir þitt Íslam þér ekki að þú eigir að hlusta á föður þinn?“ spurði Larbi.

„Aðeins ef faðir minn er á hinni réttu leið.“

„Til hamingju, þá. Þú ein ert á hinni réttu leið,“ sagði hann.

„*Baraka!*“ sagði Salma. Hún stóð up. „Hvað um öll þau ár sem þú varðir í að læra ensku? Öll áformin sem þú hafðir?“

„Mig langar virkilega að verða kennari,“ sagði Noura.

„Hugsaðu vandlega um hvað þú ert að gera, *ya* Noura. Fólk á þínum aldri myndi vilja gera hvað sem er fyrir svona tækifæri og þú ert að sólunda því.“

„Ég vil vera kyrr,“ sagði Noura og dró nýju gluggatjöldin fyrir.

SALMA FÉKK ÞÁ HUGMYND að bjóða Faten í kvöldmat. Larbi hafði samþykkt, treglega í fyrstu, en svo möglunarlaust, hugsaði að kannski gæti hann talað eitthvað vit í dóttur sína ef hann skildi vinkonu hennar eitthvað betur. Það var laugardagskvöld og það var lagt á borð með nýjum borðbúnaði sem Salma hafði keypt. Larbi sat við endann á borðinu með Nouru sér á vinstri hönd. Salma sat við hægri hönd hans undir innrammaðri skuggamynd sem var útgáfa af henni sjálfri á yngri árum. Á hveitibrögðsdögunum þeirra í París fyrir einhverjum tuttugu og fimm árum síðan höfðu þau farið á Montmartre þar sem listamaður hafði talið þau á að gera skuggamyndir af þeim. Þegar hann vann með skærin ýkti gamli maðurinn stærð brjósta hennar, þá hafði Salma hlegið og gefið honum ríflegt þjófú.

Faten sat á móti Larbi, við hinn borðsendann, og leit út fyrir að vera róleg og sátt. Augu hennar voru gulbrún á lit, þrýstnar varir, og húðin svo ljós að það virtist sem öll birtan í herberginu beindist að henni. Hún var, með öðrum orðum, falleg. Þetta gerði Larbi fokillan. Guð er fallegur, og Hann elskar fegurð, svo af hverju að hylja hana undir öllum þessum klæðum?

Þernan bar fram aðalréttinn, kjúklingapotttrétt með svörtum ólífum og saltmarineruðum sítrónum. „Takk fyrir, uum ...“ sagði Faten og leit upp.

„Mimouna,“ sagði þernan og skáskaut augunum á Larbi.

„Takk fyrir, Mimouna,“ sagði Faten.

„Fyrir heilsu þinni,“ svaraði Mimouna brosandi.

Larbi byrjaði að borða og gaut augunum reglulega til Faten. Hann var vægast sagt ánægður að taka eftir ummerkjum um lélegt uppeldi – hún hafði lagt hnífinn sinn aftur á borðið þrátt fyrir að vera búin að nota hann. Eftir að viðeigandi langur tími hafði farið í það að borða og það lof um matinn sem vænta mátti, ræskti Larbi sig. „Hversu gömul ert þú, barnið mitt?“ spurði hann með eins blíðum rómi eins og hann mögulega gat gagnvart stúlkunni.

„Nítján,“ svaraði Faten.

„Noura sagði mér að þú sért að endurtaka þetta skólaár,“ sagði hann.

Noura skaut augunum þirruð á föður sinn.

„Það er rétt,“ sagði Faten.

„Það var leiðinlegt að heyra. Þetta hlýtur að hafa verið erfitt.“

Noura skellti gafflinum sínum á brúnina á disknum og setti hendina undir hökuna. Hún starði reiðilega á föður sinn.

Salma greip inní. „Ertu frá Rabat?“ spurði hún Faten þægilegum rómi.

„Ég fæddist hérna en ég ólst upp í Agadir. Það eru aðeins fjögur ár síðan ég kom aftur.“

„Og hvar búa svo foreldrar þínir?“ spurði Larbi.

„Ég bý hjá móður minni.“ Rödd Faten hafði lækkað um áttund. „Í Douar Lhajja.“

Salma tók upp brauðkörfuna og bauð Faten. „Fáðu þér meira,“ sagði hún.

„Leyfðu mér að spyrja þig um svolítið,“ sagði Larbi. „Ef einhver myndi gefa þér tækifæri á að stunda nám í New York, myndirðu taka því?“

„Ekki aftur,“ andvarpaði Noura. En samt virtist hún hafa áhuga á því hverju vinkona hennar myndi svara, því að hún snéri sér og beið eftir svari.

Faten deplaði. „Enginn hefur boðið mér neitt.“

„En ef einhver gerði það.“

„Ég myndi vilja vita af hverju sá væri að bjóða þetta. Enginn gefur neitt án þess að vilja eitthvað í staðinn. Það er vandamálið við sumt af unga fólkinu.“

Larbi fann að von var á fyrirlestri frá Faten svo hann kallaði á þernuna og bað um meira vatn. Mimouna kom með aðra flösku af vatni og fyllti á glasið hjá Faten, en hún fór án þess að fylla á hjá Larbi. „Hvað ætlar þú að gera eftir útskrift?“ spurði hann Faten.

„Ég er ekki viss ennþá. Þetta er allt í höndum Guðs.“

„Þessi dóttir mín hérna vill hætta í skóla, gefa það upp á bátinn að fara í New York háskóla, og fara að kenna í þorpunum.“

Faten brosti með velþóknun. „Hún mun gera heilmikið gagn.“

„Heldur þú ekki að erlend gráða myndi vera betri fyrir hana?“

„Nei, það held ég ekki. Mér finnst vera skömm að því að við tökum alltaf erlendar gráður fram fyrir okkar eigin. Við erum svo blinduð af ást okkar á Vesturlöndunum að við erum tilbúin að gefa þeim okkar gáfuðustu í stað þess að halda þeim hér þar sem við þurfum á þeim að halda.“

„Ef þú heldur að það að kenna í gagnfræðaskóla sé svo gott af hverju ferðu þá ekki með Nouru?“ spurði Larbi.

„Það getur bara vel verið að ég geri það,“ sagði Faten glaðlega, „enda þótt, ef ég segi eins og er, að ég er ekkert sérstaklega lagin við börn.“ Handahreyfing hennar lýsti fyrirleitningu þegar hún talaði gerði hann dapran. Hann var að missa stjórna á dóttur sinni til þessarar stelpu, sem virtist ekki kæra sig nóg um hana til að vilja fara með henni. Faten ýtti diskinum frá sér. „Þú hlýtur að vera svo stoltur,“ sagði hún. Af öllu því sem hún hefði getað sagt reiddi þetta hann mest. Hann sagði ekkert það sem eftir var máltíðarinnar og stóð ókurteis upp frá borðinu áður en teið var borið á borð.

Hann var úti að reykja sígarettu þegar Salma renndi glerhurðunum opnum og kom út á veröndina honum til samlætis. Hún settist á smíðajárnstólinn við hlið hans og þau horfðu á blómstrandi palisandertrén sem mynduðu röð aftast í bakgarðinum. Loks sagði Salma. „Hvað ætlar þú þér að gera varðandi þetta?“ Það vottaði fyrir ásökun í rödd hennar sem gerði það að verkum að Larbi langaði til að öskra.

„Núna viltu að eitthvað sér gert?“ spurði hann.

„Ég vissi ekki að þetta myndi fara á þennan veg.“

Larbi tók smók af sígarettunni. „Hvað finnst þér þá að ég ætti að gera, *a lalla?*“

„Ég veit það ekki. Gerðu bara eitthvað,“ sagði Salma.

Hann gat ekki fengið það af sér að segja henni að hann væri nú þegar búin að biðja Si Tawfiq um aðstoð, og að vinur hans hafði sagt að það væru engar

lögregluskýrslur til um Faten. Hún var meðlimur í íslömsku Stúdentasamtökunum en rannsóknin hafði ekki leitt neitt ólöglegt í ljós. Tawfiq sagði að hann skyldi hafa auga með henni. Það eina sem þau gátu gert núna var að bíða.

MÁNUÐIR LIÐU. Prófatíminn var annasamur tími hjá ráðuneytinu, þannig að þegar Si Raouf hringdi dyrabjöllunni á heimilinu hélt Larbi að það væri eitthvað vinnutengt og vonaðist til að geta gert fljótt út um það svo að hann gæti losnað við hann áður en talið bærisk að Nouru. Larbi þekkti Si Raouf frá því að hann var umsjónarmaður menntamála. Raouf hafði verið kennari en kláraði að lokum doktorsgráðuna sína og var núna lektor við háskóla Nouru. Í dag var Raouf með þetta úttaugaða útlit sem hann var alltaf með á þessum tíma árs, þegar hann þurfti að fara yfir hundruð ritgerða háskólanema á fyrsta ári og gefa einkunnir fyrir. Þernan bar fram te en hvorugur snerti á glasinu sínu.

„Það varðar Nouru, Si Larbi,“ sagði Raouf, augun litu flöktandi undan, rödd hans bar keim af taugaóstyrk. „Hún laumaði miða til einhvers.“

Larbi fann hvernig magi hans herptist saman. „É-ég skil ekki,“ hvíslaði hann.

„Eins af nemendunum—Faten Khatibi heitir hún—hún lét miða ganga til Nouru með spurningum og Noura sendi henni svörin til baka.“

„Svindlaði hún?“ Salma hljómaði vantrúuð.

„Hún hjálpaði einhverjum að svindla,“ sagði Raouf, til að reyna að draga úr áfallinu. „Þetta varðar við brottrekstur. En við erum vinir, og ég vildi vara ykkur við. Ef þetta gerist aftur hjá öðrum prófstjóra gæti það orðið vandamál.“

Larbi fylgdi kennaranum út. Þar næst sneri hann sér við og þrammaði að herbergi Nouru og svipti upp hurðinni án þess að banka. Noura var við skrifborðið. Hann þreif í handlegg hennar. Hún stóð upp.

„Svindlar á prófi? Er það svona sem þú launar okkur eftir allt það sem við höfum lagt í sölurnar fyrir þig?“ sagði Larbi.

„H-ha?“

„Hvernig get ég nokkurn tímann aftur sýnt andlit mitt í ráðuneytinu?“ öskraði hann. „Mín eigin dóttir verður uppvís að því að svindla á prófunum!“

„Ég var bara að reyna að hjálpa Faten. Hún vissi ekki svörin—“

„Hjálpa henni? Heldur þú að þetta sé leikur að orðum? spurði Salma. „Þú hjálpaðir ekki. Þú svindlaðir.“

„É-ég gat ekki sagt nei. Hún grátbað mig.“

„Þú prédikar yfir okkur um hvað er rétt og hvað er rangt og svo svindlar þú í prófum þínum. Hefur þú einhverntíman opnað hina heilögu bók eða færðu allt í gegnum Faten sem millilið?“ spurði Salma.

„Ef ég heyri einhverntíman eitt einasta orð um þá fjadans stelpu, þá sver ég að ég læsi þig inni í herberginu þínu,“ sagði Larbi. „Ég vil ekki heyra eitt orð varðandi mannorð mitt, heyrirðu það?“

„Allir svindla. Allir.“ Noura leit beint í augu hans, og hann gat ekki staðið undir því. Hann hafði alltaf haldið leyndum þeim greiðum sem hann gerði fyrir vini sína, en hann grunaði að hún vissi það einhvernvegin.

„Það er samt ekki í lagi,“ sagði Salma.

Noura hvarf inn í herbergið sitt næstu tvo daga á eftir, birtist aðeins til að horfa á sjónvarpsþætti um trúarbrögð og lög trúarinnar sem kallaðist *Spyrjið Muftíinn*. Hún missti aldrei af þætti. Það varð fastur liður hjá henni að koma og sitja í fjölskylduherberginu þegar þátturinn var í gangi, augu hennar sem negld við skjáinn. Fólk hringdi inn með margskonar spurningar, allt frá alvarlegum („Hvað er viðeigandi

leið til að reikna út *zakat* ölmusur?“) að einföldum („Hvernig fullkomna ég pílagrímsförina?“), og Noura horfði á þetta allt saman. Þennan dag hringdi einhver til að spyrja, „Er leyfilegt að nota munnskol þrátt fyrir að það innihaldi áfengi?“ Noura leit á gamla *mufítinn* með mikilli eftirvæntingu. Skyndilega greip Salma fjarstýringuna og skipti um stöð. Þegar Noura hrópaði hissa upp yfir sig, sagði Salma, „Ég trúi því ekki að þú hafir áhuga á kjánalegum smáatriðum um munnskol þegar þú getur ekki einu sinni séð neitt athugavert við að svindla á prófum.“ Larbi hló, en hann var yfirkominn af biturð. Ef aðeins hann gæti náð þessari fjandans stelpu frá dóttur sinni, kannski gæti hann sannfært Nouru um að heimsækja frænku sína í Marrakesh—dvöl í þessari suðrænu borg gæti gert henni eitthvað gott. En fyrst þyrfti hann að eiga við Faten í eitt skipti fyrir öll. Hann tók upp símann. Það var enn verið að gefa einkunnir fyrir prófin og það var enn tími til að bregðast við. Hann þurfti einhvern sem hann gat treyst til að eiga við Faten, og hann vissi að Raouf myndi ekki bregðast honum.

LARBI SAT VIÐ snyrtiborð konu sinnar, og snyrti yfirvaraskeggið, á meðan Salma braut saman þvottinn. Hann fann skyndilega fyrir fortíðarþrá og vildi spyrja hana um þessa daga innblásturs þegar þau voru bæði ung og heimurinn lá fyrir fótum þeirra og þau áttu stóra drauma um réttlætið. Hann hafði byrjað sem kennari og hún sem lögfræðingur, en á meðan hún var enn að verja dögum sínum í að reyna að hjálpa viðskiptavinum, hafði hann klifið metorðastigann og verið ráðinn í stjórnunarstörf og ekki staðist freistingarnar sem því fylgdu. Hvað hafði komið fyrir hann, vildi hann spyrja. Honum fannst hann hafa brugðist þrátt fyrir að hann vissi ekki hvernig það hafði gerst. Hann heyrði bankað á hurðina. Það var Noura. „Ég náði prófunum mínum,“ tilkynnti hún brosandi.

„*Mbarek u messud*,“ sagði Salma hljómlausri röddu, og hélt svo áfram að brjóta saman fötin. Venjulega hefði hún tekið utan um Nouru; hún hefði lagt hönd sína að efri vörinni og hleypt út nokkrum gleði-ópum, en núna hljómaði hún engu hamingjusamari en ef dóttir hennar hefði tilkynnt henni að henni hefði tekist að hengja upp málverk.

„*Baba*, mig langar að biðja þig um greiða,“ sagði Noura. Larbi lagði frá sér skærin og snéri sér að henni. „Það kom upp vandamál. Faten féll á prófunum sínum ...“ Rödd hennar fjaraði út.

„Og?“ spurði Larbi, án undrunar.

„Sko, hún féll á þeim í fyrra þannig að þetta þýðir að henni verður vísað brott núna. Hún veit ekki hvað hún á að gera.“

Salma stóð, herðatré í hendinni, og benti á Nouru. „Hvað ert þú að fara með þessu?“ spurði hún.

„Hvað verður um hana? Það eru svo margir háskólamenntaðir atvinnulausir, en án gráðu verður möguleiki hennar á því að finna einhvern tímann vinnu ... Þetta er svo óréttlátt—“

„Ég skil ekki hvað þetta hefur með mig að gera,“ sagði Larbi.

„Ég hélt kannski að þú gætir greitt úr þessu. Þú ert með sambönd og hún spurði mig hvort þú gætir hjálpað til,“ sagði Noura. Augu hennar hvörfluðu frá honum augnablik og hvíldu svo á honum aftur.

Larbi brosti biturlega. Hérna var hún, hreinstefnumanneskjan, harðlínumanneskjan, óspillanlegi aðgerðarsinninn, sem á endanum vildi fá sérmeðferð fyrir vinkonu sína, alveg eins og allir aðrir. „Ekki meira tal um gáfumannaveldi?“ spurði hann. Noura leit niður. Hann þagnaði til að njóta augnabliksins þrátt fyrir að hann vissi hversu skammvinnnt það yrði. Hversu oft hafði hún synjað honum þegar hann bað hana

um að taka andskotans klútinn niður og verða aftur eins og hún var? Hvað um draum hans um að sjá hana með útskriftarhúfu og í skikkju frá New York háskóla? Hann verkjaði í hjartað bara við tilhugsunina. Núna var komið að henni að vera í hlutverki þess sem biður. „Ég held ekki að það sé mögulegt. Það myndi krefjast brots á lögunum. Fullkomnlega óíslamskt, eins og þú veist vel,“ sagði hann.

„Þegar þú leikur þér að eldinum brennir þú þig,“ sagði Salma um leið og hún lokaði hurðunum að klæðaskápnnum. Noura starði reiðilega á hana og yfirgaf svo herbergið.

Larbi sneri sér á stólnum og horfði á spegilmynd sína um stund. Hann hafði líka leikið sér að eldinum, en kannski hafði hann nú þegar brennt sig. Þegar hann teygði sig aftur í skærin tók hann eftir smáskjóðu úr flaueli sem fleygt hafði verið inn á milli ilmvatnsglasanna. Hann tók hana upp í lófann og opnaði. Í henni var talnabandið sem hafði slitnað, fyrir einhverjum árum síðan að því er virtist, og sem Salma hafði geymt hérna fyrir hann. Hann gat ekki annað en hugsað um móður sína, fyrir henni fóru dyggð og trú saman hönd í hönd, og um tíma þegar hann trúði líka að slík tengsl væru eðlileg.

„Ég veit að ég ætti ekki að vera ánægð með eynd annara,“ sagði Salma. „En það gleður mig að Faten var vísað brott. Hér eftir ætti Noura að minnsta kosti ekki eftir að hitta hana eins mikið í skólanum.“

Hvar hafði hann villst af leið? Hann hafði alltaf haft hagsmuni Nouru í fyrirrúmi. Hvað var svona slæmt við líf hennar áður? Hún átti allt til alls, og hún var hamingjusöm. Af hverju þurfti hún að snúa sér að trúnni? Kannski var það fjarvera hans af heimilinu, drykkjuhneigð hans, eða kannski voru það allar múturnar sem hann þáði. Það gæti verið hvað sem er af þessu öllu. Einhvern veginn var við hann að sakast. Eða í raun gæti það verið ekkert af þessu. Þegar öllu var á botninn hvolft þá skipti það ekki

máli, hann hafði misst hana aftur, og í þetta skipti vogaði hann sér ekki að vona að einhver myndi færa honum hana aftur.

„Heldur þú að það hjálpi?“ spurði Larbi eiginkonu sína.

Salma hristi höfuðið. „Ég veit það ekki.“

Strætóferðir

DAGINN EFTIR AÐ MAATI barði hana með framlengingarsnúru, pakkaði Halima Bouhamsa niður eitthvað af fötum og tók strætisvagninn að húsi móður sinnar í Sidi Belout, nálægt gamla bæjarhlutanum í Casablanca. Snúran hafði skilið eftir upphleyptar bólgurákir á handleggjum hennar og andliti og hún gat ekki falið þær með heimiliskyrtlinum. Hún var komin að hurðinni að stúdíóbúðinni, með pakka af *La Ménara* tei í höndunum sem friðþægingu, og stóð hikandi um stund. Móðir hennar yrði ekki ánægð að sjá hana en hún gat ekki ímyndað sér hvert annað hún gæti leitað. Hún bankaði.

„Aftur?“ sagði Fatiha móðir hennar.

Halima kinkaði ekki einu sinni kalli. Hún gekk framhjá Fatihu og inn í íbúðina, þar sem lyktin af kamfórukúlum frá þrifum síðustu viku hékk enn í loftinu. Ræmur sólarljóss brutust í gegnum lokaða hlerana og mynduðu þokukennda rimla á beru gólfinu. Á veggnum á mótí var brúnleit mynd af föður Halimu, eini arfurinn sem hann lét eftir sig eftir áralanga baráttu við lungnakrabbamein. Í horninu var ferðasjónvarp, gjöf frá bræðrum Halimu sem báðir voru fluttir til Frakklands. Hún lét töskuna sína falla á gólfið og gekk að þröngu eldhúsinu.

„Hvað gerðist núna?“ spurði Fatihma.

„Hann drakk fyrir leigupeninginn?“ Halima fór úr *jellabanum* og afhjúpaði munstraða ullarkjólinn og bláa beltið um grannt mittið. Hún var tuttugu og níu ára, en dökku förin á andliti hennar gerðu hana mun eldri. Hún settist á stól með hendurnar undir hökunni.

Fatiha kveikti á gaskútnum og setti ketilinn yfir. „Guð er með þeim sem eru þolinmóðir,“ sagði hún.

Halima velti því fyrir sér hvort að það eina sem Guð vildi fá frá sínu fólki væri þolinmæði. Hafði hún ekki þjáðst nógu lengi? Hún var viss um að Drottinn vildi líka að Hans fólk væri hamingjusamt, en hún gat ekki komið með orðatiltæki sem tilsvor eins og mamma hennar gerði alltaf.

Ketillinn flautaði. Fatiha gerði könnu af mintutei og bar það fram á lágt, kringlótt borðið. Halima tók glasið sitt og hélt þétt um það með sprungnum höndunum. „Ef ég læt hann ekki fá pening til að drekka fyrir þá stelur hann þeim frá mér.“

„Kona verður að vita hvernig á að ráða við eiginmann sinn,“ sagði Fatiha ásakandi. Hún settist niður, þrýstinn bakhluti hennar vall út yfir hliðar stólsins. „Sjáðu til, ég ætla að láta þig hafa svolítið frá nýju seiðkonunni sem ég fór til um daginn. Passaðu þig á að setja það í mat Maatis í þetta skipti. Hann verður eins og hringur á fingri þínum. Þú getur snúið honum hvernig sem þú vilt.“

„Kukl þitt virkar ekki.“

„Það er af því að þú fylgir ekki leiðbeiningunum mínum.“

„Ég vil skilnað.“

Fatiha skellti hönd á læri sér og við það helltist teið á borðið. „Bölvaður sé Satan,“ sagði hún. „Hvernig ætlarðu að ala börnin?“ Hún þurrkaði í burtu teið með blautri tusku.

„Ég geri það nú þegar. Heldur þú að það dugi til að fæða þau það sem hann lætur mig hafa?“

Maati vann fyrir sér með því að keyra leigubíl fyrir kaupsýslumann fyrir utan miðbæinn, en það var lítið eftir þegar búið var að greiða reikninginn á barnum. Halima

tók að sér húsvarðarstöðu tvisvar í viku og vann sér inn auka tekjur með því að selja útsaum til nágranna og vina. Hún leit á móður sína með mótþróablandinni eftirvæntingu.

„Barn, vertu þolinmóð við manninn þinn,“ sagði Fatiha. „Sjáðu hvað kom fyrir Höddu.“ Hadda var nágrenni Halimu í kofunum í Zenata. Eiginmaður hennar hafði tekið saman við aðra konu en neitaði henni um skilnað. Hún hafði leitað til dómstólanna, en hann mætti aldrei í réttarhöldin. „Núna býr hún ein. Hún er eiginlega hvorki gift né frjáls til að giftast aftur.“

„Beta en að búa með hórusinginum.“

„Sjáðu? Þess vegna lemur hann þig. Þú rífur kjaft.“

Halima andvarpaði hátt, en móðir hennar lét sig það að engu varða. Fatiha stóð upp og þurrkaði af nýja örbylgjuofninum sem synir hennar komu með þegar þeir voru síðast í heimsókn. Hún lagaði til hekludu dúlluna sem hún var með uppi á ofninum.

„Ég er ekki eins og Hadda,“ sagði Halima.

„Það er rétt,“ sagði Fatiha. „Þú átt börn.“

Halima tók niður hárið og batt það taugaóstyrk í hnút. Hún fyllti aftur glas móður sinnar, „Hversu mikið ætlaði þessi seiðkona þín að taka?“

„Fimmtán hundruð dírhöm,“ sagði Fatiha.

Halima hló lágt. „Ég gæti alveg eins gefið Maati peningana. Ég gæti keypt hann til að veita mér skilnað.“

„Jafnvel þó þú gerir það, þá mun hann aldrei láta þig fá börnin.“

Halima nagaði á sér þumalinn. „Þá múta ég dómaraum,“ sagði hún, og lyfti hökunni. Hún beið til að sjá hvort að móðir hennar myndi segja eitthvað, myndi gera lítið úr þessari hugmynd eins og hún hafði gert gagnvart öllum hinum.

Fatiha fussaði. „Þú gætir ekki mútað ómerkilegum ritara fyrir þennan pening.“

Halima starði fram fyrir sig, reyndi að halda aftur af tárunum sem hún fann að voru að koma.

„Leyfðu mér að fara með þig til þessarar seiðkonu,“ sagði Fatiha blíðlega.

„Hverju hefurðu að tapa?“ Halima leit á andlit móður sinnar, hvernig varir hennar höfðu skyndilega mýkst, og velti fyrir sér hverjum hún ætti að treysta, dómstólunum eða galdrafólkinu.

ÞAÐ TÓK EINHVERJAR VIKUR og þrjár aðrar barsmíðar, sú nýlegasta aðeins í gær, áður en Halima gat safnað peningunum til að heimsækja seiðkonuna sem móðir hennar hafði mælt með. Hún tók strætisvagninn til baka til Zenata og náði heim í tæka tíð til að útbúa kvöldmatinn. Hún ætlaði að gera *rghaif*. Það yrði fullkomin leið til að leysa upp smáskammtinn af duftinu sem seiðkonan hafði selt henni í deiginu. Á meðan Halima hnoðaði deigið, heyrði hún hljóðið í *muezzinunum* að hvetja hina trúuðu til kvöldbæna. Hún kveinkaði sér við tilhugsunina um hvað hún væri að fara að gera: þetta var alvarleg synd, að nýta sér seiðkonur. En samt sem áður, þá var búið að eyða peningunum, og ef aðgerðir voru í raun dæmdar eftir hvers *niyyah*, þá var hún nú þegar búin að syndga með því að ætla sér að nota seið svo að hún gat alveg eins lokið við þetta. Um leið og fyrsta *rghifaið* var tilbúið, smakkaði hún það, og við það brenndi hún sig í tungunni. Duftið gerði það meira gult, en bragðið virtist ekki vera öðruvísi. Hún grillaði restina af *rghaifinu* og útbjó könnu af tei. Það var sterkt, með meira af tei en mintu, alveg eins og Maati vildi hafa það.

Hún tók fötin af snúrunni í bakgarðinum og bar þau inn í eina svefnherbergið, sem var dimmt og rakt án glugga. Hún gekk frá þeim í fataskápinn sem hallaðist upp að

ómáluðum steinveggnum vegna valtra fótanna, og lagfærði lakið sem aðskildi rúm hennar frá rúmi barnanna um leið og hún gekk út. Hún fór inn í eldhúsið og rúllaði hringborðinu fram á kantinum, og fór með það niður í bakgarðinn, á milli dívansins og bílsætanna sem börnin höfðu bjargað af ruslahaugnum nokkrum götum neðar. Þegar rigndi varð fjölskyldan að borða í eldhúsinu, hlið við hlið á bambusmottunni, en í dag var sólríkt og þau gátu snætt kvöldmatinn sinn við dagsbirtu. Engin þörf var á því að nota gaslampann.

Dóttir Halimu, Mouna, kom fyrst heim. Flétturnar sveifluðust sitt hvoru megin á höfði hennar þegar hún ýtti málmhurðinni upp. Halima greip andann á lofti. Með sitt háa enni og arnarnef var Mouna mjög lík föður sínum. Hún spurði hvort að hún mætti fara til nágrannanna í mat. Halima renndi handleggnum um mitti dóttur sinnar. „Vertu hérna hjá mér,“ sagði hún.

„Getum við þá borðað núna?“ spurði Mouna í vælutón.

„Við verðum að bíða eftir föður þínum.“

Mouna andvarpaði, hátt, með tilþrifum. Strákarnir voru orðnir óstýrilátir— undanfarið var Farid farinn að rífa kjaft—en, Mouna var gott barn, hún myndi ná langt hugsaði Halima. Hún gæti fengið allt sem Halimu hafði langað til að fá fyrir sjálfa sig— ef fjölskyldan gæti aðeins komist burt úr þessu fátækrahverfi, með sín skítugu húsasund þar sem unglingar sniffuðu lím á daginn og flæktust um í klíkum á kvöldin.

Yngri bræður Mounu, Farid og Amin, gengu inn og hentu frá sér skólatöskunum á gólfíð. Börnin þrjú ákváðu að spila á spil. „Ekki svindla,“ minnti Amin á, sá yngsti. Þau sátu á jörðinni í sólskinsbletti og byrjuðu að spila. Yfir þeim dönsuðu flugur í eilífðarhring.

Í einhverja daga eftir að hafa barið Halimu var Maati með ólund. Klukkustundir liðu hjá þar sem hún beið eftir afsökunarbeiðni frá honum eða að hann talaði við sig; en hann gerði það aldrei og hún gafst upp á að bíða sem endaði á því að hún fór að hughreysta hann, eins og það hefði verið hann sem var barinn. En í kvöld kom hann með afsökunarsvip á andlitinu. Hann leyfði henni að sitja á díváninum með börnunum og settist sjálfur í bílsætið, og bar fram teið. Halima fylgdist með honum þegar hann borðaði *rghaifið* sitt, klára hvert stykki í aðeins þremur bitum. Eitt sem hægt var að segja um hann var að hann var með heilbrigða matarlyst. Ef aðeins hann hefði hjálpað til í stað þess að drekka fyrir peningana sína og hennar. „Þetta er ljúffengt,“ sagði hann, með bros á vör.

Eftir kvöldmat hreinsaði Halima af borðinu og sendi börnin út að leika sér. Hún var við eldhúsvaskinn þegar Maati kom upp að henni og vafði öðrum handleggnum utan um axlir hennar. Hann kyssti hana á hálsinn og hún fann hálsinn brenna af hita. Hann hafði enn þessi áhrif á hana, jafnvel eftir tíu ára hjónaband. Þegar þau höfðu hist í brúðkaupi nágranna hafði hún samstundis laðast að ómótstæðilegum augum hans, að líkama hans, svo grönnum en fullum af innbygðri orku. Þau höfðu gift sig aðeins nokkrum vikum seinna og eignast þrjú börn á fjórum árum áður en Halima fór í miðstöðina fyrir fjölskylduráðgjöf og fékk pilluna.

„Láttu diskana vera,“ sagði hann. „Þú getur klárað þá seinna.“ Hann dró hana í burtu frá vaskinum, með hendina á úlnið hennar, og fór með hana aftur í bakgarðinn, þar sem þau settust á díváninn. Hans húð var mýkri en hennar en samt höfðu fingur hans skilið eftir ummerki á úlniðnum hennar þar sem hann hafði dregið hana. Hann hallaði sér áfram og kyssti lófa hennar. Ég hefði ekki átt að efast um móður mína, hugsaði Halima. Duftið er að virka.

NÆSTA DAG, beið Halima eftir strætisvagninum sem hún ætlaði að taka að fiskimarkaðinum við höfnina í Casablanca, þegar hún kom auga á brakandi seðil uppá fimmtíu dírhöm á rykugri gangstéttinni. Þvílík heppni! Þennan sama morgun hafði Maati lofað henni að hætta að drekka og nú þetta. Þegar hún steig upp í strætisvagninn sagði vörðurinn að hann ætti auka miða sem einhver hafði keypt fyrir mistök og hún gæti fengið hann fyrir tíu rialí. Hún brosti og setti miðann í veskið sitt. Hún fann sæti við gluggann og horfði á heiminn fyrir utan í gegnum kámuga rúðuna. Byggingar með flagnandi veggi og gervihnattadiska þutu framhjá, en öðru hvoru glitti í pálmatré.

Við inngang markaðarins sat eineygður maður í dökkbrúnum *jellaba* á jörðinni með hendina útrétta. Hann var svo gamall að hann gat með naumindum kallað til þeirra sem gengu framhjá. Veikburða rödd hans barst aðeins örstutt í burtu. Halima leitaði í veskinu sínu eftir nokkrum aurum og gaf honum.

Eftir endilangri götunni voru sölumenn í bláum sloppum sem lofuðu ferskleika varning síns og lágt verð. Halima steig yfir læki af fiskihreistri og vatni sem flæddu á milli sölubásanna. Einu sinni í viku reyndi hún að brjóta upp tilbreytingarleysið, af kúskús, baunasúpum, og frönskum sem hún hafði efni á að gefa börnunum, með því að kaupa ódýran fisk. Venjulega keypti hún sardínur eða makríl, en í dag var hún í skapi til að eyða, svo að eftir að hafa prúttað við einn af sölumönnunum, keypti hún stóran hvítan fisk til að gera *tagine*.

Á meðan hún útbjó hádegismatinn stóð Halima sig að því að raula með Farid El-Atrache þar sem hann söng „*Wayak*“ í útvarpinu. Hún hreinsaði fiskinn yfir vaskinum og eldaði hann svo í tómata- og sítrónusósu. Það var búið að leggja á borðið en Maati var enn ekki kominn heim. Hún stóð í eldhúsinu sínu reyndi að ákveða hvað ætti að gera. Ef hún bar fram *tagine* leirpottinn núna yrði maturinn kaldur þegar hann kæmi

heim og hann gæti æst sig. Ef hún biði myndu börnin verða of sein í skólann og hann yrði samt æstur. Hún þoldi ekki þessa afleitu valmöguleika sem hann neyddi hana til að taka á hverjum degi. Hún horfði á klukkuna með auknum kvíða, en um leið og hún heyrði brestina í útidyrhurðinni greip hún *tagine* pottinn og bar hann út.

Maati sat með krosslagða fætur á lága dívaninum, nuddaði höndunum saman við ilminn af sítrónunum sem streymdi frá keilulaga pottinum. Börnin sátu í kring um borðið og Halima settist og lokaði hringnum. Maati skar bestu bitana af fiskinum og lagði á sameiginlega fatið þeim megin sem börnin voru. Eftir að hafa smakkað sagði hann, „Megi Guð gefa þér heilsu. Þetta er framúrskarandi.“

„Fyrir þína heilsu,“ svaraði hún.

„Kennarinn sagði að við þyrftum að kaupa nýja sögubók,“ sagði Farid.

„Aftur?“ svaraði Halima.

„Síðast var það málfræðibók, *Mama*,“ sagði Farid og ranghvolfdi augunum.

Halima vissi ekki mikið um málfræði eða sögu þar sem hún hafði aðeins tekið lestrartíma, en henni líkaði ekki tónn hans.

„Segðu henni að við kaupum hana í næstu viku,“ sagði Maati. Hann bankaði í höfuð drengsins, og skildi eftir klístrað far af fiskisósunni. Fyrir réttum mánuði hafði Mouna ekki getað farið í vettvangsferð með hinum í bekknum að rómversku rústunum við Volubilis, nálægt Meknès. Halima vissi að þrátt fyrir góðar fyrirætlanir myndi Maati ekki halda orð sín við barnið.

Eftir að börnin voru farin aftur í skólann, komu Maati og Halima sér fyrir með te. Hann var þögull í dag, en það truflaði hana ekki. Hún settist aftur á dívaninn og naut drykkjarins. Maati kláraði teið sitt, lagðist svo niður til að taka lúr. „Ætlaðu ekki aftur í vinnuna?“ spurði hún.

Augnaráð hans breyttist. „Yfirmaðurinn rak mig.“

Hjarta Halimu kipptist til í brjósti hennar. Hún settist upp. „Af hverju?“ spurði hún, jafnvel þó að hún vissi nú þegar að það hlyti að vera af því að það hafi sést til hans drekka. Hún vorkenndi honum, en óbeit tók yfir vorkunnsemina. „Héltu að Si Hussein myndi bara horfa í gegnum fingur sér með þetta?“ Maati lagði handlegginn yfir ennið, varði augun gegn augnaráði hennar. „Hvað eigum við að gera?“ spurði hún.

„Ég finn eitthvað annað,“ sagði hann. Fullvissa var í rödd hans, en hann sneri andlitinu frá henni.

Halima hvessti augun á eiginmann sinn. Hún líkti eftir rödd hans þegar hún stundi, „ég ætla að leggja peninga til hliðar, ég ætla að kaupa minn eigin leigubíl, ég ætla að koma okkur frá Zenata einn daginn, vittu til.“ Maati tók handlegginn frá augunum og leit á hana. Halima hætti að líkja eftir honum. En samt hélt hún áfram, „og fyrir hvað er þetta allt saman? Við verðum föst hérna þar til daginn sem við drepumst. Fljótlega verðum við betlandi við dyr moskvunnar á föstudögum.“ Hún leit niður á slitnu töflurnar sínar. Hún var að renna fótunum í þær til að standa upp, og sá því ekki útrétta hönd hans—fann aðeins þegar höndin hitti hana í andlitið og slengdi henni til hliðar, loftið skyndilega úr lungunum. Hún stökk upp til að komast í burtu, en hann sparkaði svo fast í hana að skórinn hans flaug yfir höfuð hennar. Hún lenti á hnjánum, hakan skelltist í gólfið svo að tennurnar glömrðu í munninum. Hún henti skónum hans aftur í hann, ýtti sér upp með höndunum, og hljóp þangað sem hann náði ekki í hana, lokaði sig inni á pínulitla salerninu, eins og hún var von þegar þau rifust. Hún sá andlit sitt í speglinum. Hendi Maatis hafði ekki alveg lent á kinninni, en það voru greinileg fôr á hliðinni á hálsinum og kjálkanum. Hún greip um vaskbrúnina og gaf frá sér langt, skerandi vein.

Hún var enn á baðherberginu þegar Maati stormaði út og skellti hurðinni á eftir sér. Hún beið um stund til að vera viss um að hann væri farinn áður en hún fór fram og náði sér í rúllukragabol til að vera í undir kyrtlinum. Maati var nú þegar farinn að láta hana fá minni og minni peninga til að sjá um heimilið. Hún eyddi eftirmiðdögum í bakgarðinum, hokin yfir *marmanu* sínu, að vinna að skrautlegum slæðum fyrir fína fólkið eða rúmfötum fyrir brúðir. Núna þegar Maati var búinn að missa vinnuna vissi hún að hann myndi snúa sér til hennar til að fá peninga fyrir bjór. Hún leyfði höfðinu að falla á hnén. Hvernig varð þetta svona? Hvar var maðurinn sem hún giftist? Hann hafði verið fullur loforða og orku og metnaðar, en núna var hann latur og reiður, röflandi yfir sköttunum sem skáru niður tekjurnar, yfir viðskiptavinunum sem gáfu honum ekkert þjóf fé, yfir hinum bílstjórunum sem hylmdu ekki yfir með honum þegar hann laumaðist frá til að drekka.

Hún strauk yfir andlit sitt með höndunum, fann fyrir bólgunum sem voru nú þegar byrjaðar að myndast. Þegar hún lyfti kyrtlinum, leitaði hún að örinu eftir síðustu barsmíð, þegar Maati hafði skorið kálfann á henni með beltissylgjunni. Núna þegar sá skurður var gróinn var hann í laginu eins og varir, eins og hann hefði aðeins kysst hana á fótlegginn og skilið eftir far. Hún klóraði sér í húðinni í kringum örið og togaði sokkinn upp.

HALIMA BEIÐ EFTIR strætisvagninum sem myndi fara með hana að húsi dómarans í Anfa, sem var lúxushverfi við sjávarsíðuna í Casablanca. Að fara nýja leið gerði hana kvíðna, og hún stóð stíf við biðstöðina, og hallaði sér fram annað veifið til að sjá hvort hún sæi glitta í strætisvagninn í beygjunni yfir á Place Muhammed V. Hún var í ljósgrænum *jellaba* og hárið, sem var klippt stutt nokkrum vikum áður, flögraði í

vindinum. Hún hélt þétt um budduna. Hún hafði aldrei haft svona mikla peninga á sér. Áður en hún fór frá húsi móður sinnar taldi hún peningana sem bræður hennar höfðu sent henni þegar hún sagði þeim að hún væri byrjuð í málarekstri varðandi skilnaðinn. Hún hafði látið braka í hverjum seðli á milli þumal- og vísifingurs og sett þá í umslag sem núna var geymt í innra hólfinu í veski hennar.

Lykt af gúmmí og útblæstri gegnumskýrði loftið. Nálægt biðstöðinni var hópur dagvinnumanna á hækjum sér, sígarettur á milli gulnaðra fingranna, að spjalla undir skýi af bláum reyk. Rakari var nýbúinn að draga upp málmtjaldið, og núna skvetti hann vatni á gangstéttina fyrir framan stofuna sína í árangurslausri tilraun til að losna við rykið. Loksins kom gamall strætisvagn, framstuðarinn hangandi laus, með drunum í ólgandi skýi af svörtu reykhami.

Halima steig upp í. Ferðin tæki næstum klukkutíma, með mörgum stoppum á leiðinni, en hún sat með bakið beint, tilbúin að standa upp við minnsta merki um vandræði. Lag var í spilun í útvarpinu, sem keppti við truflanirnar frá hátölurum. Hún þekkti textann við „*Fakarouni*,“ eftir Oum Kalsoum. Hún þvingaði sjálfa sig til að útiloka tónlistina.

Strætisvagninn stöðvaði nálægt sjúkrahúsi og misleitur hópur farþega, betlara, og sölumanna stigu um borð. Sá síðasti sem steig inn var horaður, stríðhærður maður sem gekk hægt inn ganginn, og greip í handföngin á hverju sæti eftir því sem hann náði lengra inn í miðju strætisvagnsins. Hann lyfti skyrtunni, sem afhjúpaði ferkantaðan poka límdan við magann. Vökvinn í pokanum leit út eins og þvag. Hann sneri sér til að leyfa öllum að sjá. Nokkrir tóku andann á lofti. Maðurinn lyfti fingri upp á við og þuldi upp veikindi sín með skýrri, hárrí röddu.

„Synir Adams,“ sagði hann, „þetta er það sem Guð hefur skrifað fyrir mig.“ Hann opnaði beltið sem hélt pokanum á sínum stað og sýndi gatið sem gréri í maga hans. „Sjáið það sem ég þarf að þola á hverjum degi og þakkið ykkar Guð og mínum að þið þurfið ekki að þjást eins og ég.“ Höfuðhneigingar og tungusmellir staðfestu yfirlýsingar hans. „Hver sá sem getur hjálpað mér að borga sjúkrahússreikningana mína, megi Guð sjá fyrir honum, megi Guð opna hlið himna fyrir hann, megi Guð blessa hann með börnum, megi Guð vernda hann frá hinu illa auga ...“ og áfram hélt hann með bænasönginn. Fljótlega spruttu upp hendur, einhverjar með mynt, einhverjar með seðla, og maðurinn hætti að biðja og gekk um til að safna saman framlögunum.

Pegar hann gekk framhá sæti Halimu hélt hann út tómum lófanum að henni. Hann var flekkóttur af rauðri málningu, sem var föst á honum eftir að hann greip um flagnandi handföngin á sætunum. Hún leit undan og sagði, „megi Guð hjálpa okkur öllum.“ Maðurinn hélt áfram að þeim sem vildu gefa, og skildi eftir slóð af spítalalykt á eftir sér.

Strætisvagninn var farinn að nálgast Anfa. Halima hélt veskinu jafnvel enn þéttar að sér og hélt áfram að fylgjast með biðstöðinni sinni. Hún stóð upp um leið og hún sá hana og fór út. Fætur hennar höfðu bólignað af hitanum, og bláu plastsandalarnir gáfu frá sér ískurhljóð með hverju skrefinu sem færði hana nær húsinu.

Að lokum fann hún einbýlishúsið. Það var hvítt steinhús með rauðum Miðjarðarhafs flísum sem römmuðu inn þakið og gluggana. Lóðin var vel hirt, viðarhliðið lakkað, og fín dyrabjalla, sem Halima hringdi. Þjónustustúlka, varla orðin unglingur, kom til dyra. Halima sagði henni að hún væri komin til að hitta dómarrann. Þjónustustúlkan gaf henni íbyggð augnráð og sagði henni að bíða í garðinum. Halima vildi frekar vera fyrir utan. Hún vissi ekki hvort dómarrinn væri giftur, hvort konan hans

væri heima. Hún vildi ekki gefa til kynna hinn minnsta vott um ósæmilega hegðun svo hún settist á tröppuna og beið.

Dómarinn birtist í dyrunum. Andlit hans var þrútið, en lítil augun kröfðust athygli. Hann kíkti út á strætið eins og hann væri að leita að einhverjum öðrum, og sagði svo, „komdu inn í garðinn, ekki bara standa þarna.“ Halima var of skelkuð til að segja nei. Hún elti dómarann, sem kjagaði inn fyrir, brakandi, hvíti *jellabinn* hans þétt um hvapholda bringuna.

„Komstu með peningana?“ spurði hann. Halima kinkaði kolli. Með skjálfandi höndum opnaði hún veskið og rétti honum umslagið. Dómarinn tók upp seðlabúntið og byrjaði að telja þá. Hann leiti aftur í umslagið áður en hann lét hana fá það aftur, renndi svo seðlabúntinu í vasann á *seroualnum* sínum. „Næst skaltu ekki koma með smáseðla.“

Halima kyngdi með erfiðismunum. Henni líkaði ekki vísun hans í næsta skipti. Dómarinn lagaði *jellabann* og sagði henni að hafa ekki áhyggjur. „Vertu komin tímanlega fyrir málf lutninginn. Þú færð skilnaðinn þinn í vikunni.“ Hann klappaði henni á bakið og hún gerði sér grein fyrir að þetta var búið og hann væri að ýta henni í áttina að dyrunum. Skyndilega vildi hún að peningaskiptin hefðu tekið aðeins lengri tíma. Tarik og Abdelkrim höfðu unnið hörðum höndum til að safna þeim og hún hafði beðið svo lengi eftir þeim og nú voru þeir farnir. Hún hrasaði og hélt sér í hliðið en steig ekki útfyrir. Hvað ef hann gæfi henni ekki forræðið? velti hún fyrir sér. Hún snéri sér við. Af hverju lét hún hann hafa alla peningana í einu? Hún hefði átt að láta hann hafa helminginn og lofa honum restinni þegar hann hefði tryggt henni skilnaðinn og forræðið. Af hverju hafði hún ekki hugsað út í það fyrr? „Bíddu,“ sagði hún.

Andlit dómarans sem hafði áður verið með mildu yfirbragði, ef ekki velvilja, var nú ógnandi. „Hvað?“

„Börnin,“ sagði hún.

Hann hnyklaði brýrnar. Hann virtist vera að því kominn að segja eitthvað, en hætti við það.

„Hvernig veit ég að þú munir halda orð þín?“ Hjarta Halimu sló svo hratt í brjósti hennar að það var sem hún heyrði það í eyrum sér, á gagnaugum, í höndunum. „Láttu mig hafa peningana mína aftur.“

Dómarinn leit út fyrir að vera móðgaður. „Ég þekki þína líka,“ sagði hann. Hann setti lófann á bak hennar og ýtti henni í áttina að hurðinni. Hún stífnaði. Hann dró hendina til baka og leit á hana með þessum litlu, storkandi augum. „Farðu áður en mér snýst hugur.“

Halima fann hnén skjálfa. Kökkur hafði myndast í hálsi hennar, og hún reyndi að kyngja honum. Af hverju ætti hann ekki að láta hana fá börnin? Þessi dómari hafði tekið við mútum í fleiri ár; það var engin ástæða til að ætla að hann myndi ekki standa sig núna. En hvað ef hann gerði það ekki? Hvernig gæti hún treyst honum? Hún gæti ekki treyst honum, ekkert frekar en hún gæti treyst móður sinni eða seiðkonunni. „Láttu mig hafa peningana mína aftur,“ sagði hún, með skjálfandi röddu. Augu dómarans glenntust upp og varir hans aðskildust í grettu sem var einhverstaðar milli reiði og andstyggðar. Hann renndi hendinni í vasann og fleygði peningunum í hana. Þegar peningabúntið féll til jarðar, losnuðu seðlar frá búntinu og svifu niður. Halima féll á hnén og greip dauðahaldi um þá með báðum höndum. Dómarinn greip aftan í *jellabann* hennar og hrinti henni. Hún keyrði olbogann í maga hans með öllum mætti. Hann beygði sig saman af sársauka, handleggir hans krosslagðir yfir kviðinn meðan Halima steig út fyrir,

hendur hennar hnefafullar af seðlum. Benz kom með látum niður eyðilega götuna, með flautuna gjallandi, og bílstjórinn sneri sér til að líta á hana, með glott á andlitinu. Hún hunsaði hann og byrjaði að ganga.

NOKKRUM DÖGUM SÍÐAR TÓK HALIMA strætisvagninn niður í miðbæ til vinnu sinnar sem húsvörður, þar sem hún þreif skrifstofur Hanan Benamar, þýðanda sem sérhæfði sig í skjölum innflytjenda. Halima hafði fengið starfið í gegnum miðstöðina þar sem hún hafði tekið lestrarnámskeið, og þar sem tilkynnt er á stórum borða, sem hún var fær um að lesa að lokinni árslangri þjálfun: Þú skalt vinna að framtíð þinni—í dag. Það eina sem hún hafði fengið út úr þessum tímum hingað til var að núna gat hún lesið kreditlistana sem rúlluðu á skjánum í lok framhaldspáttanna sem hún fylgdist með á hverju kvöldi.

Halima bankaði tvisvar áður en hún setti lykilinn í skrána og fór inn. Hún ýtti þunnum gluggatjöldunum til hliðar og opnaði frönsku gluggana til að hleypa inn ferska loftinu. Halima naut útsýnisins þar sem moskva Hassans konungs gnæfði yfir borgina, gylltu kúlurnar á bænaterninum geisluðu í morgunsólinni. Halima byrjaði að tæma ruslaföturnar. Hún var að þurrmoppa mósaík gólfín þegar Hanan kom inn. „*Sabah el-khir*,“ sagði hún. Hún lét skjalatöskuna falla á einn stól og jakkann sinn á annan.

„*Sabah el-khir*,“ sagði Halima, og þvingaði sig til að vera glaðleg þegar hún heilsaði.

Hanan var klædd dökku teinóttu pilsí og hvítri upphnepptri skyrtu. Hár hennar var blásið slétt, dökkgrár augnskuggi skyggði augnlok hennar, og varir hennar voru fagurrauðar. Þetta gæti hafa verið ég, hugsaði Halima, eins og hún gerði í hvert skipti þegar hún var í návist Hanan. Ég gæti hafa verið hún, hefði gæfa mín verið á annan

veg, hefði ég farið í alvöru skóla, hefði ég gifst einhverjum öðrum. Núna velti hún því fyrir sér hvort Hanan hugsaði það sama og hún og hefði eingöngu látið hana fá starfið út af vorkunn.

Hanan rótaði í papírnum á meðan Halima sinnti vinnunni sinni. Þegar hún lauk því að þrifa móttökuherbergið, setti hún moppurnar í eldhússkápinn og þvoði sér um hendurnar. „Ég er búin,“ tilkynnti hún, og klæddi sig í *jellabann* til að fara. Hanan heyrði ekki, upptekin við að einblína á pappírana.

„Mikil vinna?“ spurði Halima.

„Mín? Ó, já,“ sagði Hanan. „Eins lengi og fólk vill flytjast úr landi, verður nóg fyrir mig að gera.“

Án þess að átta sig á því, hafði Halima lætt sér í sætið á móti Hanan. Hún hugsaði til bræðra sinna, Tarik fór einn morguninn þegar hún var ennþá ung stúlka og Abdelkrim fylgdi honum eftir aðeins mánuðum seinna, og að það hafði ekki heyrst neitt frá hvorugum þeirra í ár. Eftir það fóru peningarnir að koma, endrum og eins til að byrja með, og seinna með reglulegu millibili sem var ávanabindandi. Á meðan móðir hennar lifði á þessum peningasendingum, bjó Halima, sem naut ekki gjafmildi þeirra með sama stöðugleika, enn í sama steinhúsinu með gáróttu tinþakinu og þar sem brúnt vatn streymdi niður miðja götuna. Nú velti hún fyrir sér hvað hefði gerst ef hún hefði, líka, farið til Evrópu eins og bræður hennar. Myndi hún eiga íbúð, þvottavél, jafnvel líka bíl? Myndi hún vera með Maati?

Hún sat hljóð, og Hanan leit upp, með spurn í augum. Halima spennti greipar og leit á skóna sína. „Ég var að hugsa ...“ Hún vætti varirnar með tungunni. „Hversu erfitt myndi það vera að flytja úr landi?“

Það slaknaði á öxlum Hanan. Hún greip blýant og byrjaði að slá honum óstyrk milli fingranna. „Ég er ekki lögfræðingur. Ég er skjalaþýðandi.“

Halima yppti öxlum. „Engu að síður,“ sagðu hún. „Þú ættir að vita það.“

„Hefur þú séð raðirnar við sendiráðin?“ spurði Hanan.

Halima kinkaði kolli þótt hún hefði aldrei séð þær. En Maati hafði samt sagt henni frá þeim, frá fólki í röðum heila nótt til þess eins að geta komist inn í byggingarnar, burtséð frá alvöru umsókn. Hann kunni ekki við að fara með viðskiptavini að sendiráðunum af því að taxti leigubíllanna var hærra á kvöldin þegar raðirnar voru að myndast. „En ég á bræður í Frakklandi,“ sagði hún.

„Uh,“ sagði Hanan. Hún leit undan eins og hún færi of mikið hjá sér til að geta sagt eitthvað, og svo andaði hún að sér. „Þrátt fyrir það, þeir gefa ekki vegabréfsáritun til ...“

Halima vissi hvað Hanan var að meina, vissi að fólk eins og hún, með enga hæfileika og þrjú börn, fengi ekki vegabréfsáritun.

„Farðu með svínið fyrir dómstóla,“ sagði Hanan með andvarpi.

„Ég er nú þegar búin að því.“

Halima deplaði augunum, hallaði sér aftur í stólnum, var orðlaus. Herbergið var hljótt, eina hljóðið var í blýantinum, sem enn slóst á milli fingra Hanan.

„En er ekki einhver leið að ná sér í áritun?“ spurði Halima.

Hanan yppti öxlum. „Þú verður að vera í fullri vinnu, með bankareikning, miða, stað til að vera á—þetta er flókið,“ sagði hún, eins og Halima gæti ekki skilið neitt sem þyrfti fleiri en þrjú auðveld skref, eins og að þvo, sápa, og hreinsa. Ég veit svo miklu meira en það, langaði Halimu að segja henni. Hún sá skyndilega eftir því að hafa sagt

eitthvað yfir höfuð við Hanan. Það voru mistök að hafa haldið að Hanan eða þessi dómari eða þetta galdra duft gætu komið henni út úr þessum aðstæðum.

„Það hlýtur að vera einhver önnur leið,“ sagði Halima.

„Þú meinar, að fara ólöglega?“

Halima yppti öxlum. Hún vissi hvað hún ætlaði að segja næst þegar móðir hennar endurtæki þennan gamla söng um að vera þolinmóð: hún yrði að gera eitthvað fyrir framtíð sína—í dag.

Sátt

AZIZ AMMOR HAFÐI VARIÐ vikunni í að kveðja. Fram að þessu, hafði hann heimsótt hóp af frænkum og frændum, fjóra vini, og nokkra nágranna, en enginn óskaði honum góðrar ferðar. Þegar þau höfðu uppgötvað áætlun hans um að láta reyna á gæfuna á *patera* reyndu þau að fela hvað þetta fékk mikið á þau, klöppuðu á bak hans til að sýna hvatningu, og hristu höfuðið í vorkunn. Hann var að verða þreyttur á þögninni sem tilkynning hans vakti, og að honum létti þegar vinur hans Lahcen velti við borðinu þegar hann stóð upp við að heyra fréttirnar.

„Ertu alveg að tapa glórunni, Ammor?“ sagði hann. Þótt Lahcen og Aziz hefðu þekkt síðan í barnaskóla kallaði Lahcen Aziz eftirnafninu, eins og skólastrákar gerðu oft. Aziz og Lahcen voru búnir að vera vinir í næstum tuttugu ár. Saman höfðu þeir laumast inn í bíóhúsin, deilt fyrstu sígarettunni, skipt á milli sín fyrstu bjórflöskunni— Heineken sem skilin var eftir á ströndinni af snyrtilega klæddum stúdentum sem fögnuðu útskrift. Þeir höfðu líka orðið sér út um stelpur saman, þótt það væri alltaf Aziz sem náði í þær. Aziz hafði tekið eftir því að Lahcen virtist aldrei vera heppinn með konur.

Aziz rétti borðið við, gaut augum á konu sína, Zohru, sem sat á díváninum á móti honum. Hún hafði mörgum sinnum reynt að letja Aziz, og hún fylgdist með því sem gerðist með áhugaleysi þess sem hefur nú þegar heyrt öll rökin, en sem var enn forvitin að sjá hvort það myndi leysast á einhvern annan hátt í þetta skipti. Aziz og Zohra höfðu komið við hjá Lahcen stuttu eftir ‘*asr* bænahaldið á sunnudegi. Lahcen bjó með foreldrum sínum og fjórum systur í tveggja hæða húsi í *Derb Talian*, í gamla

bænum í Casablanca. Glugginn var lokaður, en samt barst enn stöku hljóð frá bílflautum og hjólreiðabjöllum í gegnum glerrúðurnar.

„Róaðu þig,“ sagði Aziz.

Lahcen opnaði lófana og hækkaði röddina. „Hvernig geturðu sagt mér að róa mig? Þú gætir druknað!“ Svona var hann—honum datt alltaf strax það versta í hug.

„Ég er góður sundmaður,“ sagði Aziz. „Og burtséð frá því, þá eru þeir með vélbáta nú á dögum. Þeir munu láta mig í land við ströndina.“

„Og heldur þú að það verði frábært á Spáni? Það er bara allt saman erfiðis vinna og *ghurba* og einmanaleiki.“

„Hann mun þá allavega hafa vinnu,“ sagði Zohra. Aziz var hissa að heyra hana grípa fram í með nákvæmlega sömu orðin og hann hafði notað til að sannfæra hana nokkrum vikum áður. Fjölskyldu hennar hafði aldrei líkað við hann—þau höfðu aðeins leyft Zohru að giftast honum af því að hún hafði verið með honum í þrjú ár og slúður nágrannana um „lauslátu dóttur“ þeirra var síðasta stráið. En giftingin hafði ekki góð áhrif á stirt samband Aziz við tengdaforeldrana. Þau höfðu verið að nöldra í Zohru um atvinnuleysi hans, og athugasemdir þeirra höfðu aukist en frekar eftir að henni hafði tekist að fá vinnu í gosverksmiðju.

Þegar hann hafði fengið þessa hugmynd, hafði Zohra reynt að telja hann af þessu, en hún gaf sig eftir að hann hafði verið atvinnulaus í nokkra mánuði í viðbót. Hún sagði að hún myndi bíða hans og að þegar hann kæmi aftur gætu þau flutt úr húsi foreldra hans, fengið sitt eigið húsnaði, og stofnað fjölskyldu. Í stuttu máli, sagði hún, þau gætu byrjað að lifa.

„Og hvað um þig?“ sagði Lahcen, og benti á Zohru. „Hann ætlar að skilja þig eftir?“

„Ég verð komin aftur eftir tvö til þrjú ár,“ sagði Aziz.

„Höfum við ekki öll heyrt þetta áður?“ sagði Lahcen, með fingurinn á kinninni með tilburðum sem létu hann líta út eins og konu. „Enginn kemur aftur.“

„Ég kem aftur,“ sagði Aziz, með þumalinn á bringunni.

„Hann gerir það,“ sagði Zohra. Hún tók vasaklútinn sinn úr erminni á *jellabanum* og snýtti sér í hann. Aziz fann sektarkenndina við að skilja hana eftir stinga sig aftur, og hann lagði hendina á hné hennar og þrýsti mjúklega.

„Af hverju ertu svona á móti þessu?“ spurði Aziz Lahcen. „Hvað viltu að ég geri?“

Systir Lahcens, Hakima, kom inn í herbergið með bakka af tei og kexi. Lahcen teygði sig í sígarettupakkann og gekk út. Aziz leit til skiptis á konurnar tvær, konuna sína og systur besta vinar síns, og leið hálf vandræðalega að vera skilinn einn eftir með þeim, stóð upp og elti Lahcen útfyrir.

„Jæja, hvað viltu að ég geri?“ spurði Aziz, þegar hann settist á tröppurnar við hliðina á vini sínum. Hann hafði ósvikinn áhuga á því hvert svarið myndi verða.

„Reyndu eitthvað annað,“ sagði Lahcen, um leið og hann kveikti sér í sígarettu.

„Eins og hvað?“

Lahcen yppti öxlum. „Sjáðu mig. Ég tóri.“ Hann hafði fjárfest fyrir fjögur hundruð dírhöm í nokkrum símakortum, og hann endurseldi einstaka mínútur á hærra verði til fólks sem vildi hringja úr peningasíma. Hann vann útfrá aðalpósthúsinu í miðbæ Casablanca. Gróði hans var lítill, en dugði fyrir strætisvagnaferðunum og sígarettunum. Ennfremur lýsti hann því yfir að honum líkaði þetta svona, að hann heillaði alltaf fólk til að versla við sig, þannig að honum var sama um samkeppnina frá öðrum seljendum símakorta, hvort sem það væru menn, konur, eða börn.

„Þetta er öðruvísi fyrir þig. Þú ert einhleypur.“

„Af hverju varstu þá að gifta þig?“

„Ha?“

Lahcen fékk sér smók. „Ef þú hefur ekki gifst, þá þyrftir þú ekki að gera þetta.“

Aziz smellti í góm. „Ekki blanda eiginkonu minni í þetta.“

„Ég er bara að benda á þetta.“

„Hvað viltu að ég geri? Selji mínútur eins og þú?“

„Ég er allavega að gera eitthvað. Og ég er ekki einu sinni með prófskírteini, eins og þú.“ Umrætt prófskírteini var blað sem lá í skúffu við hliðina á rúmi Aziz, og safnaði ryki. Fyrir fáeinum árum höfðu bæði Lahcen og Aziz fallið á framhaldskólaprófunum, þess vegna höfðu þeir ekki komist í háskóla. Lahcen hafði byrjað með símakorta starfsemi sína, en Aziz hafði farið í iðnskóla, og eftir tvö ár hafði hann fengið gráðu í sjálfstýringu véla—sem þýddi í raun að hann gæti unnið sem viðgerðarmaður. Hann hafði ekki fundið vinnu.

„Prófskírteini eða ekki prófskírteini, skiptir ekki máli.“

„Þú talar svona af því að þú átt svoleiðis.“

Aziz andvarpaði. „Hvað er þetta með þig í dag?“

„Ég ætti að spyrja þig þess sama, vinur minn. Þú kemur til mín, segir mér að þú ætlir að fara með bát, hætta lífi þínu til þess að fara til Spánar, þar sem þér verður hvort sem er náð, og þú vilt að ég óski þér til hamingju?“

Þessi lýsing á framtíð Aziz var sú sem hann hafði heyrt áður frá foreldrum sínum. Þau voruðu við því besta (vinna á bugarði fyrir þrælalaun!), hinu versta (hræðilegum dauða!), og allt þar á milli (líf óumflýjanlegs óheiðarleika!). En hann hafði borið aðvaranir þeirra saman við að eyða fleiri árum í aðgerðarleysi, árum í að biðja þau

um peninga fyrir strætisvagnaferð, árum af því að horfa á skóna sína eða breyta umræðuefninu í hvert skipti sem einhver spurði hann við hvað hann ynni, og mótvægið virtist, að lokum, vera þess virði. „Áttu auka sígarettu?“ spurði hann.

Lahcen rétti honum Olympique Rouge pakkann. „Heyrðu, kannski get ég hjálpað þér.“

Aziz kveikti sér í sígarettunni og tók langan smók. Ískrandi hljóð hurðarinnar sem opnaðist að baki þeim fékk þá til að snúa sér við. Hakima stakk höfðinu út og spurði hvort þeir kæmu inn að borða. Lahcen vinkaði til hennar og sagði að þeir kæmu fljótlega. „Farðu og náðu í brauð,“ sagði Hakima. „Það er búið.“

Lahcen og Aziz stóðu á fætur og gengu í búðina, siluðust áfram. Það var skýjað úti og vindurinn hafði aukist. Þeir fóru yfir auða lóð þar sem krakkar spiluðu fótbolta undir stækkandi skýji af rauðu ryki. *Piceri*in hafði eiginlega selt allt brauðið þann daginn og voru aðeins nokkrir hleifar eftir. Lahcen valdi vandlega það sem leit best út og rétti seðil að afgreiðslumanninum sem leit fram og til baka á mennina tvo, gaf þeim illkvittið augnráð, en tók engu að síður við peningunum.

„Hvað var að honum?“ spurði Aziz þegar þeir fóru.

„Hann er furðulegur náungi,“ sagði Lahcen. „Honum líkar ekki fólk sem er ekki úr hverfinu.“

„*Ya*, meiri asninn,“ sagði Aziz. Þessi búðareigandi minnti Aziz á ömmu sína, sem virtist alltaf finna að fólki sem hún varla þekkti. Henni fannst póstburðarmaðurinn, sem var *arobi* úr sveitinni nálægt Casablanca, vera ófágaður og klaufalegur. Hún gerði skraddaranum, *Shamali* úr norðrinu, aðeins hærra undir höfði, en hún gerði oft athugasemdir við að hann væri of útsmoginn til að vera heiðarlegur. *Chleuhinn* sem seldi henni mintu á markaðinum var oft viðfangsefni hennar af skammaryrðum um

græðgi. Þetta hafði náð því stigi að Aziz fór að finna einhvern hlýhug gagnvart því sama fólki og ömmu hans hefði mislíkað. Aziz sagði Lahcen þessa sögu, og bætti við einum eða tveimur bröndurum til að hressa vin sinn við þegar þeir héldu aftur heim að húsinu til að borða.

„HANN ER HÁVÆR,“ SAGÐI ZOHRA, og ygldi sig. Þau voru að ganga aftur heim í gamla borgarhlutann. Í kringum þau voru búðareigendur að loka eftir daginn.

„Hann er bara áhyggjufullur,“ sagði Aziz.

„Það eru allir aðrir líka.“

Aziz svaraði ekki. Hann var að hugsa um hvað Lahcen hafði sagt.

„Heldurðu að hann geti í alvöru gert eitthvað?“ spurði Zohra.

Spurning hennar var nákvæmlega það sem hann hafði óttast—að fullvissanir Lahcens um aðstoð myndi gefa Zohru von, von sem hann vissi að myndi eyða ákvörðun hennar um að leyfa honum að fara, von sem hann vissi að myndi vera brotin á bak aftur að lokum hvort sem var. Hann hélt í hönd hennar og þrýsti. „Ef Lahcen gæti hjálpað,“ sagði hann, „hefði hann hjálpað sjálfum sér.“

„Þú veist aldrei,“ sagði hún.

NÆSTA DAG birtist Lahcen í tvíhnepptum bláum jakkafötum, sem hann hafði verslað á skiptivörumarkaðnum í Derb Ghallef, þar sem notuð amerísk föt voru seld, og sem hann klæddist við sérstök tækifæri. „Á hvaða leið ert þú?“ spurði Aziz, þegar hann heilsaði honum í dyrunum.

„Á fund,“ sagði Lahcen. „Og þú kemur með mér, Ammor.“ Hann lokaði hurðinni á bak við sig. Aziz vissi að hann yrði að spila með sama hvaða áætlun Lahcen hefði ungað út, þó að það væri ekki nema fyrir foreldra hans, sem ásökuðu hann um að hafa ekki reynt allar mögulegar lausnir áður en hann ákvað að flytja úr landi.

„Prýðilegt.“

Lahcen settist til þess að fá sér te með foreldrum Aziz. Hann spjallaði um veðrið, minntist á síðasta fótboltaleik, og spurðist fyrir um heilsu þeirra. Faðir Aziz svaraði fljóttur til „*Hamdullah*,“ og losaði um fölsku tennurnar með fingrinum, tók þær út og kom þeim betur fyrir, á meðan móðir Aziz, alræmd fyrir ímyndunarveiki, kvartaði óendanlega um síðasta meltingarkast sitt. Lahcen hlustaði kurteislega, kláraði teið sitt, og gaf svo Aziz merki um að það væri kominn tími til að fara. „Taktu möppuna þína með,“ skipaði hann.

Zohra hljóp inn í svefnherbergi til að ná í jakka föðurs Aziz og krafðist þess að Aziz klæddist honum. „Fyrir fundinn,“ sagði hún.

Aziz klæddi sig í hann og gekk út til að hitta vin sinn. „Hvert erum við að fara?“

„Ein af konunum sem kaupir mínútur af mér vinnur fyrir tannlækni, og ég bað hana um að tala við yfirmann sinn vegna þín.“

„Hvað gæti tannlæknir viljað með mig?“

„Stóllinn hans er bilaður. Kannski að þú getir lagað hann, og þá getur hann sagt vinum sínum frá þér.“

„Það er ekki starf.“

„Leyfðu mér að sjá tennurnar þínar.“

„Ha?“

„Þú þarft að vera frambærilegur þegar þú gengur inn á skrifstofuna hans.“

Aziz hló. „Veistu,“ sagði hann, „ég kann að meta það að þú skulir reyna að hjálpa mér. En þetta er ekki vinna, maður. Þetta snýst bara um þetta eina skipti, er það ekki?“

„Það gæti orðið eitthvað meira“

Þeir tóku strætisvagninn niður í miðbæ og gengu inn á stofu tannlæknisins í sama mund og sjúklingur var á leið út, gargandi að hún ætlaði aldrei að koma aftur. Lahcen hélt hurðinni opinni fyrir konuna, leyfði henni að klára skammaræðuna gegn læknum almennt og þá sérstaklega tannlæknum, og gekk svo inn með Aziz á eftir sér. Hann brosti til móttökustúlkunnar, spurði hana hvernig kærasti hennar hefði það, sá sem hún hringdi alltaf í úr símasjálfsalanum. „Hann hefur það fint,“ sagði hún, og kinnar hennar roðnuðu. „Fáið þið ykkur sæti, ég læt lækinn vita að þið séuð komnir.“ Hún hvarf, og Aziz og Lahcen settust við kaffiborð þar sem lágu þrjú hálf rifin tímarit, öll fjölluðu um golf. Aziz tók upp eitt og byrjaði að lesa á meðan Lahcen krosslagði fætur og klappaði á vasann eftir sígarettunum án þess að taka þær upp.

Eftirmiðdagurinn leið, rofinn af og til af hljóði dyrabjöllunnar, sársauka stunum, og *ka-tjinginu* frá peningakassanum. Þegar klukkan sló sex, stakk Aziz upp á því að þeir færu. Lahcen klappaði á bak hans og sagði fyrst að þeir höfðu beðið svona lengi, gætu þeir beðið aðeins lengur. Loksins fór síðasti sjúklingurinn og tannlæknirinn kom fram, þar sem hann afklæddist vinnusloppnum. Hann leit á mennina tvo og í augum hans mátti sjá sambland undrunar og skilnings. „Þið eruð komnir,“ sagði hann.

Lahcen og Aziz stóðu upp. Tannlæknirinn fór í annað skoðunarherbergi og benti á stól sem var enn með upprunalega plastinu yfir höfuðpúðanum. „Ég gat ekki fengið hann til að virka,“ sagði hann, „og það svarar aldrei nokkur maður hjá uppsetningarfyrtækinu.“

Á meðan Lahcen spjallaði við lækinn, skoðaði Aziz stólinn. Rafmagnssnúran var í sambandi, en þegar hann kraup niður til að skoða neðsta hluta stólsins sá hann að tvo aukarofa. Hann þrýsti á annan þeirra og stóllinn gaf frá sér suð. „Rafmagnið var ekki á,“ sagði hann.

„Ó,“ sagði tannlæknirinn. Vantrúaður settist hann á stólinn og valdi mismunandi stillingar með fætinum, stóllinn hreyfðist upp og niður eftir skipun. „Jæja, takk fyrir,“ sagði hann, og stóð upp, vandræðalegur til augnanna.

Aziz fylgdist með þegar Lahcen fór með stutta en hrífandi ræðu um það hvernig vinur hans hérna gæti lagað hvað sem væri, og ef að tannlæknirinn myndi láta það berast til starfsfélaga sinna, yrði það vel þegið. Tannlæknirinn kinkaði óljóst kolti og kallaði á móttökustúlkuna að hún mætti fara að loka stofunni. Hann tók fram seðil upp á tíu dírhöm, sem hann rétti Aziz.

Þegar þeir komu út af stofunni, tók Aziz hendi Lahcens og tróð í hana seðlinum. „Fyrir næsta pakka af sígarettum.“

„Hvað er að?“ sagði Lahcen.

„Hvað á ég að gera við tíu dírhöm?“

„Það er að minnsta kosti eitthvað.“

„Þetta var tímasóun,“ sagði Aziz, og ýtti á takkann fyrir lyftuna.

„Ekki segja svona. Hann á eftir að láta vini sína vita.“

„Og viðurkenna hversu vitlaus hann er?“ Aziz gafst upp á að bíða eftir lyftunni og hljóp þess í stað niður stigann.

„Bíddu,“ hrópaði Lahcen, rödd hans bergmálaði í dímum stigaganginum.

Aziz heyrði Lahcen hrasa, svo að hann ýtti á tímastýrða ljósrofann og beið eftir honum.

AZIZ VAR AÐ KROSSA við hluti á listanum þar sem hann hafði punktað hjá sér hverju hann ætlaði að þakka. Hann vildi taka eins lítið með og mögulegt var, og hann var að reyna að ákveða hvort hann ætti að burðast með vetrarjakka eða ekki. Zohra stakk upp á því að hann tæki með sér vatnshelda jakkann sinn, jafnvel þó að hann væri aðeins of lítill, af því að hann var léttur og gæti passað í vasa ef hann þyrfti. Hún hafði alltaf verið sú hagsýna. Jafnvel á meðan tilhugalífi þeirra stóð, hafði Aziz fundist hann vera sá sem var rómantískari, og hann hafði oft velt því fyrir sér hvort það þýddi að hann elskaði hana meira en hún hann eða hvort hún elskaði hann jafn mikið, en bara á sinn eigin, skynsamlega hátt.

Dyrabjallan hringdi. Það var Lahcen, sem spurði hvort Aziz vildi fara og fá sér kaffi. „Sjálfsagt,“ sagði Aziz. Það var enn nógur tími til að hafa áhyggjur af því að þakka. Þeir gengu að kaffihúsi rétt fyrir utan gamla hverfið, á Place Mohammed V. Þegar þjónninn kom með kaffið, krafðist Lahcen þessa að borga.

„Enþá staðráðinn í að fara?“ spurði hann.

Aziz kinkaði kolli.

Lahcen byrjaði á annari ræðu um af hverju þetta framtak væri svona heimskulegt, en eftir nokkrar mínútur var Aziz hættur að hlusta. Hann fylgdist með tveimur mönnum, sem sátu á móti hvor öðrum, djúpt sokknir í samræðurnar. Hvað sem þeir voru að ræða hlýtur að hafa verið grípandi, af því að þeir voru svo óvitandi um háskólastelpurnar tvær sem gengu rétt framhjá borðinu þeirra. Annar maðurinn brosti og snerti hinn innan á handlegginn, nuddaði hann með þumalfingrinum. Aziz leit í kring um sig til að athuga hvort einhver annar hefði tekið eftir samkynhneigða parinu, en enginn virtist taka eftir neinu.

„Ertu að hlusta?“ spurði Lahcen.

Aziz leit í brúnu augu vinar síns, og skyndilega fóru minningarnar að streyma til hans um öll þau skipti þegar Lahcen hafði lagt handlegg sinn um axlir Aziz í fíflangangi þegar þeir gengu aftur heim, eða hvernig hann fann eitthvað að næstum öllum stelpum sem Aziz gaf undir fótinn. Þegar þeir höfðu farið á ströndina, og Lahcen sagðist ekki vilja spila fótbolta, heldur liggja á sandinum. Hafði klappað með hendinni á handklæðið við hliðina á sér, og sagt Aziz að hann þyrfti að læra að slaka á og njóta sólarinnar.

„Já,“ sagði Aziz, „Ég er að hlusta.“

„Það var grein í *L'Opinion* um þetta, maður. Með myndum af fólkinu sem drukknaði og allt.“

Aziz kinkaði kolli. „Ég veit þetta allt saman.“

„Og þú ert ekkert hræddur?“

„Ég bara held að þetta muni ganga upp.“

„Þú ert vitskertur, Ammor,“ sagði Lahcen, og hristi höfuðið. „Og hvar ætlarðu að fá peningana?“

„Föður mínum,“ sagði Aziz. Þetta var ekki alveg sannleikanum samkvæmt, Aziz var kominn með upphæðina hann þurfti með því að sameina sparnað af lélegum launum Zohru frá verksmiðjunni, lán frá frænku, einhverja peninga frá uppgjöri sem faðir hans hafði fengið þegar hann lenti í bílslysi tveimur árum áður. En hann óttaðist að með því að deila þessum upplýsingum myndi það leiða til jafnvel fleiri grátbæna um að gefa þetta upp á bátinn vegna allra sem áttu hlut að máli.

„Nújá,“ sagði Lahcen. Hann trommaði fingrunum á borðið og ýtti kaffibollanum frá sér.

Aziz fann sting af sektarkennd fyrir að vísa frá öllum uppástungum vinar síns og hafna tilboðum hans um hjálp.

„Hafðu ekki áhyggjur af mér,“ sagði hann. „Ég er sá sem ætti að vera með áhyggjur af þér.“

Lahcen leit upp, undrandi. „Mér? Af hverju?“

„Nú ... ,“ sagði Aziz, skyndilega orðlaus. Löng mínúta af þögn leið, og svo yppti hann öxlum.

NOKKRUM DÖGUM SEINNA kom Aziz við á pósthúsinu til að hitta Lahcen. Hann fann hann þar sem hann stóð við hliðina á peningasíma, að bíða eftir viðskiptavini— lögreglumanni í sínum gráa einkennisbúningi og hvítu axlaskúfum—að ljúka langlínusímtalinu sínu. „Fáðu þér sæti,“ sagði Lahcen, eins og að þetta almennings svæði, þar sem fólk kom og fór, væri hans einkaskrifstofa. Aziz sat á biðstofu svæðinu og fylgdist með konu í brúnni dragt, í tilgangslausum þrætum við gjaldkera um ósamþykktan frádrátt á símreikningi hennar, sem fór svo án þess að hún fengi endurgreitt. Gamall maður sem innleysti ávísun var samstundis umkringdur götubörnum sem báðu um smápeninga.

„Hvernig hefur þú það?“ spurði Lahcen, þegar hann hlammaði sér í plaststólinn við hliðina á Aziz.

„Fínt,“ sagði Aziz. „Hérna, taktu þetta.“ Hann rétti Lahcen Taekwondo meðlimakortið sem hann hafði keypt handa honum.

„Til hvers er þetta?“

„Systir mín keypti fyrir mig inngöngu sem gjöf fyrir þremur mánuðum,“ sagði Aziz. „Og ég kem ekki til með að nota það neitt meira, þannig að ég hélt að þér myndi líka það.“

„Taekwondo?“ sagði Lahcen, og hló. „Ég hef aldrei prófað það.“

„Ég hélt kannski að þér myndi líka það,“ sagði Aziz aftur, eins og endurtekningin ein myndi láta eitthvað rætast. „Og þú gætir eignast nýja vini.“

Lahcen sneri kortinu við í hendinni og renndi því í vasann, kinkaði kolli eins og hann vildi gera Aziz til geðs. „Jæja, viltu fara og fá þér kaffi?“

„Ég kom líka með þetta handa þér,“ sagði Aziz, og tók nokkrar af langerma skyrtunum sínum úr plastpoka. Hann hugsaði að þær væru betri fyrir Lahcen en þessir hlírabolir sem hann var alltaf í til að sýna upphandleggs vöðvana.

Lahcen bar eina skyrtuna upp að bringunni. „Þú vilt að ég líkist þér,“ varð honum að orði.

„Ég datt bara að í hug að hjálpa,“ sagði Aziz.

„Þær passa örugglega ekki.“

„Taktu þær bara.“

„Nei, ég sé það strax að þær passa ekki,“ sagði Lahcen, og braut skyrtunarn saman og setti þær aftur í pokann. „Þú heldur þeim.“ Hann stóð upp, lyfti annari augabrúninni í spurn, og beið til að sjá hvort vinur hans myndi fylgja honum.

„Af hverju ertu svona þrjóskur?“ spurði Aziz.

„Þessi var góður.“

Aziz andvarpaði og stóð upp. „Fínt, förum og fáum okkur kaffi.“

Lahcen vildi fara aftur á sama kaffihús og þeir höfðu verið á áður, nálægt gamla hverfinu, en Aziz krafðist þess að þeir myndu fara á Ain Sebaa í staðinn. „Af hverju? Staðurinn er tómur,“ kvartaði Lahcen. Aziz útskýrði að hann vildi hitta Zohru eftir að hún væri búin að vinna í gosverksmiðjunni, sleppti þeirri staðreynd að hann hafði sannfært hana um að koma með vinkonu sína á kaffihúsið; hann vildi að það kæmi á óvart.

Þetta skiptið krafðist Aziz að borga fyrir kaffið. Sólin skein svo að þeir sátu fyrir utan. Einstaka vegfarandi gekk hjá, en það var töluverð umferð, og þannig eyddu þeir tímanum í að reykja og einblína á röðina af frönskum og þýskum bílum sem biðu á ljósunum, bílstjórarnir töluðu í farsímana á meðan útvarpið dunaði af amerískri tónlist. Aziz ímyndaði sér að kannski einn daginn yrði hann eins og þeir, að ætti bíl og stað til að fara á, í stað þess að sitja iðjulaus á kaffihúsi á meðan konan hans væri í vinnunni.

Fljótlega sá Aziz Zohru ganga upp eftir götunni, leiðast arm í arm með vinkonu sinni, hávaxinni, grannri konu í gulum *jellaba* sem gerði húð hennar enn dekkri, og sem var eins og litur af ristudum möndlum. Hún var með sítt, dökkt hár, og augu sem geisluðu af hugarró. Þeir drógu fram stóla fyrir konurnar, og Zohra kynnti vinkonu sína sem Maliku. Grábrún augu Zohru voru falleg í eftirmiðdagsbirtunni, en Aziz neyddi sjálfan sig til að veita Maliku athygli, að því sem skipti máli. „Jæja, þú vinnur með Zohru,“ sagði hann.

„Já,“ sagði Malika. Hún brosti, sem leiddi í ljós bil á milli framtanna hennar.

„Hvernig líkar þér þar?“ spurði Aziz.

„Það er allt í lagi, held ég,“ sagði hún, og snéri sér til að líta á Zohru, eins og að fá staðfestingu á því hversu óáhugaverð vinnan þeirra var.

„Hún er góð,“ sagði Zohra. „Hún getur athugað stútana miklu hraðar en ég.“

Drykkirnir þeirra komu, og aftur krafðist Aziz þess að borga.

Lahcen hafði enn ekki sagt orð, og hafði satt að segja byrjað laumulega að bora í nefið á sér. Aziz hnippiti í hann til að hann hætti. „Býrð þú einhvers staðar nálægt?“

„Nei. Ég bý í Derb Gnawa,“ sagði Malika, og fékk sér sopa af appelsínusafanum.

„Vinur minn er í Derby Talian, þannig að það er ekki svo langt frá,“ sagði Aziz. Hann sneri sér til að líta á Lahcen, og gerði það ljóst að hann var að bíða eftir því að hann segði eitthvað, en Lahcen hrærði sykrinum í annan bollann sinn af kaffi og drakk það allt í einum sopa.

Þetta er vonlaut, hugsaði Aziz. Engu að síður fannst honum að hann yrði að reyna aftur. „Lahcen var að segja mér frá nýrri egypskri kvikmynd sem verið er að sýna í Star Cinema.“

Malika leit á Lahcen, eins og að bíða eftir því að hann segði eitthvað, en í staðinn tók hann fram aðra sígarettu og kveikti í henni. Malika lauk við safann sinn, og rúllaði rörinu á milli fingranna. Það var löng, vandræðaleg þögn, og svo stóð Zohra upp og sagði að þær þyrftu að drífa sig.

„Jæja, hvað finnst þér?“ spurði Aziz.

„Um hvað?“

„Um Maliku, auðvitað.“

Lahcen yppti öxlum.

„Mér finnst hún sæt,“ sagði Aziz. „Og ...“ hann lét eins og hann væri að vega melónur.

Lahcen hló. Hann drap í sígarettunni í öskubakkanum. „Ekki mín týpa,“ sagði hann.

„Jæja, ef þú segðir okkur hver þín týpa er þá gætum við kannski komið þér á séns.“

„Skilurðu ekki?“ spurði hann, rödd hans hafði skyndilega hækkað. „Ég vil ekki að mér sé komið á séns.“

„Allt í lagi,“ sagði Aziz.

Peir sátu áfram í stólunum, og fylgdust með sólinni setjast við sjóndeildarhringinn, himininn breytast í skugga sem varð jafnvel enn litríkari af lögum loftmengunar yfir Casablanca. „Hvað um Taekwondo?“ sagði Aziz. „Ætlarðu að prófa það?“

„Við ættum að fara,“ sagði Lahcen, og stóð upp.

„Heyrðu, mér þykir þetta leitt.“ Aziz tók um handlegg vinar síns. „Gerðu það, sestu.“

Lahcen settist aftur, treglega.

„Hvað ætlarðu að gera?“ spurði Aziz.

Lahcen yppti öxlum. „Ekkert.“

Þjónarnir voru komnir út til að kveikja á ljósunum á veröndinni. Smám saman, fóru moskítóflugurnar að safnast í kringum perurnar, og hófu dans ómótstæðilegs aðdráttarafls.

„Hvað ef foreldrar þínir komast að þessu um þig?“

„Kannski vita þau það nú þegar.“

Peir gengu hægt tilbaka að strætóbiðstöðinni.

MORGUNNINN SEM HANN átti að fara af stað, vaknaði Aziz áður en vekjaraklukkan hringdi. Zohra var þegar vöknuð. Hún sat sín megin í rúminu, handleggir hennar um hnén. „Þú kemur aftur,“ sagði hún, og hann gat ekki fundið af tóni hennar hvort þetta væri spurning eða staðhæfing.

„*Insha 'llah*“

Hún lét höfuðið falla í hendur sér og reyndi að kæfa ekka. Hann tók hana í fangið og hélt henni þar til að gráturinn hjaðnaði. Á þeirri stundu, ef hún hefði beðið

hann um að vera, er ekki víst að hann hefði haft hugrekki til að segja nei. Enn einu sinni var hún sú sem sýndi hugrekki, þerraði andlitið snarlega og spurði hann hvort hann væri tilbúinn.

Þegar hann sat við morgunverðarborðið með foreldrum sínum í síðasta sinn, reyndi Aziz að leggja á minnið hverja einustu skynjun sem hann gat—bragðið af hveitibrauðinu, ilminn af eimandi mintuteinu, tilfinninguna af díváninum undir honum, hljóðið í bænaperlum föður hans þegar hann handfjatlaði þær. Hann vissi að á mánuðunum sem á eftir kæmu, þyrfti hann á öllu því að halda til að hjálpa sér við að komast af. En, það var eitthvað sem vantaði á þennan huglæga lista, svo að hann stóð upp og sagði Zohru að hann yrði aðeins í burtu í nokkrar mínútur. Hann hljóp að húsi Lahcen til að ná honum áður en hann færi í vinnuna. Lahcen opnaði hurðina, skyrtulaus og í náttbuxunum sínum. „Ég er farinn,“ sagði Aziz. Hann tók utan um Lahcen, með stóru, hranalegu klappi á bakið á þann máta sem hann vissi að menn ættu að gera. Og svo sleppti hann.

Það gengur betur á morgun

ÞEGAR SÍÐDEGIS FERJAN hleypti ferðamönnunum frá borði í Tanger, steypu leiðsögumennirnir sér yfir þá. Þeir skutust frá einum farþega til annars, buðu ferðir um gömlu bæjarhlutana og söfnin, hallirnar og markaðstorgin. En Murad Idrissi var með öðruvísi aðferð. Þetta var hans setning: „Með áhuga á Paul Bowles?“ Og oftast virkaði það, sérstaklega með hippatýpunar. Jafnvel þó að rithöfundurinn hafði látist fyrir nokkrum mánuðum síðan, gat hann enn farið með ferðamennina að húsinu þar sem hann hafði búið, á kaffihúsin sem hann hafði stundað, og staðina sem hann hafði keypt sitt *kif*. Þessa dagana, samt, voru leiðsögumennirnir fleiri en ferðamennirnir og Murad fékk litla vinnu.

Hann fylgdist vel með þegar ferðamennirnir stigu af spænsku ferjunni áður en hann tók eftir einu pari. Konan var í stuttermabol og hermannabuxum; félagi hennar var með derhúfu og í grænum stuttbuxum. Bakpokarnir sem þau báru gerði það að verkum að þau voru framlút þegar þau héldu af stað, en þau gengu rösklega eftir hafnarbakkanum. Þau virtust vera að nálgast þrítugt, sem var ekki sá aldur sem Murad óskaði eftir í þessari grein—það virkaði venjulega betur með eldra fólk. En hann gerði samt ráð fyrir að þau væru bresk eða amerísk og myndu þekkja til Bowles, og eins og hlutirnir voru búnir að vera upp á síðkastið, gæti hann ekki leyft sér að vera vandlátur.

Þau forðuðust augnsamband þegar hann gekk upp að þeim, en hann fór með setninguna sína með viðmótsþýðu brosi. „Með áhuga á Paul Bowles?“ Augnabliks svipbrigði af undrun birtist í andlitum þeirra, en þau færðu sig. Fjárans. Kannski voru þau ekki Ameríkanar. „¿Hablán español?“ spurði Murad. Ekkert svar. Annar leiðsögumaður mjakaði sér á milli Murads og ferðafólksins. „Sprechen Sie Deutsch?“

spurði hann. Murad skaut á hann augunum með svip sem sagði, ég sá þau fyrst, komdu þér í burtu frá þeim. Það hélt áfram, svo að Murad elti. Í netvasanum á bakpoka konunnar sá hann bók. Hann sveigði hálsinn til hliðar til að lesa titilinn: *Backpacking in Morocco*. Svo hann hafði rétt fyrir sér, þau voru sennilega enskumælandi.

Fyrir mörgum árum, þegar hann stundaði nám fyrir bakkalárgráðuna í ensku, fór hann í amerísku tungumálamiðstöðina í ZankatIbn Mouaz og sat á bókasafninu og las allar þær bækur sem hann kom höndum yfir. Hann elskaði að lesa, elskaði tilfinninguna af pappír undir fingrunum, hvernig orðin ultu af tungu hans, hvernig þau fengu hann til að uppgötva hluti sem hann vissi ekki um sjálfan sig.

Murad náði þarinnu við innganginn að ferjumiðstöðinni. Hann lét rödd sína hljóma af sjálfstryggi þegar hann sagði, „Ég heiti Murad. Velkomin til Marokkó! Viljið þið heimsækja hús Paul Bowles?“

„Nei takk,“ sagði konan.

Loksins svar. Það var enn von. Svo þau voru ekki áhugasöm um Bowles. Jæja, Murad kærði sig svo sem ekkert um hann heldur. „Langar ykkur til að sjá höll Barböru Huttons?“ spurði hann.

„Um hverja er hann að tala?“ spurði maðurinn. Eftir hreim þeirra að dæma vissi Murad að þau væru amerísk, ekki bresk, eins og hann hafði haldið.

„Woolworth erfinginn, Jack,“ sagði konan.

Murad uppgötvaði að hann hafði dæmt þau ranglega—þau höfðu ekki áhuga á tímabili Tanger frá 1960, svo að hann varð að finna upp á einhverju öðru. Hann notaði bakpokana þeirra sem vísbendingu og reyndi aftur. „Viltu skoða hella Herkúlesar, Jack? Afar, afar tilkomumiklir.“

Jack sneri sér svo snögglega við að Murad rakst á hann. „Heyrðu, fyrirgefðu,“ sagði hann. „Við þurfum ekki leiðsögumann. Takk samt.“

Honum fannst það tilkomumikið hversu auðveldlega þau rötuðu meðal fjölda hafnarmanna, önnur kafinna vegfarenda, endlausra leiðsögumanna og sölumanna. Fljótlega voru þau komin að ljósunum, með strætisvagnstöðina og leigubílaröðina rétt hinumegin við götuna. Tíminn var að renna út. Hann stóð við hliðina á þeim, leit í augu þeirra á meðan þau horfðu beint áfram. „Ég get gefið ykkur leiðsögn um gömlu borgina,“ sagði hann. Það hélt áfram að hunsa hann. „Vantar ykkur hótélherbergi? Ég veit um stað sem þið getið fengið gott verð.“ Enn engin viðbögd. Í örvæntingu hvíslaði hann, „Viljið þið smá hass?“ Rödd hans var yfirgnæfð af bílum sem þutu hjá í svörtu skýi útblásturs..

Hann var ekki viss um að þau hefði heyrt til hans, en þegar að ljósið breyttist, var merki um smá hik í skrefi konunnar. Hún sneri sér í fyrsta skipti til að líta á Murad. Þá greip Jack í olnboga hennar. „Eileen,“ sagði hann. Hún var með breitt enni og ljósa húð, en það voru skæru, bláu augun hennar sem slógu Murad. Það var eitthvað í þeim sem hann þekkti—uppgjöf, kannski.

Þau voru núna á leigubílastöðinni Petit-Taxis. „Ég get fengið gott verð fyrir ykkur,“ sagði Murad, rödd hans var hærra stemmd en hann hefði viljað, en þrátt fyrir það var tónn hans biðjandi. Hann var ekki einu sinni með neitt dóp á sér, en ef þau segðu já gæti hann alltaf fengið skammt hjá einum eiturlyfjasalanna. Og ef að þau segðu já, gæti hann mögulega grætt fjórtíu dírhom, til eða frá, nóg til að borga fyrir matvörurnar í einhverja daga. Henni Jacks þétti greinilega takið á olnboga Eileenar þegar hann stýrði henni í átt að leigubíl og opnaði hurðina fyrir hana. Murad dró djúpt andann. Þetta var búið.

Hann sneri sér við og leit yfir höfnina. Hann velti fyrir sér að fara tilbaka, en núna væru allir ferðamennirnir farnir. Hann hélt hægt áfram á áttina að Bab el Bahr, Sjávarhliðinu, og sparkaði í steina á veginum. Sólinn á skónum hans losnaði. Hann hreytti úr sér röð blótsyrða, og þrýsti hælnum á fætinum fastar að jörðinni til að fela laust gúmmíð. Þegar hann fór framhjá stóru moskunni, heyrði hann *muezzinn* kalla út fyrir kvöldbænina. Það yrðu ekki fleiri ferjur í dag.

MURAD HÉLT HEIM í gömlu borgina, tregur í skapi. Á hverjum degi þessa vikuna hafði hann komið heim tómhentur, og í dag var það eins. Hann reikaði í gegnum þröng strætinn um stund þar til að hann komst að því að hann var fyrir framan íbúðarhúsið sitt. Hann gekk upp stigana að efstu hæðinni með hraða þess manns sem er verið að leiða fyrir aftökusveit. Af stigapallinum heyrði hann grípandi söngstef egypskrar sápuóperu. Hann hallaði sér að járnhurð íbúðarinnar, opnaði og fór inn. Heit, blaut lyktin af því þegar verið er að strauja kitlaði nasir hans og hann hnerraði. Móðir hans leit upp frá strauborðinu, þar sem hún pressaði vinnuskyrtur systur hans. Fyrir aftan hana voru einu gluggarnir í stofunni opnir, sem sýndu hluta af loftnetum og gervihnattadiskum undir heiðskírnum himni. Hann kyssti handarbak hennar.

„Megi Guð vera ánægður með þig,“ sagði hún.

Hann fór úr *jeballanum* sem hann klæddist hvenær sem hann átti við ferðamenn. Hann var núna í gömlu gallabuxunum sínum og hvítum stuttermabol. Hann settist við hlið hennar, lófarnir þétt við snjáðan flauelsklæddan dívaninn, og andvarpaði.

„Hvernig var dagurinn þinn?“ spurði hún.

„Viðskiptin eru úr sér gengin,“ svaraði hann, og leit í burtu.

„Þér gengur betur á morgun.“

Hún sagði þetta á hverjum degi, hugsaði Murad, en gæfa hans virtist ekkert batna. Hann lét augun hvíla á sjónvarpinu, þar sem dökkur, myndarlegur maður var að biðla til þrýstinnar stúlku með of mikla augnmálningu, og lofaði henni að hann myndi tala við foreldra hennar eins fljótt og hann myndi finna vinnu og hefði safnað nógu miklum peningum fyrir heimamundinn. Murad tók af sér skóinn og skoðaði sólann. „Eigum við enn eitthvað af þessu til að líma skó?“ spurði hann.

„Í skápnum.“

Murad fór inn í eina svefnherbergið í íbúðinni, þar sem móðir hans og systir, Lamya, sváfu á næturnar. Hann og yngri bróðir hans, Khalid, eyddu nóttunum á dívönunum í stofunni. Það var einskær heppni að miðjubörnin, tvíburarnir Abd-el-Samad og Abd-el-Sattar, höfðu unnið skólstyrk og byrjað í læknanámi í Rabat á sama tíma og fjölskyldan hafði fundið þessa íbúð, nokkrum mánuðum eftir að faðir Murad lést. Það hefði ekki verið nógu mikið pláss fyrir tvær manneskjur í viðbót hérna. Hann náði í límið úr skápnum og, án þess að að hafa fyrir því að loka ójöfnu viðarhurðunum, fór tilbaka í stofuna. Hann byrjaði að vinna í skónum.

„Hvar er Lamya?“

„Í vinnunni.“

Systir Murads, Lamya, var móttökustjóri fyrir inn- og útflutningsfyrirtæki í miðborginni. Biturlega, mundi hann núna hvernig hann hafði fengið neitun við samskonar starfi af því að þeir vildu konu. „Ætti hún ekki að vera komin heim?“ spurði hann. Móðir hans hunsaði hann og hélt áfram að strauja, með augun á sjónvarpstækinu. „Hvað um Khalid?“ spurði hann.

„Hann er í skólanum.“ Móðir Murads dýfði fingrunum í skál af vatni og úðaði á skyrtuermi áður en hún bar á heitt straujárnið. „Af hverju allar þessar spurningar?“ spurði hún.

„Engri ástæðu.“ Hann setti tappann varlega á límið, renndi svo skónum undir fót á kaffiborðinu til að láta hann þorna.

Móðir hans kláraði að strauja vinnuskyrtturnar, hengdi á járnherðatré, og fór með þær. Þegar hún kom aftur settist hún hljóðlega við hlið hans. „Einhver bað um hönd systur þinnar í dag.“

„Hver?“

„Félagi hennar úr vinnunni. Hann kom til að ræða við frænda þinn og mig.“

„Frænda minn?“ Murad fann hvernig andlit hans roðnaði af reiði við smánina.

„Nú, já,“ sagði móðir hans.

„Af hverju sagðirðu mér þetta ekki?“

„Ég er að segja þér þetta núna.“

Hann sló hendinni á borðið og stóð upp. „Ég er karlmaðurinn í þessari fjölskyldu núna,“ sagði hann. Faðir hans hafði fallið frá fyrir þremur árum, í slysi þar sem bílstjórinn stakk af. Hann hafði verið að ganga heim af kaffihúsinu þar sem hann drakk te, sagði sögur, og spilaði skák með vinum sínum á hverju kvöldi, þegar bílstjóri á rauðum Renault reyndi að taka fram úr Fiat, snerist, fór út af veginum, og skall á hann.

„Það verður almennileg trúlofunarveisla og þú verður þar. Við megum fagna þegar röðin kemur að þér.“

Murad velti fyrir sér hvernig móðir hans gat sagt þetta svona eins og ekkert væri þegar að hún vissi að án vinnu kæmi röðin ekkert að honum á næstunni. „Ég hefði átt að vita þetta,“ æpti hann.

„Þú skalt ekki æsa þig við mig. Ætlar þú að borga fyrir brúðkaupið?“

„Aðeins vegna þess að ég hef ekki vinnu heldur þú að ég sé ósýnilegur? Ég er eldri bróðir hennar. Þú hefðir átt að koma til mín.“

Murad settist aftur á dívaninn. Augu hans voru á sjónvarpinu, en hugur hans reikaði. Lamya hélt áfram með líf sitt—hún var með vinnu og núna var hún að fara að gifta sig. Tvíburarnir voru enn í læknanámi, en það var lítill vafi á því að þeir ættu bjarta framtíð fyrir sér. Læknar gátu enn fengið vinnu. Og hvað með hann sjálfan? Hann blótaði sjálfum sér. Hvað var að honum? Kannski hefði hann ekki átt að hafa fyrir því að fara í framhaldsskóla að læra ensku, eyða tíma sínum í að læra tungumál og bókmenntir þess. Öllum var sama um þessa hluti. Í upphafi, þegar hann var nýútskrifaður, hafði hann kembt blaðið með auglýsingum og skrifað langar, pottþéttar atvinnuumsóknir; en eftir því sem mánuðirnir og árin skriðu áfram, tók hann hverju því sem hann fann, afleysingar eða árstíðavinnu. Núna, þegar hann leit tilbaka, velti hann því fyrir sér hvort hann hefði átt að vinna með smyglurunum, koma inn tollfrjálsum vörum frá Ceuta, í stað þess að sóa tíma sínum við háskólann.

VIÐ LJÓSASKIPTIN hélt Murad að Socco Chico. Hann tók sveig til að komast hjá því að ganga fram hjá Al-Najat byggingunni, þar sem hann hafði fengið eina vænlega starfsviðtalið á þeim sex árum síðan hann lauk framhaldsskóla. Það tók hann auka fimm mínútur og hann varð að ganga í gegnum þrönga götu þar sem brúnt vatn myndaði poll við bilað holræsi, en það var betra en að rekast á starfsfólkið sem var koma frá vinnu.

Hann var kominn á Café La Liberté um klukkan sjö og pantaði sér bolla af kaffi. Það var þykkt og bragðaðist eins og tjara. Það gerði ekkert fyrir hugarástand hans. Umhverfis hann reyktu gamlir menn klæddir túrbönnum á meðan þeir yngri, sem voru

berhöfðaðir, spiluðu á spil. Sjónvarpið á fjarri vegg kaffihússins sýndi fótboltaleik— Real Madrid spilaði á móti Barcelona. Murad horfði á með áhuga, og tók því ekki eftir Rahal þar til maðurinn settist við borðið. Rahal brosti til Murads, bros sem leit út eins og á skriðdýri út af stóru augunum, sem sátu of langt frá hvoru öðru, og sköllóttu höfðinu. Murad kinkaði kolli en hélt áfram að fylgjast með leiknum.

Rahal pantaði mintu te og hellti því svo, lyfti tekatlinum hægt þar til að froða myndaðist í glasinu, og þá hallaði hann sér að bláum, flísalögðum veggnum. „Hefurðu hugsað um samtal okkar frá síðustu viku?“ Rahal var búin að vera ýta á Murad, að reyna að fá hann til að fara á einn þessara báta til Spánar, og Murad var nú þegar búinn að segja honum tvisvar að hann hefði ekki áhuga. Maðurinn gafst ekki auðveldlega upp.

Murad hristi höfuðið. „Ég held ekki að þetta sé góð hugmynd.“

Rahal lék sér að sykurmolanum á undirskálinni. Hann sneri honum hring eftir hring á milli fingranna. „Leyfðu mér að spyrja þig að svolitlu. Hversu mikið vannstu þér inn fyrir þennan mánuð?“

„Það er utan háannatíma þessa stundina. Þetta fer að glæðast í sumar.“

Rahal brosti. „Þú getur ekki verið leiðsögumaður það sem eftir er. Þú munt aldrei getað lifað af því.“

Murad fékk sér sopa af kaffinu og hélt áfram að fylgjast með leiknum. „Frábært spark,“ sagði hann, og benti á skjáinn. „Barcelona vinnur þetta.“

Rahal leit ekki upp á sjónvarpið. „Á Spáni,“ sagði hann, „myndi einhver eins og þú fá vinnu á skömmum tíma.“

„Ég veit það ekki,“ sagði Murad.

„Heyrðu, ég ræði þetta venjulega ekki, en ég get sagt það. Ég get sagt um leið hvort einhverjum eigi eftir að takast það eða ekki. Og það gerir þú. Þú ert ekki eins og hinir.“

Murad glotti. Hélt Rahal að hann ætti eftir að trúa þessu?

„Gerðu eins og þér sýnist,“ sagði Rahal. „Farðu og leiktu leiðsögumann.“

Kannski eftir tíu ár hefur þú safnað nógu miklu til að flytja úr húsi móður þinnar.“

Murad leit niður. Í bollanum leystist gulleit froðan upp í svörtu kaffinu. „Hversu mikið?“ spurði hann.

„Tuttugu þúsund dírhöm.“

Murad skaust á fætur. Rahal greip um úlnið hans og benti honum á að setjast aftur. „Ef ég næst, fer ég í fangelsi,“ hvíslaði Rahal.

Murad blés á þetta. Hvernig gat fangelsi hrætt Rahal? Hann hafði verslað með eiturlyf hér áður, og núna smyglaði hann fólki til Spánar af því að það gaf meiri tekjur. Fimmtán árum áður hafði yfirmaður Rahals verið venjulegur veiðimaður, en núna átti hann flota af litlum bátum og hann réð smyglara eins og Rahal til að vinna fyrir sig.

„Hvað um mig?“ spurði Murad, og beindi þumalfingrinum í átt að bringunni.

„Þú færir ekki í fangelsi.“

„Ég á ekki tuttugu þúsund.“

„Hvað með fjölskylduna þína?“

„Faðir minn er látinn, megi Guð miskunna sig yfir hann. Móðir mín á enga peninga. Það er frænda mínum og systur að þakka að við erum ekki á götunni.“

„Geta þau ekki lánað þér pening?“

„Ekki slíka upphæð.“

„Þetta er mjög gott verð,“ sagði Rahal, „Við höfum aldrei lent í vandræðum.“

„Það sem ég get greitt eru átta þúsund,“ sagði Murad, þrátt fyrir að hann velti því fyrir sér hvernig hann gæti sannfært frænda sinn og systur um að lána sér upphæðina.

Rahal hló lágt. „Þetta er ekki einhver leikur. Við erum að taka mikla áhættu með þessu.“ Hann fyllti glasið aftur af tei. „Við erum með Zodiac björgunarbáta, ekki *pateras* eins og aðrir nota.“

Murad kallaði upp í hugann sokknu fiskibátana sem spænska lögreglan staflaði upp á strönd Spánar, sem sjá mátti alla leið frá Marokkó. Þeir töldu að það myndi hræða fólk. Það gerði það ekki.

„Tíu þúsund,“ sagði Murad.

„*La wah, la wah*. Ég get ekki gert þetta fyrir svo lítið.“

„Finnst þér tíu þúsund vera lítið?“

„Ég fæ þetta ekki allt saman. Ég þarf að borga eldsneytið, gleymdu því ekki. Og svo er það lögreglan. Ég verð að smyrja hana.“ Rahal sneri sykurmolanum milli fingranna. Með snöggri hreyfingu stakk hann honum í vasann. „Leyfðu mér að segja þér svolítið. Þú þekkir Rashid bakara? Bróðir hans fór með einum báta okkar fyrir um það bil átta mánuðum. Núna er hann í Barcelona og sendir fjölskyldu sinni peninga í hverjum mánuði.“

Murad varð aldrei leiður á að heyra sögur sem þessar. Hann hafði líka heyrt hryllingssögur—um drukknanir, handtökur, frávísanir—en þær einu sem voru sagðar aftur og aftur í hverfinu voru góðu sögurnar, um fólk sem tókst það. Á síðasta ári hafði bróðir Rashids verið einn af þessum atvinnulausu unglingum, krakki sem fannst gott að reykja hass og að byggja furðulega skúlptúra úr tómun eldspýtustokkum, sem hann reyndi að selja sem list. Sjá hann núna. Murad dró djúpt að sér andann. „Tólf þúsund. Ekki meira,“ sagði hann að síðustu. „Ég sver að ég mun ekki geta náð meiru út

úr þeim.“ Þrátt fyrir að Murad talaði um „þau,“ vissi hann að Lamya myndi ekki láta hann fá einn einasta rial. Fyrir það fyrsta, þá var hún að fara að gifta sig; í öðru lagi, gat hann ekki séð fyrir sér að biðja litlu systur sína um hjálp. En það væri annað með frænda hans. Hann myndi tala við hann, maður á mann, og biðja um lán. Maðurinn færi varla að neita honum, ekki eftir að hafa smánað Murad með brúðkaupi systur hans.

„Ef þú hefur það tuttugu þúsund, skaffa ég þér vinnu. Ábyrgist það. Eins og bróður Rashids.“

Murad stundi. „Allt í lagi,“ sagði hann.

„En taktu eftir. Fólk hættir við. Ég vil ekki þurfa að sóa tíma mínum.“

„Ég er ekki af því tagi sem hættir við.“

Rahal tók sopa. „Gott. Þegar að þessu kemur, hringjum við í þig. Við hittumst á ströndinni við Bab al Oued.“

„Hvenær förum við?“

„Hvenær getur þú látið mig hafa peningana?“

Murad leit undan. „Fljótlega,“ sagði hann.

EFTIR AÐ HAFA FARIÐ FRÁ Café La Liberté, hélt Murad aftur að ströndinni. Hann fann stað nálægt Casbah þar sem útsýni var yfir Miðjarðarhafið. Það var farið að dimma. Í fjarlægðinni líktust bílljósín Spánar megin mörgum ofurlitlum vitum, vitaeldar til aðvörunar um að aðkomufólk ætti að halda sig frá landinu. Hann hugsaði um atvinnuleyfin sem hann hafði óskað eftir. Undanfarin síðustu ár hafði kvótinn verið fljótur að fyllast og honum hafði verið neitað. Hann vissi í hjarta sínu að ef aðeins hann fengi vinnu, þá tækist honum það, hann yrði farsæll, eins og systir hans var í dag, eins og yngri bræður hans yrðu einn daginn. Móður hans myndi ekki dreyma um að virða

hann að vettugi eins og hún gerði. Og Spánn var svo nálægt, aðeins hinum megin við Sundið.

Hann byrjaði að ganga í gegnum Socco. Hann sá nokkra túrista ráfa um markaðinn. Hann gat ekki skilið þessa útlendinga. Þeir gátu farið á flott hótél, fengið hreint rúm, farið á ströndina eða í sundlaugina, og hérna voru þeir í versta hluta bæjarins, að leita að einhverju framandi. Hann velti því fyrir sér að tala við einn eða tvo, spyrja þá hvort þá vantaði leiðsögumann, en hjartað var ekki með í þessu lengur.

Ílmurinn af grilluðu kjöti freistaði hans, og hann nam staðar við sölubásinn sem gerði *kefta* og *brochettes*. Á meðan hann beið eftir pöntuninni heyrði hann konu tala á ensku og sneri sér við til að sjá. Þetta var þessi frá því fyrr um daginn. Hvað hét hún? Eileen. Hún hélt á ferðahandbók opinni í annarri hendi og benti fram fyrir sig með hinni. „Ég held að það sé í þessa átt,“ sagði hún. Þegar hún leit upp mætti hún augnatilliti hans, Murad velti því fyrir sér hvort hún þekkti hann án *jellabans*. Hún brosti. Hann sá hve frjállega hún bar sig, kæruleysið í háttalagi hennar, frjáls frá byrði þess að þurfa að lifa af, og hann öfundaði hana fyrir það.

„Veistu hvar Café Central er?“ spurði hún. Þannig að hann hafði haft rétt fyrir sér um þau eftir allt saman—þau höfðu komið til Tanger til að leita að Beats. Hversu auðvelt það yrði fyrir hann að setja sig inn í ferðina þeirra núna—hann gæti sýnt þeim kaffihúsið þar sem Burroughs reykti *kif*, eða hótelið þar sem hann skrifaði *Naked Lunch*. En hann var kominn yfir þetta allt saman núna; hann var nú þegar farinn að hugsa um nýtt upphaf, í nýju landi. Hann benti niður götuna. „Þessa leið,“ sagði hann. „Beint á móti Pension Fuentes.“ Síðan sneri hann sér aftur við til að bíða eftir því sem hann hafði pantað.

II HLUTI



EFTIR

Dýrlingurinn

FARID HAFÐI BJARGAÐ HENNI. Sumir sögðu að það gæti ekki verið. Þau sögðu að drengurinn væri aðeins tíu ára, að hann gæti varla hafa bjargað sér sjálfur, hvað þá mömmu sinni. Þau trúðu ekki Halimu þegar hún sagði þeim að hann hafði haldið úti grein og notað hana til að draga hana í gegnum sjóinn alla leið að landi. Þau spurðu hana hvernig hann hefði fengið greinina og hún sagðist ekki vita það. Hún er ekki með öllum mjalla, sögðu þau, hún hefur gengið í gegnum svo mikið.

En aðrir trúðu henni. Halima gæti hafa drukknað ásamt hinum, sögðu þau. Skipstjórinn hafði þvingað þau úr bátnum áður en þau komust að landi. Sjórinn var kaldur, straumþungur, Halima kunni ekki að synda. Þrátt fyrir þetta hafði Farid einhvern veginn dregið hana í öruggt skjól. Og jafnvel þótt spænska lögreglan biði eftir þeim á ströndinni þá voru þau á lífi. Þar að auki hafði drengurinn einnig hjálpað systur sinni, Mounu, og yngri bróður sínum, Amin. Þau höfðu *öll* lifað þetta af. Farid var dýrlingur.

Jafnvel eiginmaður Halimu, Maati, taldi þetta vera kraftaverk. Þegar hann hafði komist að því að hún hafði reynt að fara yfir Gíbraltarsund, sparkaði hann sjónvarpinu af standinum og braut það sem eftir var af diskunum. Hann sagði öllum að ef að allt sem Halima vildi væri skilnaður, af hverju borgaði hún þá bara ekki eins og hann hafði beðið hana um? Hann hefði skilið við hana. Og hvað voru fimm þúsund dírhöm fyrir konu sem átti bræður sem unnu í Frakklandi? Þeir hefðu efni á þessu. En að taka börnin hans, að stinga svona af, að hætta lífi sínu og þeirra, nú, þetta var greinilega athæfi sturlaðrar konu. Er nokkur furða að hann sló hana? En jafnvel *hemqa* eins og Halima hafði gert

einn hlut rétt, sagði hann. Hún hafði fætt son hans, Farid, og litli drengurinn hans hafði bjargað lífi hennar. Hún var heppin.

EFTIR AÐ HALIMA HAFÐI SNÚIÐ AFTUR til Casablanca flutti hún ekki aftur inn til móður sinnar sem hafði aldrei verið sammála ákvörðun hennar um að fara, og óttaðist Halima að hún myndi reyna að sannfæra hana um að taka aftur saman við Maati. Í staðinn fékk hún aftur peninga að láni, í þetta skipti frá einum af frændsystkinum sínum, og leigði sér herbergi með þremur börnum sínum í Sidi-Moumen, fátækrahverfi í útjaðri borgarinnar. Hún gat ekki fengið húsvarðarstöðu eins og þá sem hún hafði áður en hún fór, og slóst því í hóp í fjölda dagvinnufólks á markaðnum, eyddi tímanum í að sitja á hækjum sér á skítugum veginum, að bíða eftir höfuðhneigingu einhvers sem vantaði að fá þvottinn sinn þveginn eða að gera vorhreingerningu. Sölufólkið mætti fyrst, með yfirhlaðnar kerrurnar af appelsínum, tómötum eða sætum baunum. Þá ráfuðu kaupendur um, rifust yfir verði, keyptu matinn sinn. Eftir hádegi tæmdist markaðstorgið hægt, og þegar komið var að kalli síðdegisbænarinnar stóð hún upp og fór heim. Stundum, þegar ekkert starf var í boði, þegar sólin skein miskunnarlaust á hana þar til að hún hélt að höfuðið myndi flauta eins og ketill, varð hún reið við Farid. Hvers vegna hafði hann bjargað henni? Hvers vegna hafði hann bjargað nokkru þeirra? Það er enginn tilgangur með lífinu þegar það eina sem þú getur gert er að þrauka.

En einn daginn tókst henni að fá einn sölumannanna, sem hafði losað næstum allan vagninn sinn um hádegið, til að gefa henni maísstöngla sem hann átti afgang. Hún ákvað að grilla þá í kvöldmatinn. Hún var að kynda undir eldinum með *rabuz* þegar einhver bankaði á hurðina. Maati stóð á tröppunum hennar, líkaminn fyllti upp í litlu gættina. Skyrtan var opin niður á bringu og sýndi hárið sem farið var að grána.

Augu hans voru blóðhlaupin. Halima snerist á hæl, skimaði yfir herbergið, reyndi að finna út hvar hún gæti falið sig á svona litlu svæði. En Maati greip um úlnið hennar og, án þess að hreyfa sig, sneri henni aftur að sér. Hún beit í vörina, herti sig fyrir höggið. En Maati sló hana ekki. Í staðinn tróð hann blaði í hönd hennar. „Ef þetta er allt sem þú vildir,“ sagði hann, „þá færðu það núna.“ Og, eins og til að leggja áherslu á yfirlýsingu sína, hrækti hann á hana. Hrákinn lenti á blússunni hennar, en það eina sem Halima sá var skilnaðarpappírinn, með vandaðri og greinilegri undirskrift *'aduls* neðst. Hann sneri sér við og fór.

Halima stóð stjórf. Óttinn sem hafði sett magann á henni í hnút þegar hún kom auga á eiginmann sinn, nú fyrrverandi, fór að leysast upp og í staðinn fann hún blóðið þjóta upp að gagnaugunum. Þessi fagnaðartilfinning var algjörlega ný. Hún hafði reynt allt til að fá þennan pappír, og þegar hún síst átti von á því, hafði hann verið afhentur alveg heim að dyrum. Hvað hafði fengið Maati til að skipta um skoðun? Halima hafði heyrt frá móður sinni að tæpum mánuði eftir að hún hafði stungið af hafði Maati reynt að giftast aftur. En foreldrar stúlkunnar höfðu heyrt um það sem kom fyrir Halimu og neituðu honum. Kannski vildi hann eyða henni úr lífi sínu og byrja að nýju með einhverri annarri. En þá mundi hún eftir löngu lestarferðinni frá Tanger til Casablanca, þegar Farid hafði snúið sér að henni og sagt, „Ég vildi að Baba hefði skilið við þig í fyrsta skipti sem þú spurðir.“ Hún hafð hlegið lágt að athugasemd hans, ýft hár hans með hendinni, og snúið sér til að horfa á landslagið fyrir utan. Núna braut hún vandlega saman skjalið og renndi því ofan í veskið sitt. Hendur hennar skulfu enn, hún setti ketilinn á *mijmarinn* og hitaði sér tebolla. Farid hafði orðið að ósk sinni. Hún var búin að fá skilnaðinn. Hún sat með hendi undir höku og hugsaði um hvað það hefði að segja. Og hún mundi eftir blæðandi trénu.

Þegar Halima var fimm ára gömul hafði móðir hennar verið að koma heim af markaðinum, uppnumin af fréttunum sem hún hafði heyrt: það var blæðandi tré, heilagt tré, í Rabat. Hún hafði útbúið hádegisverð í nesti og þær höfðu tekið lestina til borgarinnar, ferðuðust á fjórða farrými þar sem bændur sátu á trébekkjum, skröfuðu yfir farangrinum sínum, rimlakössunum, og hænsnunum sínum. Þetta var fyrsta ferð Halimu til borgarinnar, og hún var vonsvikin yfir hljóðu strætunum, snyrtilegum grasflötunum fyrir framan stjórnarbyggingarnar. Blæðandi tréð stóð á lítt gróðursettu svæði hinum megin við blómamarkaðinn, nokkrum skrefum frá lögreglustöðinni. Fjöldi fólks var þar nú þegar, sumir sátu, aðrir stóðu. Frá þeim heyrðu Halima og móðir hennar söguna um tréð. Verktaki hafði ráðgert að rífa það niður til að rýma fyrir hárrí byggingu, en þegar verkamennirnir reyndu að fella það byrjaði því að blæða. Pílagrímar birtust fljótlega eftir þetta, sumir söfnuðu blóðrauða vökvanum til að nota í brugg, aðrir notuðu svæðið til bæna. Það varð að stöðva vinnu. Í dag, sagði einhver, hafði borgin sent vísindamann til að segja fólkinu að það væri ekkert kraftaverk.

Halima og móðir hennar komu sér í gegnum mannþröngina, alveg fremst til að geta betur séð vísindamanninn. Hann var ungur maður, varla meira en unglingur, hárið var allt ýft upp í afrógreiðslu eins og á amerísku söngvurunum í sjónvarpinu. Hann klæddist teinótttri skyrtu og buxum með útvíðum skálmum. Blýanti var smeygt á bak við eyrað. Hann stóð, borðaði rólega sólblómafræ, þar til allir voru orðnir rólegir. Hann fleygði frá sér trjábútnum, benti á blóðrauðan safann, og sagði að þetta væri eðlilegt efni sem þetta sérstaka tröllatré myndar. Hann kallaði tréð einhverju flottara nafni, eitthvað sem hljómaði eins og franskt eða spánskt orð. Tréð hafði myndað safu í yfir hundrað ár, jafnvel lengur. Þetta var fullkomlega eðlilegt. Það var ekkert kraftaverk. Það var ekkert að sjá. Farið heim, sagði hann. Fólk stóð tvístígandi, leit í kring um sig hvert á annað, en

hélt kyrru fyrir. Vísindamaðurinn yppti öxlum og fór. Heimskingi, sagði fólk. Hvað veit hann um kraftaverk? Hann óhreinkaði þessa heilögu jörð. Það benti í áttina að mjúku, röku jörðinni, þar sem sá í leifar af skurn sólblómafræja, vitnisburður um leið hans í gegnum helgidóminn. Móðir Halimu renndi kræklóttum fingrum sínum eftir trjábólnum og náði smávegis safa, og safnaði honum í endurnýtanlega lyfjaflösku.

Eftir ferðina til Rabat sneri móðir Halimu aftur til Casablanca, full vonar um að draga myndi úr liðagigtinni sem hafði verið að blossa upp undanfarið; að bænum hennar yrði svarað. Faðir Halimu, sem sat alltaf á horndívaninum og reykti filterslausar sígarettur, hristi höfuðið og sagði að hún væri rugluð. Hins vegar, batnaði móður Halimu um stundarsakir. Hún byrjaði að þrjóna aftur, og tifið frá þrjónunum mynduðu hljóðrás fyrir hvert kvöld í mánuð. En fljótlega komu fréttir frá Rabat um að verktakinn hafði tekið niður tréð og væri byrjaður að vinna að nýju byggingunni. Þegar liðagigtin blossaði upp að nýju sagði móðir Halimu að það væri vegna þess að tréð hefði verið rífið niður.

Halima fékk sér sopa af teinu. Hún hristi höfuðið. Það höfðu ekki verið nein kraftaverk fyrir móður hennar, og kannski væru engin fyrir hana. Samt, jafnvel þótt hún ætti að trúá þessu fólki sem sagði að hana hefði dreymt greinina og björgunina gat hún ekki fengið sig til að hunsa hugarfarsbreytingu Maatis. Aðeins kraftaverk gat fengið þennan mann til að gefa henni frelsi sitt aftur. Stundum, hugsaði Halima, var betra að gefa sig á vald þess sem maður skildi ekki. Farid sonur hennar hafði gefið henni lífið til baka. Tvisvar. Hún varð að viðurkenna að hann var öðruvísi.

Þessa nótt, þegar hún og börnin gengu til hvílu á mottuna, lagðist hún á hliðina, starði á hann klukkustundum saman, og endurlifði stutta æfi hans í huganum. Hún velti því fyrir sér hvort það væri eitthvað annað kraftaverk sem hún hafði ekki tekið eftir af

því að hún hafði ekki verið með athyglina vakandi. Það var í skiptið þegar hún hafði verið á göngu með honum, og þau leiddust, á leið að Lakrie markaðnum. Ökumaður hafði tekið skarpa beygju um leið og hún hafði stigið út af gangstéttinni, og Hondan slagaði í áttina að henni. Farid hafði togað hana naumlega til baka tímanalega. Hún hafði staðið á gangstéttinni, fótleggirnir riðuðu undir henni, önnur höndin hvíldi á öxlum Farids og hin á bringu hennar, eins og það myndi róa slátt hjartans.

Hún lokaði augunum og sneri sér yfir á bakið. Þessi drengur hennar var *mardi*, heilagt barn.

KHADIJA, NÁGRANNINN, var sú fyrsta til að spyrja. Hún kom að húsinu eitt kvöldið, dró son sinn Adnan með hendinni, neyddi hann til að sitja hjá sér á mottunni. Hún var hljóð á meðan Halima útbjó te handa henni, notaði alla þá mintu og sykur sem hún átti eftir. Farid sat með þeim á meðan bróðir hans og systir sátu og léku sér með snæri, bjuggu til form sem líktust beði eða bátum, létu snærið ganga fram og til baka. Halima bar fram teið og eftir þetta venjulega kurteisishjal, fitlaði Khadija við faldinn á heimakyrtlinum, beit í vörina, og bað um greiða. Hún sagði að Adnan væri við það að taka lokaprófin og að hann þyrfti hjálp, smá gæfu. „Hann féll í fyrra,“ sagði hún. „Ef hann fellur aftur þetta árið reka þeir hann. Getur þú gert þér það í hugarlund, *ya* Halima? Hvað á ég að gera við hann ef hann fer ekki í gagnfræðaskóla?“ Hún sló að auki á vangann á sér.

„Af hverju heldur þú honum ekki heima og lætur hann læra?“ spurði Halima, pirruð við Khadija fyrir að gera svona kröfu. Allir vissu að Adnan átti það til að sleppa skóla til að spila fótbolta á götunum.

„En kannski getur sonur þinn veitt honum blessun,“ krafðist Khadija. „Sagðir þú ekki að hann hefði bjargað lífi þínu? Sagðir þú ekki að hann hefði bjargað lífi barnanna þinna?“

Halima kinkaði kolli með eftirsjá. Farid hvíldi höfuðið á handlegg hennar, eins og til að hughreysta móður sína fyrir mistökin. Hún hélt lófunum opnum fyrir framan sig. „Hann er bara lítill strákur,“ sagði hún. „Og fyrir utan það, ef hann gæti gert kraftaverk, myndum við lifa á þennan hátt?“

„Leyfðu Farid að blessa son minn,“ sagði Khadija. „Leyfðu honum að færa okkur einhverja gæfu.“

„Ef Adnan lærði, þyrfti hann ekki neina gæfu,“ muldraði Halima. Khadija svaraði ekki. Í stað þess leit hún sár á Halimu. Þögnin þyngdist, og þrátt fyrir að hafa tranað sér fram sýndi Khadija ekki á sér neitt fararsnið. Að síðustu ýtti Halima við Farid. Hann rétti fram hendina, lagði á höfuð Adnans, og leit undan á meðan. Hann, sem var óviljugur dýrlingur fyrir, gaf sína fyrstu blessun.

HALIMA VAR AÐ VASKA UPP diskana þegar að Farid kom til hennar. „Er þetta satt?“ spurði hann.

„Hvað?“

„Að ég sé dýrlingur?“

„Bölvaður sé Satan, barn,“ sagði hún, og hristi höfuðið. „Þessi kona er snarrugluð.“ Hún tók upp bakkann og hreinsaði hann. „Ekki gleyma að fara út með ruslið.“

„Af hverju baðstu mig þá um að snerta son hennar?“

„Af því að það var eina leiðin til að fá hana til að fara. Skildirðu það ekki?“

Farid kinkaði kolli.

„Þér er sama, er það ekki?“ sagði Halima og teygði sig til að slétta hár sonar síns. „Það getur ekki skaðað, er það nokkuð?“

Farid yppti öxlum. „Nei.“

„Að minnsta kosti fór hún ánægð heim út af þessu.“

Farid tók ruslið og gekk hljóðlega út. Frá eldhúsinu heyrði Halima að Amin og Mouna stríddu honum út af blessuninni. „Snertu nefið mitt,“ sagði Mouna hlæjandi. „Ég held að það leki. Það þarfnast smá *baraka*.“

„Hvað um rassinn minn?“ sagði Amin. „Kannski að þrumpið mitt eigi eftir að lykta eins og ilmvatn.“

Farid skellti hurðinni, en hlátur þeirra hætti ekki.

JAFNVEL MEÐ dýrling á heimilinu þurfti Halima að vinna. Móðir hennar hafði sagt henni frá húsvarðarstöðu tvisvar í viku á lögfræðiskrifstofu, en þegar hún fór til að spyrja var henni sagt að það væri nú þegar búið að ráða í stöðuna. Svo að hún fór að selja *beghrir* á markaðinum. Á hverju ári, þegar fólk bragðaði á *beghrir* pönnukökunum sem hún gerði fyrir *Eid*, þá hrósaði það henni fyrir hversu loftkenndar þær urðu.

Stundum bjó hún til slatta af *mille-feuilles*, til að freista nemenda á leið heim úr skóla. Hún naut þess að vinna sjálfstætt og var góð sölukona. Hlutirnir voru að ganga þrátt fyrir allt, hugsaði hún. Stundum, á leið heim frá markaðinum, fann hún Adnan að spila fótbolta á götunum og dró hann á eyranu alla leið heim til hans, og sagði við hann að hann hafði fengið blessun og ætti ekki að sóa henni á fótboltann. Áður en langt um leið hljóp Adnan heim um leið og Halima kom í ljós við götuhornið með bastkölfuna stöðuga á höfðinu.

Dag einn í júní þegar Halima og börn hennar komu heim beið Khadija eftir þeim, með *qualeb* af sykri undir handleggnum. Syni hennar hafði einhvern veginn tekist að ná prófunum, og þess vegna þrýsti hún þakklát *qualebinu* í hönd Halimu. Halima muldraði hamingjuóskir og sneri sér til að stinga lyklinum í skrána. Khadija fór ekki. Hún stóð svo nærri að Halima fann heitan andadrátt hennar við hálsinn. Halima lét körfuna síga og studdi henni við mjöðmina. „Adnan hlýtur að hafa lagt mikið á sig,“ sagði hún. Khadija virtist ekki hafa heyrt í henni. Hún starði stöðugt á Farid, með lotningar svip. Halima þrýsti á axlir sonar síns og vísaði honum og bróður hans og systur inn í húsið áður en hún sneri sér aftur að Khadija. „*Uqbal* á næsta ári. *Inshallah* þá á honum eftir að ganga jafnvel.“

Halima lokaði dyrunum og andvarpaði. „Núna á hún eftir að vilja meira,“ sagði hún. „Og hún á eftir að segja hinum.“

Farid var nú þegar farinn að rífa bláan pappírinn af sykurstýttunni. Hann braut af þrjá bita og gaf bróður sínum og systur sitt hvorn bitann áður en hann stakk einum upp í sig. Hann brosti breitt. „Þú sagðir að það gæti ekki skaðað.“

VIKU SEINNA, þegar Halima var að blanda saman deigið fyrir *beghrir* heyrði hún að það var bankað. Mouna opnaði hurðina. Móðir Halimu, Fatiha, staulaðist inn fyrir og studdist við stafinn sinn.

„Hvað ert þú að gera hér?“ spurði Halima og stóð upp.

„Er ekki í lagi að hitta mín eigin barnabörn?“ svaraði Fatiha, hneyksluð á svip. „Þú kemur aldrei með þau nú orðið, þannig að aumingja móðir þín verður að taka strætóinn alla leiðina hingað til að hitta þau.“ Hún fór úr *jellabanum* og settist á mottuna.

Halima óttaðist hvað lægi að baki þessari óvæntu heimsókn. Ætlaði móðir hennar að reyna að sannfæra hana enn einu sinni um að fara aftur til Maati? Ætlaði hún að biðja hana um að hætta að selja mat á markaðinum og reyna að fá alvöru vinnu? Hvað sem það var vissi Halima að heimsóknin væri ekki góðs vísir. „Farið út að leika,“ sagði hún við börnin.

„Bíðið,“ sagði Fatiha. Hún leitaði að einhverju í veskinu og dró upp lófafylli af sætindum. „Ég kom með smá sælgæti handa þeim.“ Amin og Mouna flýttu sér til að fá sinn skerf, rifu utan af sælgætinu með látum og báru saman liti og bragð.

„Fáðu þér, Farid,“ sagði Fatiha, og teygði út kræklótta hendina fyrir dótturson sinn.

Drengurinn hristi höfuðið. „Mig langar ekki í sælgæti.“

„Jæja, en komdu samt nær og leyfðu mér að líta á þig,“ bað hún.

„Ég ætla bara að fara út að leika.“ Hann greip með sér loftlausan fótboltann og stökk af stað með systkini sín í eftirdragi.

Fatiha skellti í góm. „Engir mannasiðir,“ sagði hún.

„Geturðu aldrei sagt eitthvað jákvætt?“ spurði Halima. Þetta var líkt móður hennar, hugsaði hún, að finna eitthvað að þremur góðum börnum eins og Mounu, Farid, og Amin. Fatiha setti stút á varirnar og var hljóð um stund, fylgdist með Halimu hella smá deigi á steinhelluna.

„Ertu búin að fara til læknis?“ spurði Halima.

„Til hvers?“

„Út af liðagigtinni.“

Fatiha tautaði eitthvað um að vera búin að fara nóg til lækna.

„Þú ættir að fara aftur. Þeir eru örugglega komnir með betri lyf í dag.“

„Ég þarf ekki lyf. Mér líður ágætlega,“ sagði Fatiha með skjálfandi röddu. „Fyrir utan það, af hverju ætti ég að hafa áhyggjur af sjálfri mér þegar mín eigin dóttir virðist ekki bera næga umhyggju fyrir mér til að leyfa mér að öðlast smá blessun?“

Halima hristi höfuðið. Leikaraskapur móður hennar var hæfileiki sem hún gæti aldrei vanist. Hún gæti aldrei vanist fólki sem vildi fá aðra til að hjálpa þeim út úr vanda í stað þess að treysta á sjálfan sig. Hún tók fyrstu *beghririna* af og lagði á bakkann, hellti svo meira deigi.

„Við berum öll umhyggju fyrir þér, *Mmi*,“ sagði Halima. „Hérna, smakkaðu.“

Fatiha rúllaði sér upp *beghrir* og fékk sér bita. „Guð, hvað þetta er ljúffengt.“

„Ég fer sjálf með þig til læknisins.“

„Ég á ekki peninga til að fara til læknisins.“

„Hafðu ekki áhyggjur. Ég borga,“ sagði Halima. Hún teygði sig í átt til móður sinnar og snerti handlegg hennar eins og til að hughreysta hana. Svo sneri hún sér til að fylgjast með *beghririnni* krauma á meðan á steikingunni stóð. Hún tók ekki eftir að daufleg birta eftirmiðdagsins var farin að lengja skuggana fyrir aftan hana, myndaði umgjörð um líkama hennar eins og ljósboga helgidóms.

Undirlægjan

UNGLINGURINN VAR eftirlætis viðskiptavinur Fatens. Hann var ekki það sem þú myndir kalla fastakúnni, eins og þeir sem komu á föstudagskvöldum eða fyrsta daginn í mánuðinum, þeir sem komu til hennar eins og þeir myndu stoppa í bakaríi og kaupa auka sætabrauð til að hafa með kaffinu sínu af því að þeir voru nýbúnir að fá útborgað. Í þá fimm mánuði sem hún hafði þekkt hann var ekkert reglubundið mynstur á heimsóknum hans, en hvenær sem hún sá bíl hans koma eftir Calle Lucia, fetti hún á sér bakið, hnykkti til mjöðminni og brosti. Hann fór líka alltaf út úr bílnum, en það var meira en hægt var að segja um hina, mennina sem töluðu við hana á meðan þeir hölluðu sér yfir stýrið, eins og að ef þeir eyddu meira en mínútu í að ákveða hverri þeir ætluðu að ríða væri það of mikil tímaeyðsla. Hann var öðruvísi.

Hann hét Martín. Í fyrstu hafði hún álitid að það væri bara falskt nafn, en einhver hafði hringt í farsímamann hans einu sinni, rétt eftir að hann hafði borgað henni, og hún hafði heyrt ráma rödd á hinum endanum öskra nafnið. Hún hljómaði eins og löggá–
–einhver með vald, einhver sem var vanur að gefa skipanir. Seinna spurði hún Martín hver þetta var og hann sagði það vera föður sinn sem hringdi frá Barcelona til að spyrja af hverju hann væri úti svona seint, eins og að Martín væri enn barn. Martín útskýrði að hann var yngstur barna föður síns úr tveimur hjónaböndum. Hann hristi höfuðið og lagði frá sér símann, og muldraði að *el viejo* væri að tapa sér.

Hún vissi ekki eftirnafn Martíns. Það sem hún vissi var að hann var nýfluttur til Madrid til að stunda nám við Complutense háskóla. Hann ræddi aldrei hvað hann var að læra, og hún spurði ekki, af því að hún óttaðist að það ýfði upp minningar úr hennar

eigin háskólalífi í Marokkó. Hún vildi ekki hugsa um þann tíma í lífi sínu þegar heimurinn virtist enn fullur af fyrirheitum og möguleikum.

Á suman hátt líkaði Faten vel að vita aldrei hvenær hann myndi koma við. Það gaf henni eitthvað að hlakka til, og ef hann birtist var það eins og gjöf, eitthvað sem hún gæti tekið utan af og haldið á lofti og dást að. Því seinna sem það varð, því óvæntara. Og það var líka möguleiki, ef hann birtist til að hitta hana seint á nóttu, að hann gæti verið hennar síðasti svo að það skipti ekki máli hversu lengi hún væri með honum. Það hélt henni gangandi á slæmum kvöldum, þegar það rigndi eða þegar stelpurnar rifust. Spænsku stelpurnar slógust oft við þær marokkósku eða rúmönsku eða úkranísku, en það var vonlaus barátta. Í hverri viku var ný innflytjendastelpan í hverfinu.

Martín minnti hana á nágranna sem hún hafði verið skotin í þegar hún var lítil. Á þeim tíma hafði hún verið send til að búa í Agadir með frænku sinni af því að móðir hennar hafði ekki efni á að hafa hana í Rabat, þegar faðir þeirra hafði yfirgefið þær og barnameðlagið sem rétturinn hafði skipað honum að borga skilaði sér aldrei. Faten hafði verið í bænum við sjávarsíðuna þar til að hún varð fjórtán og brjóst hennar uxu í D-skál. Einhleypi maðurinn við hliðina hafði byrjað að koma við með fáránlegar afsakanir, það um að fá lánaðan bolla af sykri eða flösku af olíu. Þá fannst frænku Fatens tími til kominn að hún sneri til baka í höfuðborgina.

Faten hafði flutt til móður sinnar í fátækrahverfið í Douar Lhajja, stað þar sem kúskús pottar voru notaðir sem gervihnattadiskar. Hún var þarna í sex ár—og á þeim stutta tíma hafði henni tekist að útskrifast úr menntaskóla, fara í háskóla, finna Guð, og ganga í Stúdentasamtök Íslama. Hún var svo óheppin að láta frá sér niðrandi athugasemd um Hassan konung nálægt uppljóstrara en hafði sloppið við handtöku þökk sé vinsamlegri ábendingu, sem jaðraði við kraftaverk. Því mótmælti hún ekki þegar

imaminn hennar stakk upp á því að hún færi úr landi. Hún hafði gert eins og henni var sagt. En *imaminn* hennar var ekki til staðar þegar spænski strandgæsluvörðurinn náði henni og hinum ólöglegu innflytjendunum. Hann var ekki heldur nálægt þegar hún þurfti að verja sjálfa sig á Spáni. Núna var enginn sem gat ákveðið fyrir hana hvort hún ætti að hitta Martín eða ekki.

Kvöldið var búið að vera gott. Hún hafði unnið sér inn góðan pening og Martín var síðasti kúnninn hennar. Hún steig upp í bílinn hans og dró niður spegilinn farþegamegin, þerraði andlit sitt með bréfpurrku og frískaði upp á varalitinn. Hún gaut augunum á hann. Ljósbrúnt hárið var byrjað að þynnast fyrir aldur fram, og þunnar varir hans urðu þynnri þegar hann komst í uppnám. Hann var í svörtum síðbuxum og í víðri hnepptri skyrtu opinni í hálsinn, þar sem gyllt arabískt letur dansaði á djúprauðu flæmi. Hún spurði hvað hann vildi gera.

„Bara tala,“ sagði hann. „Getum við það?“

„*Como que no*,“ sagði hún.

Hann setti bílinn í gang og keyrði rólega frá Calle Lucia, að Huertas. Faten hvíldi höfuðið upp að sætinu og teygði úr fótunum, fætur hennar sárir eftir að hafa staðið of lengi á háum hælum. Það hafði verið jafn erfitt að venjast hælunum eins og stuttu pilsunum. Áður fyrr, í heimalandinu, voru það alltaf sandalar eða strigaskór, öklasítt pils og notuð peysa.

„Jæja, hvaðan ertu?“ spurði hann.

„Rabat.“

„Ég hélt þú værir frá Casablanca.“

„Ég get verið frá Casablanca ef þú vilt.“ Hún hló, vildi að hann vissi að þetta var aðeins eitthvað sem hún sagði, ekki eitthvað sem hún myndi virkilega segja *honum* í alvöru. Hún vildi að hann vissi að henni fannst hann vera öðruvísi.

Hann beygði upp hliðargötu og stöðvaði bílinn. Hún var hljóð, horfði á ljósin frá bōrunum upp eftir götunni, reyndi að finna út hvar þau væru út frá Lavapiés þar sem hún átti heima. Hún varði miklum tíma á götunni en samt þekkti hún ekkert sérstaklega vel til í Madrid. Síðan að hún kom hafði hún ekki séð mikið—aðeins strætin, íbúðina, spítalann og búðirnar.

Martín talaði blíðlega. „Hversu lengi ertu búin að vera í Madrid?“

„Í bráðum þrjú ár.“

„Ég er viss um að þú hefur haft marga fastakúnna.“

„Nokkra. Ekki marga.“

„Þeir vita ekki af hverju þeir eru að missa.“

„Og hvað ætti það að vera?“

Hann strauk þumlinum í hringi um hnúðinn á hné hennar. „Ansi margt,“ sagði hann. „Ég er hrifinn af ilminum af húðinni þinni—saltur eins og svartar ólífur.“ Hann sneri lokk úr hári hennar um fingurinn, slepti honum, renndi fingrunum eftir kinnbeinunum, tók um hægra brjóst hennar. „Og brjóstunum þínum—þroskuð sem mangó.“

„Þú lætur mig hljóma sem matarrétt,“ sagði hún.

„Það mætti kalla mig smekkmann.“

Hún leit í augu hans, og í fyrsta skipti velti hún fyrir sér hvort að það sem hún hafði tekið sem blik sakleysis væri eitthvað annað—glampi af gáska, jafnvel stríðni.

„Það er svolítið sem ég hef ætlað að spyrja þig um,“ sagði hún. „Um föður þinn. Er hann löggættur?“

„Hann er svín.“

„Af hverju kallar þú hann það?“

„Af því að hann er fasisti,“ sagði hann. Hann hallaði sér aftur að höfuðpúðanum þegar hann talaði, sagði henni frá föður sínum, sem var hættur störfum sem liðsforingi í hernum en hann hafði gegnt herþjónustu fyrir Franco sem ungur maður. Þetta var einhverskonar hefð í fjölskyldunni; afi Martíns hafði líka gengt herþjónustu fyrir Franco. Þegar hún heyrði nafn yfirhershöfðingjans hreyfði það við minningu Fatens um móðurafa sinn, stoltan *Rifa* sem misst hafði sjónina á meðan á uppreisninni stóð í norðri. Það var sinnepsgas sagði hann börnum sínum, og hann eyddi því sem eftir var af lífi sínu í að sárbiðja um byssu til að enda þetta allt saman. Þrátt fyrir það dó hann úr krabbameini tveimur árum áður en Faten fæddist

Martín sagði að faðir sinn hataði innflytjendur. Hann hristi höfuðið. „En ég er ekki eins og hann,“ sagði hann. „Ég er hrifinn af þér.“

„Það ertu,“ sagði hún, með ég-hef-heyr-þetta-allt-áður röddinni.

Martín virtist ekki kippa sér upp við hæðnina. „Ég vil hjálpa þér,“ sagði hann og strauk handlegg hennar. Hann sagði að hann gæti hjálpað henni að fá innflytjendapappírana, að hann vissi um smugur í lögnum, að hún gæti verið lögleg, að hún þyrfti ekki að vera á götunum, að hún gæti fengið alvöru vinnu, hafið nýtt líf.

Faten hafði aldrei búist við að neinn myndi gefa svona fjarstæðukennd loforð, þannig að hún vissi ekki hvort hún ætti að hlæja eða þakka fyrir sig. Um stund leyfði hún sér að ímynda sér hvernig eðlilegt líf myndi vera hérna, aldrei að þurfa að hitta mennina, geta sofandi á nóttunni, geta litið í kringum sig án þess að hafa áhyggjur af

lögreglunni í hvert skipti. Hún fór að velta fyrir sér verði þessa alls—þrátt fyrir allt, þá hafði hún lært fyrir löngu að ekkert var ókeypis. Hann hló þegar hann tók eftir stirðnuðu augnaráði hennar. „En fyrst, segðu mér frá sjálfri þér. Hvar bjóstu í Rabat?“

Hún yppti öxlum. „Íbúð.“

„Með foreldrum þínum?“ spurði hann.

„Móður minni.“

„Einhverjir bræður eða systur?“

„Nei.“

„Það er óvenjulegt, er það ekki?“ spurði hann. „Ég meina, að vera einkabarn, í þínu landi.“

„Ætli það ekki.“

„Og klæddistu þessum útsaumudu kjólum? Hvað kallast þeir aftur? Kaftanar?“

„Reyndar ekki.“

Hann virtist vonsvikinn, leit niður á stýrið, nagaði fingurneglurnar og reif ræmur af naglabandi með tönnunum.

„Hvað er með allar þessar spurningar?“ spurði hún. „Ertu að skrifa ritgerð um mig?“ spaugaði hún.

Hann kastaði aftur höfðinu og hló. „Auðvitað ekki,“ sagði hann, og renndi hendinni niður eftir lærinu hennar. Hún gramsaði í gegnum veskið í leit að smokkum, og uppgötvaði að hún var uppiskroppa. Þegar að hún sagði honum það sagði hann að hann ætti auka í hanskahólfinu. Hún opnaði það, og þar, á milli geisladiska, korta, og bensínstöðvakvittana, var eintak af Kóraninum.

„Hvað er þetta?“ sagði Faten og settist upp með bókina í hendinni.

„Ekki snerta þetta,“ sagði hann, og setti bókina inn aftur.

„Af hverju? Átt þú þetta?“

„Já, ég á þetta.“

Hún blikkaði augunum. Þessi hranalegi tónn var ekki eitthvað sem hún var vön frá honum. „Af hverju ertu með þetta í hanskahólfinu?“ spurði hún.

„Ég er bara að lesa mér til,“ sagði hann. Hann teygði sig og strauk hár hennar.

„Getum við haldið áfram?“

Hún kinkaði kolli og rétti honum smokkinn. Vegna reynslu hennar af mönnum hafði hún fyrir löngu komist að þeirri niðurstöðu, að jafnvel þrátt fyrir að þeir segðust aðeins vilja tala, enduðu þeir alltaf á því að vilja eitthvað fjör líka. Kannski var Martín ekkert öðruvísi þrátt fyrir allt.

Þegar það var yfirstaðið lagaði hún mínípilsid og hnepti flauelsjakkanum.

Spurningar Martíns og boð hans um aðstoð hafði verið óvænt; að hann hafi viljað kynlíf hafði valdið henni vonbrigðum. Hún fann fyrir sama dapurleika og þegar hún var barn, þegar hún hafði komist að því að silkiormurinn sem hún hafði alið í skókassa og umhyggjusamlega fætt með móberjalaufi hafði dáíð, þrátt fyrir alla umhyggjuna. Hún hafði grátið allan daginn, velt því fyrir sér hvað hún hefði getað gert öðruvísi til að halda lífi í orminum, þar til frænka hennar kom heim og sagði henni að þetta væri eitthvað sem gerðist stundum með silkiorma—þeir dóu sama hversu vel þú hugsaðir um þá.

Hann setti í gang. „Ég skal skutla þér ef þú vilt.“

Hún opnaði hurðina og fór út. „Ég tek bara leigubíl.“

FATEN GEKK UPP TRÖPPURNAR að íbúðinni á sama tíma og ruslabílarnir voru á ferðinni.

Hún heyrði einn mannana kallast á við annan á marokkóskri arabísku, sagði honum

Þegar hann tæmdi tunnuna að fjölskyldan í 565 væri nýbúin að eignast barn. Við það að fjarlægja rusl fólks fengu mennirnir að vita allt um líf allra. Stundum leið Faten þannig gagnvart sjálfri sér, eins og henni hefði verið treyst fyrir leyndarmálum fólks og hennar starf væri að losna við þau.

Faten kom að samleigjanda sínum, Betoul, í eldhúsinu að borða morgunmat. Betoul vann sem barnfóstra fyrir spænskt par í Gran Vía, og hún varð að taka strætó snemma til að komast þangað fyrir 6:30, þegar húsfreyjan þarfnaðist aðstoðar hennar. Stundum gat Betoul ekki staðist að tala um húsbændur sína, hvernig eiginkonan hafði tilhneigingu til þunglyndis, hversu gott eiginmanninum fannst að lesa dagblaðið á baðherberginu, og skildi þvagbletti eftir á gólfinu. En Faten líkaði alls ekki að heyra um eiginmanninn. Hún heyrði nóg frá mönnunum í vinnunni sinni.

Betoul var frá Marrakesh þar sem tvær systur hennar voru í háskóla, einn bróðir vann sem ljósmyndari, og annar var enn í menntaskóla. Hún var ein af þessum innflytjendum með greiðslukerfi—hún sendi reglulega ávísanir í pósti til að aðstoða bræður sína og systur. Þar að auki bjó hún eins og fátæklingur ellefu mánuði af árinu og svo, í ágúst, flaug hún heim og eyddi því sem eftir var af bankareikningnum. Auðvitað gerðu árlegar ferðir hennar það að verkum að fólk hélt að hún ynni sér inn mikinn auð, þannig að hún kom alltaf til baka með langa óskalista og nýjar áhyggjulínur greypar í ennið.

Í Marokkó hefði Betoul aldrei búið með Faten, en hérna voru hlutirnir öðruvísi. Hérna þýddi ekki neitt fyrir Betoul að vera með yfirlæti, eins og hún myndi gera heima. Hún hafði flutt inn með Faten af því að leigan var ódýrari en allt annað sem hún gat fundið, og gerði henni kleift að leggja enn meiri pening til hliðar til að senda heim.

Faten lagði töskuna og lyklana á borðið. „Góðan daginn.“

„Daginn,“ sagði Betoul. „Þú skildir hurðina eftir ólæsta í gærkvöldi.“

„Gerði ég það? Fyrirgefðu.“

„Þú ættir að vera varkárari. Einhver hefði getað komist hingað inn.“

„Fyrirgefðu,“ sagði Faten. „Ég hef verið annars hugar upp á síðkastið.“

Betoul kinkaði og kláraði smurðu brauðsneiðina. Hún drakk afganginn af kaffinu standandi. Svo setti hún smávegis af *heb rshad* í loftþéttan poka sem hún setti í veskið.

„Til hvers er þetta?“ spurði Faten.

„Ana á að fá þetta,“ sagði Betoul. Ana var smábarnið, yngsta af börnunum þremur sem Betoul sá um á meðan foreldrarnir voru í vinnu. „Hún var með smá kvef, þannig að ég var að spá í að útbúa smá *hlib bheb rshad*.“

„Af hverju ertu að hafa fyrir þessu?“ spurði Faten.

Betoul renndi veskinu.

„Ég er viss um að móðir hennar myndi hvort sem er ekki vilja að þú gæfir henni þetta,“ sagði Faten.

„Hvað veist þú um hvað hún vill?“

„Hún á örugglega eftir að hlæja að þér og henda þessu.“

„Þú ert sú sem fólk hlær að—hvernig þú selur líkama þinn.“

Faten fann hvernig reiðin yfirtók þreytuna. Hún hafði farið varlega í að taka Betoul sem herbergisfélag. Hún hafði heyrt sögusagnir að heiman, þegar Betoul hafði komist að því að eiginmaður hennar, flutningabílstjóri, hafði verið að halda framhjá henni með saumakonu frá Meknès. Hún hafði sett svefntöflu í súpuna hans og svo teiknað X á kinnar hans með hennalit þegar hann var sofandi, sem auðkenndi hann svo dögum skipti. Faten hafði loks samþykkt að leigja með Betoul af því að hún vildi einhvern með dagvinnu, einhvern sem hún myndi ekki hitta mikið.

„Ég er ekki að þvinga þig í að vera hérna,“ sagði Faten. „Þú getur flutt ef þú vilt.“

Betoul fór, skellti hurðinni á eftir sér.

VENJULEGA ÞEGAR FATEN kom heim fór hún í sturtu, svaf til tvö, tók svo með sér samloku í almenningsgarðinn og horfði á gömul hjón gefa dúfunum eða yngri hjón kyssast á bekkjunum. Ef of kalt var í veðri horfði hún á sjónvarpið eða fór að versla. En í dag var venjan þegar brotin. Hún gat ekki sofið. Hún starði upp í loft um stund og sneri sér svo til að líta á náttborðið, þar sem Kóraninn í vasabroti lá þakinn þunnu ryklagi. Hún minntist háskóladaganna, þegar hún hafði ákveðið að ganga með *hijab* og prédikaði yfir hverri konu sem hún hitti að gera slíkt hið sama. Þvílíkur kjáni hafði hún verið.

Hún hugsaði til bestu vinkonu sinnar, Nouru, í Rabat, og velti fyrir sér hvað hafði orðið um hana, hvort hún hafði haldið í það að bera *hijab* eða hvort hún, eins og Faten, hefði tekið hann niður. Noura bar hann sennilega enn. Hún var rík; hún hafði þann munað að hafa trú. En þá, hugsaði Faten, hafði Noura líka þann munað af hafa enga trú; henni hefur sennilega fundist *hijabinn* vera of heftandi og endað á því að taka hann niður til að stæra sig af merkjafötunum. Þetta var málið með peninga. Þeir gáfu manni valkosti.

Hún reyndi að losna við Nouru úr huganum. Sú vinátta hafði kostað hana of mikið. Hún vissi að faðir Nouru, sem hafði verið neikvæður gagnvart vináttu þeirra, hafði togað í einhverja spotta til að láta reka hana úr háskólanum. Ef það hefði ekki verið fyrir hann þá hefði Faten kannski útskrifast, kannski hefði hún ekki verið svona kærulaus í augnabliks reiði, kannski hefði hún ekki sagt það sem hún sagði um

konunginn, kannski hefði hún klárað skólann og fundið vinnu, kannski, kannski, kannski.

Hún fór á fætur og fór inn á baðherbergi til að ná í valíum. Aðalatriðið til að lifa af í þessu lífi hérna var að hugsa ekki of mikið. Hún hellti sér vatn í glas í eldhúsinu. Hún rak augun í dagatal Betoul, límt á hliðina á ísskápnum. Helgidagur *Eid* nálgaðist og Betoul hafði sett hring utan um daginn, sennilega til að muna eftir að senda ávísun til fjölskyldu sinnar. Faten varð gripin fortíðarþrá yfir því að halda eitthvað hátíðlegt, þrátt fyrir að hún vissi að það væri lítið til að finna fortíðarþrá yfir. Eftir að hún flutti aftur inn með móður sinni í Rabat jafngilti *Eid* auka matarskammti við kvöldmatinn. Það voru aldrei nein ný föt til að fara í eða grillað lamb að borða eða að finna fyrir glansandi mynt í vasanum. Samt sem áður bar hún ákveðna væntumþykju vegna þessara sérstöku stunda af því að móðir hennar var að minnsta kosti ekki að vinna á *Eid* og þær gátu eytt deginum saman. Hún ýtti minningunum úr huganum og dró fæturnar á eftir sér inn í stofuna.

Hún lá á sófanum, beið eftir að valíumið færi að virka. Það var þáttur í sjónvarpinu um úlfalda og hún horfði á, með augun hálflokuð, þegar spænsk talsetningin lýsti algengustu heimkynnum spendýrsins, hirðingjamynstrinu og hinum ýmsu notkunarmöguleikum þess, sem burðardýri, sem kjöt og mjólk, og jafnvel var hægt að brenna mykjuna sem eldsneyti. Fljótlega þyngdust augnalok Fatens og hún sofnaði.

ÞEGAR MARTÍN BIRTIST aftur viku seinna fann hún ekki sömu fagnaðartilfinningu og áður, þessa mánuði sem hún hafði þekkt hann. Hann steig út úr bílnum til að biðja hana um að koma með sér, og hún hikaði. „Hvað er að?“ spurði hann.

Hún yppti öxlum, augu hennar grandskoðuðu hina bílana, en hann fór ekki.

„Hvað viltu?“ spurði hún.

„Hvað heldur þú?“ Hann hló. Hún var ekki viss hvort hann hló með henni eða að henni. Hann rétti út hendina, hún tók í hana og fylgdi honum að bílnum. Aftur keyrði hann út að Huertas. Söngur eftir Cheb Khaled var í geislaspilaranum, og þegar hún hlustaði á textana velti hún því fyrir sér hvort Martín vissi hvað þeir þýddu.

Eftir smá stund spurði Martín hana hvar hún hafði alist upp, eins og hann hafði gert síðast, eins og hann væri að athuga hvort svör hennar hefðu ekki breyst. Í þetta skipti var hún ekki með neinar ranghugmyndir um hvað hann vildi. Hún leit út um gluggann. „Casablanca,“ sagði hún.

Hún hugsaði um fyrsta kúnnann sinn, fyrstu vikuna sína á Spáni. Skipstjóri bátsins sem flutt hafði hana hingað hafði ekki haft fyrir því að taka land í Tarifa; hann hafði byrjað að snúa við um leið og þau voru í sundfæri við ströndina. Henni hafði tekist að komast að ströndinni, þar sem spænska lögreglan beið eftir þeim. Seinna í gæsluklefanum sá hún einn varðanna stara á sig. Hún þurfti ekki að tala spænsku til að skilja að hann vildi komast að samkomulagi við hana. Hún mundi hvað *imaminn* hennar hafði sagt í neðanjarðarmoskunni í Rabat—að róttækir tímar kalla stundum á róttækar aðgerðir.

Vörðurinn hafði farið með hana í eitt af sérrannsóknarherbergjunum, burt frá öllum öðrum. Hann lyfti pilsu hennar og þrýsti sér inn í hana með hrottalegu hömluleysi. Hann var enn með einnota gúmmíhanskana sem hann hafði verið með til að skoða hóp flökkufólksins sem komið hafði í land þann dag. Og, á meðan á þessu stóð, kallaði hann hana Fatma. Og hann sagði önnur orð, orð sem hún skildi ekki, en núna hafði hún vanist því. Hún hafði haft nægan tíma til að heyra allar fantasíurnar á þessum árum sem síðan

voru liðin, og ef hún hefði lokið háskólagráðunni gæti hún skírskotað til fantasíanna með fyrirlitningu og líkt þeim við undirlægjudrauma. Núna voru þeir bara hluti af efnisskránni sem hún hafði lært utanbókar og hafði þurft að sætta sig við ef hún vildi afla sér lífsviðurværis.

„Hvar ólst þú upp?“ spurði Martín.

„Í márísku húsi.“

„Með foreldrum þínum?“

„Ég sá ekki föður minn mikið. Ég eyddi öllum dögum í kvennabúrinu.“

„Með systkinum þínum?“

„Með sex systur mínur. Þær kenndu mér listina að veita mönnum ánægju.“

Martín hló lágt. Hún fann að hann var ánægður með leikinn.

„Af hverju kemurðu til mín?“ spurði Faten. „Það eru fullt af stelpum þarna úti.

Eins og Isabel, og—“

„Konur í þessu landi,“ sagði hann og hristi höfuðið.

„Þær kunna ekki að koma fram við mann. Ekki eins og þið arabísku stelpurnar.“

Faten fann reiðina vella upp í sér. Hana langaði til að löðruna hann.

„Ég hef verið að lesa mér til,“ sagði hann. „Um skyldur konunnar við manninn og allt það. Það er heillandi efni.“

Hún fylgdist með hreinu, opnu andliti hans verða uppnumið þegar hann sagði henni að hann *vissi* hluti um hana og fólk hennar. Það var vandamálið með hann. Þrátt fyrir allt nám hans, allar yfirlýsingar hans um skilning, var hann ekkert öðruvísi en faðir hans. Hann hafði ekki hugmynd um neitt.

Hún starði þögul á Martín, reyndi að sjá sig fyrir sér eins og hann sá hana, eins og hann vildi að hún væri—það var verðið sem hún þyrfti að borga í hvert skipti ef hún

vildi hitta hann. Þegar hann byrjaði að tala um hvernig hann myndi hjálpa henni við að fá innflytjenda pappírana í lag, hversu mikið honum þætti vænt um hana, lyfti hún lófanum til að stöðva hann. „Ég þarf ekki þína hjálp,“ sagði hún.

Hann leit á hana með svip sem lét hana finnast sem hann tryði sér ekki, og hélt áfram að tala eins og ekki þyrfti samþykki hennar varðandi það að hjálpa henni, af því að hann vissi betur hvað var henni fyrir bestu.

„Tíminn er liðinn,“ sagði hún.

Hann tók upp veskið, hélt áfram að útskýra áform sín fyrir henni.

„Héðan í frá er allt skraf aukalega,“ bætti hún við.

Hann hætti að tala, augabrúnirnar dregnar upp í undrun, rétti henni svo nokkra seðla til viðbótar sem hún stakk í vasann.

„Ég held að þú ættir að finna þér einhverja aðra næst,“ sagði hún. Hún opnaði bíldyrnar og steig út.

FATEN HAFDI EKKI SÉÐ Betoul í tíu daga. Stundaskrá hennar hafði verið hagrætt, eins og fyrir kraftaverk eftir skörp orðaskipti þeirra, að því marki að Faten virtist alltaf koma heim aðeins fáum mínútum eftir að Betoul var farin. Faten kom heim að brauðristinni ennþá heitri, og það rann enn af diskunum á uppþvottagrindinni. Þegar komin var helgi ákvað Faten að gera svolítið. Hún ætlaði að elda máltíð fyrir *Eid* og þess vegna, í stað þess að sofa, eyddi hún meirihluta dagsins í að vinna í eldhúsinu. Heima með móður sinni, höfðu máltíðir verið einfaldar—hestabaunir og ólífúolía, *rghaif* og te, brauð og ólífur, kúskús á föstudögum, hvað það sem móðir hennar hafði efni á að kaupa. Núna þegar Faten gat keypt allt sem hún vildi, vissi hún ekki hvernig átti að gera réttina sem hún þrjáði sem unglíngur. Lambið varð of salt og grænmetið létt brennt, en hún vonaði

að Betoul væri sama. Hún fullgerði máltíðina með súkkulaðistykki úr marokkóska bakaríinu á horninu, lagði á borðið, og beið.

Þegar Betoul kom loksins heim, stóð hún um stund, með hendina enn á hurðarhúninum, og andvarpaði hátt.

„Hvernig var dagurinn þinn?“ spurði Faten.

„Ég er útkeyrð.“

„Er Ana enn veik?“

„Nei, henni líður betur,“ sagði Betoul. „En móðir hennar eyddi öllum deginum í rúminu, grátandi. Hún fór ekki í vinnuna. Hún sagði að hún væri svo feit að eiginmaður hennar vildi hana ekki lengur. Þannig að eftir að ég fór með börnin í skólann og á meðan Ana tók lúrin sinn, útbjó ég hádegisverð fyrir hana og víkkaði mittið á tveimur buxum, svo að þær pössuðu betur.“

„Jæja, þú ættir að hvíla þig núna. Ég gerði kvöldmat,“ sagði Faten.

„Ertu ekki að vinna í kvöld?“

„Ekki í kvöld,“ sagði Faten. „Það er *Eid*.“

Betoul leit út eins og hún vildi sofa frekar en borða, en hún þakkaði fyrir, fór og þvoði sér, og settist svo við borðið. Faten gaf henni rausnarlegan skammt af lambinu.

Betoul smakkaði. „Aðeins of salt, væna,“ sagði hún.

Faten brosti, var þakklát fyrir sannleikann.

Heimkoman

IFIMM ÁR HAFÐI AZIZ séð það fyrir sér þegar hann kæmi heim. Í vandlega undirbúnum draumórunum kæmi hann heim á sólskinsríkum degi, klæddur í brakandi hvíta skyrtu og svartar síðbuxur, hárið greitt aftur með geli og yfirvaraskeggið vel snyrt. Nýi bíllinn væri ofhlaðinn gjöfum fyrir alla í fjölskyldunni. Þegar hann hringdi dyrabjöllunni, myndu konan og foreldrar hans sem voru að eldast taka á móti honum með bros á vör. Hann tæki eiginkonu sína í fangið, lyfti henni, og þau myndu snúast í hringi eins og í kvikmyndunum. Fljótlega eftir að hann kæmi myndi hann flytja með þau úr ónýtu íbúðinni í fátækrahverfi Casablanca í eina af þessum nýttísku byggingum sem spruttu upp daglega í borginni.

En eftir því sem dagurinn færðist nær þegar hann héldi aftur til Marokkó fann Aziz að hann yrði að breyta smáatriðum dagdraumanna. Hann hafði ímyndað sér að hann myndi koma í nýlegri bíltegund, en núna hugsaði hann að bílferð yrði óhagstæð, og þar að auki hélt hann ekki að illa farinn Volkswagen bíll hans þyldi þessa 800 kílómetra frá Madrid til Casablanca. Í staðinn hafði hann bókað sig í flug hjá Royal Air Maroc. Og það sem verra var þá dofnaði myndin af því sem hann var búinn að sjá fyrir sér, þegar fjölskylda hans tæki á móti honum í íbúðinni. Faðir hans hafði fallið frá í fjarveru hans, og nú bjuggu móðir hans og eiginkona einar. Hann átti líka í vandræðum með að sjá fyrir sér andlit konu sinnar eins auðveldlega og í upphafi. Hann mundi að hún var grönn og greinilega minni en hann, en hann gat ekki almennilega munað lit augna hennar, hvort þau voru grænbrún eða grábrún.

Þessi óvissa olli því að síðustu dagarnir einkenndust af spennu, sem náði hámarki daginn sem hann átti að fljúga. Hann mætti á Barajas flugvöllinn þremur

tímum fyrir flug. Hann fullvissaði sig aftur og aftur um að vegabréfið og atvinnuleyfið væri í lagi svo að hann gæti komist aftur inn til Spánar eftir ferðina. Þegar hann var kominn í vélina gat hann ekki borðað léttu máltíðina sem boðið var upp á í þessu klukkustundar flugi. Hann fyllti út tollskýrsluna um leið og hann fékk hana í hendurnar, og fór yfir hana í sífellu til að athuga hvort hann hafði fyllt út réttar upplýsingar úr vegabréfinu.

Loksins þegar flugvélin flaug yfir höfnina í Casablanca leit hann út um gluggann og sá strandirnar, verksmiðjurnar, bílaöngþveitið á götunum, bænarnar mosku Hassans konungs, en hann gat ekki fundið gamla hverfið eða hvelfingu leikvangs arabísku deildarinnar. Hann hélt um sætisarmana þegar vélin byrjaði að lækka flugið.

Þetta var í fyrsta skipti sem Aziz var á flugvelli Mohammeds V í Casablanca. Hann hafði farið úr landi á uppblásnum bát frá Tanger, í niðamyrkri, með tuttugu og fjórum öðrum innflytjendum. Spænska lögreglan hafði strax náð honum á ströndinni í Arzila og sent aftur til Marokkó með ferjunni tveimur dögum síðar. Hann eyddi nokkrum mánuðum í Tanger, í braski, og reyndi aftur að komast yfir á mildri sumarnótt. Í þetta skipti hafði straumurinn hjálpað honum, og hann kom að landi á kyrrlátri strönd nálægt Tarifa. Nokkrum dögum síðar var hann í Katalóníu, tilbúinn fyrir landbúnaðarvinnuna sem einn smyglarinn sem hann borgaði hafði lofað honum. Þetta var erfiðisvinna, en þetta var allavega vinna, og hann reyndi að halda huganum við launaávísunina í lokin. Það sem hann mundi helst frá þessu fyrsta sumri voru vinnufélagarnir sem hnipruðu sig saman í sendiferðabílum sem angaði af vöðvasmyrslu, bílnum sem þeir fóru með til vinnu á hverjum morgni. Þegar langþráð launaávísunin reyndist vera rýr var hann of hræddur til að kvarta. Hann hugsaði um að fara norður, yfir til Frakklands, en var of hræddur til að freista örlaganna á ný. Þrátt fyrir

allt hafði hann verið heppnari en flestir. Ferðin í uppblásna Zodiacinum hafði verið þrekaun sem hann vildi gleyma, og hélt að það yrði ekkert auðveldara að lauma sér yfir landamærin aftur í grænmetisflutningabíl. Hann ferðaðist því suður í staðinn. Hann kom til Madrid í nóvember, aðeins með óljóst heimilisfang vinar sem vann á veitingastað og gæti veitt honum aðstoð.

FLUGVÖLLURINN Í CASABLANCA var tilkomumikill. Marmaragólf, sjálfvirkar hurðir, fríhafnarverslanir—allt sýndist nútímalegt. En röðin að vegabréfsskoðuninni var löng. Eftir að hafa beðið í klukkutíma eftir að röðin kæmi að honum stóð Aziz við gluggann þar sem lögreglumaður, með fjólubláar varir sem vitnuðu um miklar reykingar, hélt um hökuna með fráhrindandi svip á andlitinu.

„Vegabréf,“ sagði hann.

Aziz renndi grænu smábókinni með merki fimmarma stjörnuunar undir glergluggann. Lögreglumaðurinn sló eitthvað á lyklaborðið og fletti svo í gegnum vegabréf Aziz.

„Hvar ertu að vinna?“ spurði lögreglumaðurinn.

Aziz var brugðið. „Á skrifstofu,“ sagði hann. Það var lygi. En hann gat ekki skilið hvað vinnan hans hefði með athugun á vegabréfinu að gera. Hann óttaðist að við það að segja sannleikann, að hann væri í því að bera af borðum, þá ætti lögreglumaðurinn eftir að líta niður á hann.

„Ertu með nafnskírteinið?“

„Nei.“ Aziz stífnaði. Hann stóð með beint bak, og reyndi að hafa stjórn á öldu kvíða sem var að ná tókum á honum. Hann vildi ekki sýnast taugaóstyrkur.

Lögreglumaðurinn andvarpaði svo að það heyrðist og byrjaði aftur að slá af kappi inn í

tölvuna. Hann stimplaði vegabréfið og fleygði því yfir afgreiðsluborðið. „Næst skaltu vera með nafnskírteinið þitt.“

Aziz gekk að farangurssvæðinu og náði í töskurnar. Tollvörðurinn bað hann um að opna ferðatöskuna og rótaði í innihaldinu með kylfunni. Hann tók eftir pakka með tíu nærskyrtum, enn í plastumbúðunum. „Ætlar þú að selja aftur einhverjar af þessum?“ spurði hann.

Aziz þekkti týpuna. Þeir áreittu innflytjendur í von um að seðli yrði laumað að þeim. Hann vildi ekki spila þennan leik. Rödd hans var kuldaleg og óvinsamleg þegar hann svaraði neitandi. Lögreglumaðurinn leit fyrir aftan Aziz í röðinni, lokaði svo töskunni og hakaði á hana með hvítu krít. Aziz var frjáls ferða sinna.

Hann tók lyftuna niður að lestarstöðinni. Lestarskutlunni hafði verið gefin nafnið Aouita, eftir gullverðlaunahafa Ólympíuleikanna, því að hún var hröð og alltaf á réttum tíma. Aziz brosti núna við tilhugsunina um hversu fljótir landar hans voru að finna sniðug nöfn fyrir allt. Hann fékk sér sæti í lestinni sem lagði af stað á réttum tíma. Fyrir utan var vegurinn mengaður af svörtum ruslapokum. Trén, með þurr og gul laufblöð, sveigðust í vindinum. Í fjarlægð var gamall vörubíll á hliðinni, yfirgefinn, með hjólin upp í loftið. Fljótlega var komið í miðborgina, með verksmiðjur og íbúðarbyggingar.

Hann fór úr lestinni við Casablanca-Port, biðstöðin sem var næst gamla hverfinu hans. Þegar hann gekk inn í anddyri stöðvarinnar var hann umkringdur af hópi drengja sem seldu sígarettur, mönnum sem buðu skóburstun, og betlurum sem báðu um smápeninga. Hann hélt fast um ferðatöskuna og handtöskuna. Hann var þurr í kverkunum. Hann byrjaði að ganga fyrir alvöru—íbúðin var stutt frá stöðinni og það var engin þörf fyrir að taka leigubíl. Vagninn sem seldi soðnar kjúklingabaunir í pappírsstrýtum var enn þarna ofar í götunni, og sami gamli maðurinn í bláum slopp og

ullarhatt var enn að vinna á dagblaðastandinum. Hópur unglingsstelpna á leið í skólann fór yfir götuna í áttina að Aziz. Nokkrar þeirra voru með klúta um höfuðið, og þrátt fyrir að eiga ekki vanda til þess, varð Aziz starsýnt á þær þar til þær voru komnar framhjá.

Þegar hann kom að inngangi markaðsins voru sölumennirnir enn að opna básana, að stilla upp ávöxtum, grænmeti, og kryddum. Slátrari var önnum kafinn við að hengja upp lömb sem búið var að flá og leggi af kúm. Aziz varð flökurt við að sjá kjötið. Vagnar ískruðu að baki honum þegar vagnstjórnarnir flýttu sér með sendingarnar. Hróp „*Balak!*“ vöruðu hann að víkja, og tvisvar þurfti hann að þrýsta sér upp að vegg til að forðast að verða undir. Hann fann svitaperlur safnast fyrir á enninu, og óbærilega þyngd peysunnar á bringunni. Hann óskaði þess að geta farið úr henni, en báðar hendurnar voru uppteknar og hann var of taugaóstyrkur til að stoppa áður en heim kæmi.

Aziz beygði inn í þröngt húsasund og hélt áfram göngunni þar til hann stóð loksins við inngang hlykkjóttu byggingarinnar, aldargömlu *riad* sem hafði verið breytt í litlar íbúðir. Aziz gekk yfir húsaagarðinn fyrir innan og barði á hurðina að íbúðinni. Eina svarið sem hann fékk var úr maganum á honum sjálfum, sem rumdi þegar hann fór í hnút. Hann leit yfir að glugganum og sá að hlerarnir voru opnir. Hann barði aftur. Í þetta skipti heyrði hann hröð fótspor og þarna var hún, eiginkona hans.

„*Ala salamtek!*“ hrópaði Zora.

„*Llah i-selmek,*“ svaraði hann. Hún lagði handleggina utan um hann og þau föðmuðust. Faðmlag þeirra var lauslegt í fyrstu en varð þéttara. Móðir Aziz dró fæturnar hægt að dyrunum, og lagði annan handlegginn utan um hann, en með hinum studdist hún við stafinn. Hún fór að gráta. Aziz slepti báðum konunum, tók upp ferðatöskuna og handtöskuna, og gekk inn fyrir.

Íbúðin var dimmari en hann minnti. Málningin á veggjunum var að flagna. Það vantaði eina rúðuna í frönsku gluggana og í staðinn var kominn pappi; en ábreiðurnar á dívaninum voru skínandi bláar, og það var nýtt borð í miðju herberginu.

Móðir Aziz brast í langt gól, tunga hennar sveiflaðist til hliðanna í tannlausum munninum. Hún vildi láta alla nágrannana vita góðu fréttirnar. Zohra tók undir með henni, rödd hennar í hærri tón. Aziz lokaði hurðinni að baki sér, og núna stóðu þau öll í stofunni, hlógu og grétu og töluðu.

Zohra virtist grönn og lítil, og hún var með skarpar línur á enninu. Hárið var bundið í tagl. Augu hennar—hann sá núna að þau voru grábrún—voru strikuð með svörtu. Varirnar voru með vott af appelsínulit. Hún hlaut að hafa nuddað munninn með *swak* rótum til að gera tennurnar hvítari.

„Ertu svangur?“ spurði Zohra.

„Nei,“ sagði Aziz, með hendina á maganum. „Ég gæti ekki borðað.“

„Leyfðu mér að minnsta kosti að útbúa smá te fyrir þig.“ Aziz vissi að hann gæti ekki afþakkað það, og þar að auki þráði hann að bragða mintute á ný. Zohra hvarf inn í eldhúsið og hann settist við hliðina á móður sinni. Augu hennar skoðuðu hann gaumgæfilega.

„Þú virðist grennri,“ sagði móðir hans. Hún virtist sjálf hafa skroppið saman, og var lotin í herðum. Auðvitað, sagði hann við sjálfan sig, það eru komin nokkur ár, það er eðlilegt. „Og húð þín er ljósari,“ bætti hún við. Aziz vissi ekki hverju hann ætti að svara, svo hann hélt áfram að brosa á meðan hann hélt hrukkóttri hendi hennar í sinni.

Zohra kom til baka með tebakkann. Aziz settist upp. Hún var enn mjög falleg, hugsaði hann. Þegar hún rétti honum glasið af heitu tei tók hann eftir því að hendur hennar virtust hafa elst mun hraðar en hún sjálf, húðin gróf og þurr. Hnúar hennar voru

bólgnir og rauðir. Hann fann fyrir sting samviskubits. Kannski að peningarnir sem hann sendi hafi ekki dugað, og hún hafi orðið að vinna meira en hann hélt til að láta enda ná saman. En það hafði heldur ekki verið auðvelt fyrir hann. Hann fékk sér sopa.

„Leyfið mér að sýna það sem ég kom með handa ykkur,“ sagði hann. Hann lagði frá sér glasið og fór að opna ferðatöskuna. Hann tók upp efnið sem hann hafði komið með fyrir móður sína, kjólana fyrir Zohru, kremin, ilmvötnin. Konurnar tvær hljóðuðu af ánægju yfir öllu.

Þegar hann tók upp færanlegu saumavélina leit Zohra á hana hissa. „Ég keypti eina í fyrra,“ sagði hún. Hún benti á gömlu Singer saumavélina sem stóð í horninu á herberginu.

„Þessi gengur fyrir rafmagni,“ sagði hann stoltur. „Ég skal setja hana upp fyrir þig. Þú átt eftir að sjá hversu mikið fljótari hún er.“

INNAN KLUKKUSTUNDAR eftir komu hans helltist inn straumur gesta til að hitta Aziz. Þínulitla íbúðin varð full af fólki, og Zohra helt áfram að skjótast fram og til baka milli eldhússins og stofunnar, til að fylla á tekönnuna og fatið af *halwa*.

„Segðu okkur,“ sagði einhver, „hvernig er Spánn?“

„Hver eldar fyrir þig?“ spurði annar.

„Áttu bíl?“ spurði sá þriðji.

Aziz sagði frá Madrid og hversu kalt það gat orðið á veturna, þar sem rigningin sleikti gluggana svo dögum skipti. Hann sagði líka frá Plaza Neptuno, nálægt Prado, þar sem honum fannst gott að ráfa um á sumardögum, að fylgjast með ferðamönnum, sölumönnum, og dúfunum. Hann talaði um vinnuna sína á veitingastaðnum og hversu vel rekstrarstjóranum líkaði við hann svo hann færði hann úr uppvaskinu í að taka af

borðunum. Hann lýsti íbúðinni á Lavapiés, þar sem hann bjó með tveimur öðrum innflytjendum. Þeir skiptust á að elda.

„Eignaðistu vini?“ spurði einhver.

„Nokkra,“ sagði Aziz. Hann nefndi nágranna sinn, sem hafði alltaf verið honum góður, og yfirmann sinn á veitingastaðnum. En hann sagði ekki frá þeim tíma þegar hann var í El Corte Ingles að kaupa sér jakka og vörðurinn fylgdi honum eftir eins og hann væri glæpamaður. Hann lýsti því ekki þegar hann var í matvöruversluninni hvernig þeir sem voru á kassa heilsuðu viðskiptavinum með halló og þakka þér, en augu þeirra horfðu alltaf framhjá honum eins og hann væri ósýnilegur. Ekki nefndi hann heldur stöðugt eftirlit lögreglunnar á persónuskírlíkjum síðustu tvö árin.

Móðir Zohru sem bjó neðar í götunni hafði líka komið við, og sat hljóð á meðan á öllum samræðunum stóð. Að lokum spurði hún, „Af hverju ættirðu að vinna þarna þegar konan þín er hérna?“ Hún smellti tungu í góm með vanþóknun. Aziz leit á Zohru. Hann vildi ræða þetta við hana, en þau höfðu ekki haft neinn tíma fyrir sig ein enþá. Hann ræksti sig og fyllti á glas tengdamóður sinnar.

„Hvar er Lahcen?“ spurði Aziz. „Ég hélt að hann ætti að vera kominn úr þessu.“ Hann og Lahcen höfðu skrifast á í upphafi, en eftir því sem tíminn leið höfðu þeir misst samband. Aziz hafði fengið síðasta póstkortið frá Lahcen fyrir tveimur árum.

„Hann er fluttur til Marrakesh,“ sagði Zohra. „Núna eiga allir farsíma, svo að hann gat ekki lengur selt símakort.“

EFTIR AÐ GESTIRNIR fóru fór móðir Aziz yfir til nágrannanna sem bjuggu við hliðina til að gista svo að hann og Zohra gætu haft íbúðina út af fyrir sig. Aziz gekk inn í svefnherbergið og fór í stuttermabol og íþróttabuxur. Hann settist á rúmbríkina og

horfði í kring um sig. Það var fölnuð mynd af honum sem smeygt hafði verið í hornið á speglinum ofan á gömlu kómmóðunni, og ein innrömmuð af þeim tveimur á brúðkaupsdaginn sem hékk á veggnum við dyrnar. Dýnan var hörð undir honum. Hann hossaði sér á henni og gormarnir svöruðu með háu ískri.

Zohra hélt sig að verki í eldhúsinu þar til að hún loksins slökkti ljósin og kom inn í svefnherbergið. Hún hafði verið málglöð og spennt yfir daginn, en núna virtist hún þögul, jafnvel feimin. Aziz settist upp við koddann og krosslagði fæturna.

„Þú hlýtur að vera þreyttur,“ sagði Zohra, augu hennar hvörfluðu um.

„Ég er ekki orðinn syfjaður,“ sagði Aziz.

Zohra horfði fram fyrir sig, á götuljósinn fyrir utan.

„Ég þarf að segja þér svolítið,“ sagði hann. Hann kyngdi með erfiðismunum.

Zohra leit einbeitt á hann. „Ég á smá sparifé. En . . .“ Hann kyngdi aftur. „Ég held ekki að það sé nóg.“

Zohra settist á rúmbríkina. „Hversu mikið?“ spurði hún, með skilningssvip.

„Fimmtíu þúsund dírhöm,“ sagði hann. „Það gæti hafa verið meira, en fyrsta árið var erfitt.“

Zohra teygði sig og tók hönd hans í sína. „Ég veit að það var það.“

„Það var leigan. Og lögfræðikostnaður til að fá pappírana. Og peningarnir sem ég þurfti að senda í hverjum mánuði.“

„Fimmtíu þúsund er heilmikið. Þú gætir notað það sem stofn. Kannski stofnað fyrirtæki?“

Aziz hristi höfuðið. „Það er ekki nóg.“

„Af hverju ekki?“

„Það myndi varla duga fyrir leigu í ár. Svo er það innbú og viðhald.“ Aziz hrísti höfuðið. „Svo maður tali nú ekki um alla pappírana.“ Honum varð hugsað til raðanna sem hann hafði séð við skrifstofur hins opinbera, fólk sem beið eftir að geta mútað opinberum aðila til að fá pappírana í gegn.

„Og hvað eigum við að gera?“ sagði Zohra.

„Fara til baka til Spánar,“ sagði Aziz og horfði niður. Konan hans hafði nú þegar fórnað svo miklu. Foreldrar hennar höfðu aðeins samþykkt að leyfa henni að giftast honum af því að þau héldu, þar sem hún væri tuttugu og fjögurra ára, að það væri betra fyrir hana að vera gift einhverjum sem var atvinnulaus en að vera einhleyp. Hún hafði staðið reiðubúin og hjálpað honum að safna fyrir ferðinni, beið eftir honum, en núna þurfti hún að minnsta kosti ekki að bíða öllu lengur. „Og ég er byrjaður að vinna í pappírnum, þannig að það verði möguleiki fyrir þig að koma til mín áður en langt um líður, *inshallah*.“

Zora sleppti hendi hans. Hún kinkaði kalli. Svo stóð hún upp og slökkti ljósið. Hann heyrði hana afklæðast kyrtlinum og koma í rúmið, þar sem hún lagðist á hliðina. Þegar hann nálgaðist lá hún kyrr, hnén upp að bringu. Hann færði sig aftur sín megin á rúminu og reyndi að sofna.

DAGINN EFTIR, HRÖKK Aziz upp af værum svefni um fimm leytið við hljóð *muezzinna* um alla borgina. Hann lyfti höfðinu af koddanum í nokkrar sekúndur áður en hann lagði það aftur, augun lokuð, og hlustaði á þá. Á Spáni saknaði hann bænakallsins, sem setti merki sitt á allt hérna. Hann brosti og sofnaði aftur. Seinna var það ekki hljóðið í bílum og vöruflutningabílum, sem þutu hjá á iðnaðargötunni nokkrum húsalengjum frá

íbúðinni, sem vakti hann. Heldur var ilmurinn af *rghaifinu* sem Zohra var að búa til of mikill til að leiða hjá sér, og hann fór loksins á fætur um níuleytið.

Þegar hann kom fram sat móðir hans á dývaninum í stofunni, reisug og fálát. Hann kyssti handabak hennar, og hún brást við með því að svara, „Megi Guð vera ánægður með þig.“ Zohra kom inn í stofuna og, þegar hún sá hann þar, sneri við í eldhúsið til að ná í matarbakkann. Hún lagði fatið á mitt borðið, ýtti því aðeins nær Aziz. Hún hellti og lét teið ganga. Svo kom hún með vatnsglas og töflu fyrir móður Aziz.

„Við hverju er taflan?“ spurði Aziz.

„Blóðþrýstingi,“ sagði Zohra. Hún settist niður og byrjaði að borða.

„Ég vissi þetta ekki.“ Hann barðist við að reyna að finna eitthvað til að segja.

„Þetta *rghaif* er ljúffengt.“

„Fyrir þína heilsu,“ svaraði hún.

Hann tuggði einbeittur, þakklátur fyrir að þar sem hann var með fullan munninn gat hann ekki sagt neitt. Bank á dyrnar olli heppilegri truflun. Lítil stúlka kom æðandi inn án þess að bíða eftir að það væri opnað. Hún leit út fyrir að vera um það bil sex ára gömul. Hárið var í tíkarspena og bláu buxurnar rifnar við hnén.

„Hver er hún?“ spurði Aziz móður sína.

„Meriem, barn nágrannanna. Hún er alltaf hérna.“

Barnið hoppaði í fangið á Zohru, og Zohra hló og smellti háværum kossum á kinnar hennar. „Viltu eitthvað að borða?“ spurði Zohra. Hún lét barnið sitja í kjöltu sér og rétti henni upprúllað *rghaifa* dýft í bráðið smjör og hunang. Hún lagfærði hár hennar og herti tíkarspenana. Seinna fór Zohra með Meriem inn í eldhús, og þegar þær komu aftur bar litla stúlkan trébakka, hlaðinn fersku deigi, á höfðinu. Hún ætlaði með þetta að

almenningssofnum í hverfinu. „Megir þú vera Guði þóknanleg,“ sagði Zohra þegar Meriam fór. „Er hún ekki yndisleg?“ sagði hún. Aziz kinkaði kolli.

Þau kláruðu morgunmatinn. Zohra tók af borðinu og tilkynnti að þeim hefði verið boðið til hádegisverðar í húsi systur sinnar, Samiru, niður í Zenata. Hún fór inn í svefnherbergið til að ná í *jellabann* sinn og smeygði honum yfir kyrtilinn. Núna stóð hún andspænis honum. „Ef ég fer með þér til Spánar, hver á þá að hugsa um móður þína?“ spurði hún.

„Systur mínar,“ sagði Aziz, og veifaði hendinni. „Hún getur farið og búið hjá þeim. Þú hefur gert meira en nóg.“ Aziz var yngstur í fjölskyldunni, og ábyrgðin á móður hans hefði venjulega átt að vera á dætrum hennar eða frumburði hennar, og hann var hvorugt.

Zohra kinkaði kolli. Svo dró hún að sér andann og bætti við, „En ég tala ekki spænsku.“

„Þú lærir það. Alveg eins og ég gerði.“

„Gætirðu ekki bara verið hérna?“

Aziz hrísti höfuðið. Varir hans virtust þurrar og hann bleytti þær með tungunni. „Við getum rætt þetta seinna,“ sagði hann.

ÞAU TÓKU STRÆTISVAGNINN að húsi Samiru. Aziz sat við gluggann og horfði á göturnar fara hjá. Nýjar byggingar höfðu sprottið upp alls staðar, kubbageg íbúðarhús með pínulitlum gluggum sem höfðu verið rammaðir inn með Miðjarðarhafs flísum, í misheppnaðri tilraun til að gera þau meira aðlaðandi. Netkaffihús voru núna á víð og dreif innan um klæðskeraverslanir og hárgreiðslustofur. Hann hrökk við frá glugganum

þegar strætisvagn kom úr gagnstæðri átt, aðeins hársbreidd frá. Bílflautur gullu úr öllum áttum og ökumenn móturhjóla hægðu varla á sér við gatnamót.

Þau stigu út úr vagninum og byrjuðu að ganga. Lyktin af brenndu gúmmíi varð til þess að nef Aziz virtist stíflað. „Finnurðu lyktina?“ spurði hann. Zohra hristi höfuðið. „Þetta er sterk lykt,“ sagði hann. Hún yppti öxlum. Þau fóru framhjá skóla og Aziz sá börn spila fótbolta á skólalóðinni. Þetta minnti hann á hans eigin barnæsku og hann brosti. Þau komu stuttu eftir hádegisbænina. Samira kom til dyra, og Aziz varð brugðið að sjá hár hennar algjörlega hulið í einum af þessum íslömsku klútum en notkun þeirra virtist hafa fjölgað frá því að hann fór. Hann náði sér á strik, hallaði sér fram til að faðma hana, en hún bakkaði frá honum og sagði, „velkominn, velkominn.“

Aziz rétti úr sér. Án þess að bregða svip gekk Zohra inn fyrir og fór úr *jellabanum*. Þau settust niður á svampfylltan dývaninn og Mounir, eiginmaður Samiru, birtist. Aziz hélt áfram að horfa á Samiru. Á endanum spurði hann, „hvenær fórst þú að bera *hijab*?“

„Fyrir tveimur árum,“ sagði hún, „fyrir náð Guðs.“

„Af hverju?“ spurði Aziz.

„Af því að það er rétta leiðin,“ svaraði Zohra.

Af hverju var Zohra að verja hana? Aziz hallaði sér aftur. „Þannig að það þýðir að þú sért á rangri leið?“ spurði hann hana. Zohra gaf honum augnaráð sem sagði hættu þessu. Hann þóttist ekki taka eftir því. „Jæja?“

Samira hallaði höfðinu. „Megi Guð koma okkur öllum á leið hinna réttlátu. Amen.“ Hún stóð upp og fór að leggja á borðið fyrir hádegisverð.

„Hvað verður þú lengi?“ spurði Mounir.

„Aðeins í tíu daga,“ sagði Aziz.

„Hann fer tilbaka tímabundið,“ sagði Zohra.

Samira kom með kúskúsdiskinn. „Þú ættir að fara með honum,“ sagði hún.

„Eiginmenn og eiginkonur tilheyra hvort öðru.“

Aziz fylgdist með viðbrögðum Zohru. Kannski gæti hennar eigin systir sannfært hana betur en honum væri auðið.

„Ég er ekki viss um að þetta sé lífið fyrir mig,“ sagði Zohra. En tónninn var veikburða, og Aziz gat séð að systir hennar hafði komið fyrir fræi sem hann gæti ræktað þar til hann sannfærði hana.

ÞESSA NÓTT KOM ZOHRA inn í svefnherbergið og slökkti ljósið. En í þetta skiptið, þegar Aziz teygði sig eftir henni, sneri hún sér ekki undan. Hann tók hana í faðm sér. Það var framandi að njóta aftur ásta með henni. Hann hafði gleymt hversu lítil hún var, og þegar hann var ofan á henni hafði hann áhyggjur af því að þungi hans væri of mikill, svo að hann hélt sér uppi á framhandleggjunum. Að vera með henni minnti hann á konurnar sem hann hafði sofið hjá þegar hann var í burtu. Hann skammaðist sín fyrir framhjáhaldið en réttlætti það fyrir sjálfum sér, hann hafði verið einmana og hann var aðeins mannlegur. Hann sagði við sjálfan sig að hann hefði aldrei ætlað sér að halda framhá henni, að konurnar sem hann svaf hjá væru honum einskis virði, alveg eins og hann var sannfærður um að hann var þeim einskis virði. Núna velti hann því fyrir sér hvernig konan hans myndi líta út í kynþokkafullu korselett, klovvega á honum, handleggir hennar upp í loftið, stynjandi upphátt af unaði. Hann gæti ekki ímyndað sér Zohru gera þetta. En kannski myndi hún gera það ef hann bæði hana. Hann dró sig út úr henni og lagði handlegg sinn undir hana svo að hann gæti tekið hana upp og sett hana ofan á sig, en hún lyfti höfðinu og greip í handleggi hans í ofboði. Augu hennar

andmæltu honum. Hann fór aftur inn í hana og þau héldu áfram að njóta ásta. Þegar það var yfirstaðið og hann lá í myrkrinu, velti hann því fyrir sér hvað hún hafði verið að hugsa. Hann óttaðist að það væri aðeins eitt. Hann hafði séð hvernig hún hafði horft á barn nágrannans og velti því fyrir sér hvort hann hefði átt að halda sig frá henni í nótt. Hann sagði sjálfum að hann yrði að nota smokk næst. Hann vildi ekki hætta á að eignast börn strax, ekki eins og málin stóðu, ekki þegar þau yrðu að bíða eftir pappírnum hennar, ekki fyrr en hann gæti haldið uppi fjölskyldu. Hann lagðist á rúmið, andvaka.

NOKKRUM DÖGUM SEINNA FÓR AZIZ til að vitja grafar föðurs síns. Zohra vísaði veginn, gekk rösklega á milli hvítra legsteinanna sem glampaði á í morgunskímunni. Hún staðnæmdist skyndilega fyrir framan einn. Nafn föðurs Aziz, Abderrahman Ammor, var höggvið í hann, og í kjölfarið kom bæn hinna dauðu: „*Ó friðsæla sál! Snúðu aftur til Herra þíns, sælleg og ánægjuleg í ásýnd Hans. Slástu í hóp með fylgjendum Mínun og gakktu inn í Mitt himnaríki.*“ Dagsetning dauða hans kom svo á eftir: 27 Ramadan 1420.

Aziz rifjaði upp daginn árið 2000 þegar bréfið kom sem tilkynnti dauða föður hans. Zohra var ekki með síma, svo hann hafði hringt í kaupmanninn og beðið einhvern um að ná í hana. Hann hringdi til baka fimmtán mínútum seinna, en það var furðulega lítið að tala um. Þá hafði faðir hans þegar verið látinn í mánuð, og því ekkert sem var aðkallandi. Hann fann fyrir mikilli smán að geta ekki grátið. Í Madrid hélt lífið áfram og sorg hans, með ekkert haldreipi, virtist aldrei hafa komið upp á yfirborðið. Núna fannst honum erfitt að kalla hana fram eftir skipun.

„Ég vildi að ég hefði verið til staðar síðustu daga hans,“ sagði Aziz.

„Allir í *derb* komu í líkvökuna,“ sagði Zohra.

Aziz fór á hnén og tók bursta úr tösku Zohru. Hann byrjaði að hreinsa dauðu laufin af legsteininum. „Ég vildi að ég hefði verið þarna,“ sagði hann aftur.

Zohra kraup við hlið hans. „Ég vil ekki að það sama gerist hjá okkur. Við eigum að vera saman.“

Aziz dró djúpt andann. Hann hafði beðið eftir því að hún gerði upp hug sinn, en núna þegar hún virtist vera honum sammála fann hann ekki fyrir þeirri gleðitilfinningu sem hann bjóst við. Þegar þau fóru frá kirkjugarðinum, sagði hann Zohru að hann vildi fá sér göngu fyrir matinn, þannig að þegar hún tók strætisvagninn heim tók hann stefnuna niður í bæ, að Forces Armées Royales breiðgötunni. Hann kíkti inn á Café Saâda og sá fastagestina standa við barinn eða sitja í hópum, stinga saman nefjum yfir þjórnnum sínum og gin og tónik. Á veröndinni sátu værukærir viðskiptavinir yfir mintuteinu. Hann valdi sæti úti, í sólinni, og pantaði espressókaffi. Eitthvað virtist óvenjulegt, en hann gat ekki alveg áttað sig á því. Það var ekki fyrr en þjónninn kom aftur með kaffið að hann uppgötvaði að það voru alls engar konur.

Einhverjir mannanna spiluðu skák, aðrir reyktu, margir lásu dagblöðin. Þeir sem sátu næst straumi vegfarandanna eyddu tímanum í að fylgjast með fólki, flautuðu öðru hverju þegar þeir sáu fallega stúlku. Aziz velti því fyrir sér af hverju það var svona troðið um miðjan dag á miðvikudegi, en alvarlegi svipurinn á andliti allra svaraði spurningunni. Þeir voru atvinnulausir. Aziz kláraði kaffið sitt og skildi eftir rausnarlegt þjórfé áður en hann gekk niður breiðgötuna. Flottu verslanirnar sýndu leðurvörur, postulín, silkipúða, minjagripi, dýrar vörur sem hann vissi að fæstir í hverfinu hans hefðu nokkurn tímann efni á.

Í upphafi seinni viku hans í Casablanca hafði Aziz hitt hvert einasta systkini, frændsystkini, nágretta, og vin. Hann hafði heyrt af brúðkaupunum, fæðingunum, og

dauðsföllum. Honum hafði verið passlega brugðið við hversu mikið frænkur hans og frændur höfðu stækkað. En hann fann lítið annað að gera. Kvikmyndahúsin sýndu myndir sem hann hafði þegar séð. Hann hefði viljað fara í næturklúbb, en hann gat ekki ímyndað sér Zohru fara með honum eða leyfa honum að fara. Flest sem sýnt var í sjónvarpinu leiddist honum, og ólíkt öllum nágrönnum þeirra neitaði Zohra að vera með gervihnattadisk. „Engin þörf á því að koma með óþverra inn í húsið, það er nóg af honum á götunum,“ var það sem hún sagði. Og því sat hann heima, á dívaninum, og beið eftir að tíminn liði.

KVÖLDIÐ FYRIR BROTTFÖRINA tók Aziz ferðatöskuna úr skápnum og byrjaði að pakka. Zohra sat á rúminu, fylgdist með honum. Þegar hann var búinn tók hann fram bunka af seðlum úr vasa innan á töskunni. Hann lagði peningana í hönd hennar. „Þetta er allt sem ég á.“

Zohra hreyfðist ekki. Hún hélt áfram að horfa á hann.

„Ég safna meiru,“ sagði hann, „og svo kem ég til baka.“

Það var vantrú í augum Zohru, og það hafði óþægileg áhrif á Aziz. Við hverju bjóst hún af honum? Hann gæti ekki gefið frá sér tækifæri til að hafa vinnu aðeins til að geta verið heima með henni. Hafði hún einhverja hugmynd um hvað hann hafði gengið í gegnum til að komast af á Spáni? Hann gat ekki gefið það allt upp á bátinn núna. Hann *varð* að fara aftur.

Afaklukkan klingdi tímann.

„Hvenær ætlarðu að senda mér pappírana?“ spurði hún, að lokum.

„Ég veit það ekki,“ svaraði hann.

Zohra fór að gráta. Aziz klappaði létt á öxl hennar, í klaufalegri tilraun til hughreystingar. Hann gat ekki ímyndað sér hana með sér í Madrid. Hún var vön barni nágrannans sem opnaði hurðina og kom inn. Hún var vön útimarkaðinum þar sem hún gat prúttað um allt. Hún var vön því að fá ættingjana í heimsókn án fyrirvara. Hann gat ekki hugsað sér hana eina í íbúð, með engan að tala við, þegar hann var að vinna. Og hann átti einnig sínar eigin venjur. Hann lokaði ferðatöskunni og lyfti henni af rúminu. Hún virtist léttari en þegar hann kom.

Sagnapulurinn

MURAD SAT FYRIR aftan afgreiðsluborðið og las í bók þegar tvær konur komu inn. Þetta hafði verið rólegt eftirmiðdegi þar sem eina truflunin voru taktfastir brestirnir í útvarpinu við fætur hans, en hann átti erfitt með að gleyma sér í ímynduðum heimi bókarinnar þrátt fyrir að hún ætti sér stað í Tanger. Eða kannski vegna þess að hún gerðist í Tanger fann hann ekki samsvörun við þessa tilbúnu veröld sem hann var að lesa um og þá sem hann upplifði á hverjum degi. Hann stóð sjálfan sig að því að ritskoða prósa höfundarins—leiðréttá ónákvæmar tilvísanir og umorða samtöl persónanna—en það var ekki málið. Eitthvað vantaði. Hann hafði náð í bókina hjá amerísku tungumálastöðinni, þar sem hvorugur af útslitnu afgreiðslumönnunum hafði fyrir því að athuga löngu útrunnið meðlimakort hans áður en bókin var stimpluð og afhent honum. Hann eyddi mörgum klukkustundum þarna eftir vinnu, og reyndi að finna eitthvað í skáldsögudeildinni sem hann hafði ekki enn lesið. Það var önnur ástæða fyrir því að hann stundaði komur sínar á miðstöðina—grannvaxin stúlka með dásamleg brún augu sem brosti til hans yfir eintak sitt af *Heart of Darkness* í fyrsta skipti sem hann sá hana. Þau höfðu rétt byrjað að hitta hvort annað fyrir nokkrum mánuðum. Með tímanum, hugsaði Murad, ætlaði hann að kynna hana fyrir einhverjum af hans uppáhalds skáldsögum, en þessi sem hann hélt á þessa stundina hækki ekki þeim lista.

Koma kvennanna inn í Botbol basar og gjafir var kærkomin truflun, þannig að hann stóð upp og fleygði bókinni til hliðar. Anas, hinn sölumaðurinn, hékk í stólnum í horninu og hraut lágt, eins og hann gerði flest síðdegi. Eigandinn var í Agadir í fríi og Murad hafði fengið lyklavöldin að búðinni, Anas til mikillar óánægju þar sem hann

hafði unnið þarna mun lengur. Eigi að síður samdi Murad ágætlega við hann, aðallega af því að honum var sama þegar Anas tók langar pásur frá búðinni undir þeim formerkjum að vera að fara að ná sér í sígarettur eða þegar hann eyddi eftirmiðdeginum í lúr. Höfuð Anas kipptist til og vakti hann. Hann leit í kringum sig í búðinni, sá konurnar tvær, fullur athygli.

Konurnar voru báðar ungar, kannski að nálgast þrítugt. Önnur var í gallabuxum og víðum afabol og með strigatösku, ólin á ská yfir bringuna og aðskildi brjóstin. Ljósrautt hárið var fest upp með matarprjón á kollinum. Vinkona hennar, dökkhærð í yfirþyngd, andaði þunglega eftir að hafa gengið upp bratta götuna fyrir utan. Bláa skyrtan var með bletti undir handleggjunum, og hún hélt á veski með nafn hönnuðarins á áberandi stað á hliðinni. Hún gekk beint að skartgripaborðinu, þar sem silfureyrnalokkar voru til sýnis við hliðina á kóralskreyttum armböndum og hálsfestum úr rafgulum perlum. „Hvað um eitthvað eins og þetta, Sandy?“

Sandy stóð yfir útstillingarborðinu, og leit út fyrir að leiðast og vera að flýta sér. „Skartgripir eru svo persónulegir,“ sagði hún. „Frænka þín verður kannski ekki hrifin af því sem þú velur.“

„Kíkjum bara aðeins. Hvað um armbandið þarna?“

„Óh, Chrissa,“ sagði Sandy, og axlirnar sigu aðeins. „Ég heldi ekki að það væri viðeigandi sem brúðkaupsgjöf. Af hverju gefur þú henni ekki eitthvað fyrir heimilið?“

Chrissa andvarpaði dramatísk, eins og að Sandy hafi rekið á eftir henni allt síðdegið og hún fengið nóg. „Allt í lagi,“ sagði hún, og gekk frá skartgripunum að borðum hlöðnum minjagripum og glingri. Þegar hún kom auga á stafla af trétöflum á hillu, skrækta hún, „sjáðu!“

Murad hafði sjálfur keypt inn töflurnar, fyrir hönd yfirmannsins, á eignasölu nokkrum vikum áður. Þær höfðu verið notaðar í skólum sem lutu Kóraninum þar til í kringum 1940, en í dag var auðvitað erfiðara að finna einhverjar. Bakhlið einnar töflunnar var með nafni þess drengs sem hafði notað hana (Taher) og ártalinu (1935). Það var óvenjulegt að vera með auðkenni í smáatriðum sem þessum, af því töflunum var oft skilað til baka þegar börnin luku skóla og endurnýtt af öðrum nemendum. Á framhliðina hafði drengurinn skrifað vers úr súru 96, allra fyrsta versió sem var opinberað fyrir spámanninum: „Lestu í nafni Drottins þíns, Skaparans.“ Murad hafði oft velt því fyrir sér hvort að drengurinn sem átti töfluna, sem hafði endað á Botbol basar og gjafir, hafi klárað skóla Kóransins og farið áfram í almennan skóla, eða hvort að hann hafi verið sendur í námsvist. Hann ímyndaði sér líf Tahers, bjó til foreldra og vini fyrir hann—föður sem barðist við hliðina á Abdelkrim í Rif uppreisninni; móður sem langaði svo örvæntingafullt í dóttur; fimm eldri bræður; *sebsi*-reykjandi nágretta sem kenndi honum á flautuna og *guenbri* á nóttunni; hrifningu á stúlku sem bjó ofar í götunni frá honum.

Chrissa tók upp töfluna og hélt henni uppi að ljósinu til að skoða skriftina.

„Skrautskriftin lítur fallega út,“ sagði hún.

„Ég elska það hvernig stafirnir sveigjast,“ sagði Sandi með velþóknun.

„Þetta er forngripur, held ég.“

Á meðan hún tróð höndunum í vasana á gallabuxunum, hvíslaði Sandy, „ekki sýna of mikinn áhuga, Chrissa, annars hækka þeir verðið.“ Hún gerði sér upp svip af algjöru áhugaleysi vegna Anas sem sat í horninu og fylgdist með þeim.

„Fyrirgefðu,“ sagði Chrissa. Hún virtist vera þannig kona sem alltaf baðst afsökunar á einhverju. Hún lagði töfluna varlega niður á borðið, fálmaði svo í sítt hárið

og togaði það frá hálsinum og þurrkaði svitann með hendinni. „Það gæti gengið, heldurðu ekki,“ hvíslaði hún í samsæris tón, „fyrir ofan hilluna við innganginn?“

Sandy kinkaði kolli til samþykkis. „Ég er viss um að frænka þín verður ánægð með það.“

En eftir að hafa horft á töfluna um stund hélt Chrissa áfram, Sandy dragnaðist á eftir henni. „Hvað er að? Ertu ekki hrifin af því lengur?“ spurði hún.

„Fyrirgefðu,“ sagði Chrissa. „Ég vil bara sjá hvað annað þeir eru með.“

„Þegar við eru búnar hérna förum þá og skoðum hús Paul Bowles,“ sagði Sandy.

Murad velti því fyrir sér hvort það yrði einhven tímann mögulegt að komast í burtu frá Bowles, frá þeim tugum ferðamanna sem hann virtist hafa veitt innblástur til að sækja Tanger heim, fortíðarþrá eftir tímabili sem þeir höfðu meira að segja aldrei þekkt. Var það vinátta hans við Kerouac og Ginsberg? Leynardómsfullur andinn í kring um hjónaband hans og framhjáald? Goðsagnirnar sem hann var gefinn fyrir að skálda? Fyrst og fremst, grunaði Murad, voru það sögur Bowles sem fékk þá til að koma, ár eftir ár. Það hafði verið tímabil í lífi Murads þegar hann hafði notað höfundinn sem agn til að lokka ferðamenn í ferðir með leiðsögn um borgina, en með tímanum var hann farinn að þreytast á því.

Hann hallaði sér fram með olnbogana á afgangi og opnaði bókina aftur. Hann vildi gefa það í skyn að hann væri niðursokkinn í lesturinn, og vonaði að Anas, sem var núna að standa upp þar sem hann hafði tyllt sér, myndi sjá um konurnar tvær svo að hann þyrfti þess ekki.

„Ég vona að það sé opið almenningi. Kannski getum við tekið mynd þarna,“ sagði Sandy. Hún sló létt á strigatöskuna og bætti við, „ég tók með myndavélina.“

„Ég er ekkert sérlega myndræn í dag.“

„Æi, hættu þessu. Þú lítur ágætlega út.“

„Veistu, ég held jafnvel að ég hafi ekki lesið neitt eftir Bowles.“

„Í alvörunni? Ekki einu sinni *The Sheltering Sky*?“

Chrissa hrissti höfuðið. „Því miður.“

„Vá. Þá ættum við endilega að fara. Það verður gaman, vittu til.“

„Þannig að hann bjó hérna í Tanger?“

„Já. Kom hingað um 1930. Það var Alice B. Toklas sem ráðlagði honum að fara til Marokkó,“ sagði Sandy. „Og Gertrude Stein samþykkti það, þannig að hann endaði hérna.“

„Ó, í alvöru?“ sagði Chrissa utan við sig. „Sjáðu þetta.“ Hún benti á massífan skeifulaga látúnsspegil sem hékk á veggnum, og við að sjá spegilmynd sína burstaði hún brúnt hárið frá andlitinu og togaði í skyrtuna.

Murad átti erfitt með að halda áfram að þykjast, línurnar urðu óskýrar fyrir augum hans þegar hann stóð sjálfan sig í að hlera konurnar. Hann hafði ekki gefið í skyn að hann skildi ensku, og þrátt fyrir að Anas talaði berbamál, arabísku, og spænsku, var enska hans takmörkuð við halló og bless. Murad vissi að ef konurnar ákváðu að kaupa eitthvað þá yrði hann að lokum að ljóstra því upp að hann skildi þær, en sem komið var hélt hann augunum á bókinni þrátt fyrir að hlusta.

„Hann bjó hér þar til hann lést.“

„Hver?“

„Bowles!“ svaraði Sandy, rödd hennar hækkaði samhliða gremjunni.

„Fyrirgefðu,“ sagði Chrissa. „Þannig að hann þekkti þá Marokkó frekar vel.“

„Betur en Marokkóbúarnir sjálfir.“

MURAD RIFJADI upp þegar hann var lítill strákur, þegar faðir hans settist niður á kvöldin, með krosslagða fæturnar á *raffia* mottunni með bakið að veggnum, og sagði honum og systur hans Lamyu sögur. Þetta var þegar fjölskyldan bjó enn í íbúðinni í miðbænum, áður en tvíburarnir og litli bróðir hans fæddust, áður en faðir hans dó og þau þurftu að flytja í einsherbergis íbúðina í gamla borgarhlutanum. Hann mundi aðeins brot af sögunum, nöfn eins og Juha og Aisha risu upp í meðvitund hans núna, myndbrot sem hann gat ekki sett saman að nýju. Þegar hann gerði sér grein fyrir þessu varð hann bæði reiður og sorgmæddur, eins og hann hefði verið að uppgötva að hluti af honum væri horfinn. Hann starði á blaðsíðuna í langan tíma, reyndi að muna eftir einni sögu.

Æskumyndir af óvættum og öndum flöktu í huganum, en hann gat ekki fest sig á neina af þeim. Faðir hans hafði byrjað allar sögur með „*Kan, ya man kan,*“ „einu sinni var og ekki var.“ Þessi tímalausa upphafssetning var viðeigandi virtist honum, í því ástandi sem hann var núna, þar sem hann gat ekki verið viss um að sögurnar sem hann mundi væru raunverulegar eða ímyndaðar. Djúp barítónrödd föður hans bergmálaði í eyrunum, sterk og hughreystandi, og loksins fór ein af sögunum að skýrast fyrir honum, sagan af Aisha Quandisha. Murad hafði haft martraðir svo dögum skipti eftir að faðir hans hafði sagt söguna, um kvenkyns óvætt með geitarhófa sem hljóp á eftir honum, kallaði nafn hans ljúfum rómi svo að hann langaði til að snúa sér við og líta á hana en hann gat það ekki af því að þá myndi hún hneppa hann í álög.

„Hvað finnst þér um þetta?“ spurði Chrissa. Hún benti á berbera mottu sem hékk úr loftinu.

„Hún er falleg,“ sagði Sandy. „Líka fallett handbragð.“

„Ég bara elska dýramynstrin,“ sagði Chrissa. „Þetta væri fullkomin brúðkaupsgjöf, er það ekki?“

„Varlega, þú ert of áköf,“ sagði Sandy.

„Halló,“ sagði Anas.

„Sjáðu,“ sagði Sandy. Hún brosti til Anas, en með fálæti sem gaf til kynna að hún hefði ekki áhuga svo ekki einu sinni byrja. Anas brosti grunlaus, þekking hans á ensku uppurin. Hann klæddist fóttaskyrту og upplituðum gallabuxum, og dró fæturnar í gulu *belgha* að ljósrofanum, sem hann kveikti á, og lýsti upp allar útstillingarnar. Hann gaf þeim merki með handarhreyfingu að þeim væri velkomið að skoða vörurnar uppi, en þær hreyfðu sig ekki, á báðum áttum með mottuna.

Þegar hann sneri aftur til Tanger árið áður, hafði Murad farið heim og neitað að fara út. Hann forðaðist fjölskyldusamkomur, neitaði að sendast, neitaði tilboðum um að spila fótbolta með nágrönnunum. Allir vissu að hann hafði reynt að fara til Spánar, og nú vissu þau öll að hann hafði náðst og verið sendur úr landi, þannig að hann var sestur að heima hjá móður sinni, og hélt sig meira að segja frá teglasi á Café La Liberté með hinum atvinnulausu ungu mönnunum úr nágrenninu. Hann fylgdist með móður sinni þegar hún vann á heimilinu, að þrifa eða elda, armböndin klingjandi við hverja hreyfingu úlnliða hennar. Hann beið þess að viðunandi langur tími liði áður en hann spurði hana um þau, bað hana um að selja þau og lána honum peningana svo hann gæti aftur reynt að fara til Spánar. „Hefurðu tapað glórunni?“ hafði hún sagt. „Hefurðu ekki lært af reynslunni? Ég myndi aldrei gera það, svo spurðu mig ekki aftur.“ En Murad spurði hana aftur og aftur, og í hvert skipti leiddi hún það hjá sér. „Geturðu rétt mér brauðið?“ sagði hún, eða, „það lítur út fyrir að það fari að rigna.“ Hún lét eins og hún væri að gera honum einhvern greiða með því að breiða yfir vanhugsuð ummæli af hans hálfu. Það var ergjandi að vera virtur að vettugi á þennan máta. Þegar þarna var komið þá eyddi hann mestum tíma einn með henni heima, þar sem systir hans var gift og flutt

út, tvíburarnir enn í burtu í framhaldsskóla, og yngri bróðir hans í skóla meiri hluta dagsins. Þau voru eins og gamalt par, fengu sér morgunverð saman, horfðu á sjónvarpið saman, og í sívaxandi mæli að venjast hljóðunum sem þau mynduðu í gegnum daginn— gutlið í vatninu sem hún notaði við viðhafnarþvottinn, ískrið í skáphurðinni þegar hann opnaði til að ná sér í skyrtunum. Þegar mágur hans, eiginmaður Lamayu, sagði honum að einn af viðskiptavinum hans vantaði aðstoð í verslun sinni, gamall maður sem átti börn sem flutt höfðu búferlum til Ísraels, stökk Murad á tilboðið.

Jafnvel eftir að hann tók starfið gat Murad ekki staðist að velta fyrir sér hvað væri framundan. Ef hann hefði ekki stigið fæti á Spán hefði verið hægðarleikur að bæjja frá sér draumórum um það sem gæti hafa orðið; en hann hafði náð að komast til Tarifa, þannig að á hverjum degi dreymdi hann um lífið sem hann ímyndaði sér að hann hefði átt. Núna gerði hann sér ljóst að hann hafði farið rangt að. Hann hafði verið svo gagntekinn af ímyndaðri framtíð sinni að hann hafði ekki tekið eftir því hvernig það var byrjað að yfirtaka eitthvað innra með honum, smátt og smátt. Hann hafði lifað í framtíðinni, hugsað um alla framtíð sína á betri stað, aldrei gert sér grein fyrir að fortíð hans rak á reiðanum. Og núna þegar hann hugsaði um framtíðina sá hann sjálfan sig frammi fyrir börnum sínum eins mállausan og ef tungan hefði verið skorin úr honum, ófær um að segja þeim sögurnar sem hann hafði heyrt sem barn. Hann velti því fyrir sér hvort maður þyrfti alltaf að fórna fortíðinni fyrir framtíðina, eða hvort það var eitthvað sem hann hafði gert, eitthvað einkennandi fyrir hann, vangeta til að fylla sjálfan sig með of miklu, þannig að fyrir hverja ögn af ímyndaðri framtíð varð hann að gefa upp áþreifanlega fortíð.

„Hún er æðisleg,“ hvíslaði Chrissa.

„*Muy lindo*,“ sagði Anas.

Chrissa brosti kurteislega þegar hún skoðaði rúmfræðimynstrið. Sandy andvarpaði. „Jæja, nú þegar hann er hérna geturðu alveg eins spurt hann frá hvaða hluta Marokkó mottan sé.“

Chrissa sneri sér að Anas og spurði hann á spænsku með miklum hreim spurningar Sandys. Hún beið til að heyra svarið og þýddi svo fyrir Sandy. „Frá Nader? Nador? Einhverjum svoleiðis stað.“

„Ó. Hefðbundin berber teppi eru venjulega með heitum litum eins og þetta. Og sjáðu dýramynstrið. Það minnir á einhverja af teikningum frumbyggja Ameríku, er það ekki?“

Chrissa kinkaði til samþykkis.

Teppið kom frá lítilli vinnustofu sem hafði verið í viðskiptum við Botol basar í yfir tuttugu ár. Eigandinn lést fyrir aðeins tveimur mánuðum og það var sonur hans sem hafði komið með síðustu sendingu, bar hverja mottu inn í búðina sjálfur. Minningin kom af stað annari, þannig að Murad mundi aðra sögu sem faðir hans hafði sagt, um ungan teppavefara og hefnd sem hann tók út á manninum sem stolið hafði unnustu hans.

„¿*Quieren un te?*“ spurði Anas.

„Ó, ég veit ekki hvort það sé nauðsynlegt,“ sagði Chrissa. „Hann er að spyrja hvort við viljum te.“

„Ég skildi það,“ sagði Sandy. „Treystu mér, þeir *vilja* að þú fái þér te.“

Chrissa virtist efast um það sem vinkona hennar sagði, en fór eftir ósk hennar samt sem áður.

„Si,“ sagði Sandy við Anas, og kinkaði ákaft kolli.

Anas brosti og gaf Murad merki að hann ætlaði að sækja teið.

„Þú verður hvort sem er plötuð í að kaupa eitthvað,“ sagði Sandy, „þannig að við getum alveg eins fengið okkur bolla af tei á meðan við erum hérna.“ Hún settist á stól í horninu og leit í kring um sig. „Kannski getum við seinna komið við á einu kaffihúsanna sem Bowles var vanur að sækja,“ sagði hún glaðlega. Hún beygði sig yfir gamalt leðurkoffort sem hún tók skyndilega eftir hægra megin við sig, dáðist að mynstrinu sem naglarnir mynduðu. Hún skrifaði eitthvað með fingrinum í ryklagið.

Chrissa sem hafði setið hljóð með veskið í fanginu sneri sér til að líta á Murad, meðvituð um að hann hafði séð þetta sendi hún honum afsakandi svip. Murad brosti til hennar og kom fram fyrir afgreiðsluborðið. Hann rúllaði hringlaga teborði yfir og stillti því upp á borðfæturnar fyrir framan stúlkurnar. „Velkomnar, velkomnar,“ sagði hann.

Ef hún var hissa, lét Sandy það ekki uppi, eins og hún hefði búist við því allan tímann að hann talaði ensku.

„Í alvöru, það er engin þörf á tei,“ sagði Chrissa.

„Gerið svo vel,“ sagði hann, „það er ánægja.“ Hann settist niður og krosslagði fæturnar. „Svo þú hefur áhuga á Paul Bowles?“ spurði hann.

„Vissulega,“ sagði Sandi, andlit hennar lýstist upp. „Hefur þú lesið hann?“

Murad kinkaði kalli.

„Ég elska bækurnar hans,“ sagði hún, og bandaði flugu frá andlitinu. Græn augu hennar voru undirstrikuð með augnblýanti. „Hann var svo yndislegur sögumaður.“

„Á ég þá að segja þér sögu á meðan við bíðum eftir teinu?“ spurði Murad.

Augu Sandys glömpuðu af áhuga, og gaut augunum himinlifandi á Chrissu og sagði, „endilega!“

„Einu sinn var, og var ekki, teppavefari sem hét Ghomari. Hann var þekktur og dásamaður um allt land vegna teppanna sem hann óf, og kom fólk langa vegu til að

kaupa verk hans. Ghomari var ástfanginn af fallegru ungri konu sem var lofuð honum. Hún var dóttir *muezzins* og hét Jenara. Endrum og eins átti Jenara það til að koma og fylgjast með Ghomari vinna, og hún spurði hann hversu langan tíma það tæki þangað til hann væri búinn að safna nógu miklum peningum fyrir heimamundi hennar. „Ég verð að selja tíu teppi í viðbót,“ átti hann til að segja, eða, „aðeins sjö til viðbótar, ástin mín,“ og óbrigðullega sagði hún, „flýttu þér þá að selja þau, svo að við getum gift okkur.““

„Dag einn hafði Jenara komið til að fylgjast með Ghomari vinna í búðinni sinni um miðjan daginn. Það var óbærilega heitt, svo að unga Jenara tók niður andlitsslæðuna, þar sem hún sat með bakið í götuna. Á þeirri stundu vildi svo til að dvergurinn Arbo, sem var eins ljótur og hann var illur, kom hjá. Þegar hann sá að Ghomari var upptekinn af því að tala við einhvern sem hann gat ekki séð, stökk hann inn í búðina og sá Jenaru án slæðunnar. Hann varð mállaus vegna fegurðar hennar, og hann var enn orðlaus þegar Ghomari henti honum út úr búðinni blótandi.“

„Uppfrá þessum degi elti Arbo ungu Jenaru á röndum hvert sem hún fór, hvort heldur var á leið á markaðinn eða á leið í *hammam*, og lýsti yfir ást sinni. Jenara gargaði á hann. „Ég myndi frekar deyja en að verða konan þín.“ Arbo gekk í burtu, þegar farinn að upphugsa illar leiðir til að ná fram hefndum. Hann fór til húsbónda síns, soldánsins, og sagði honum að hann hefði séð fallestu konuna í öllu konungsríkinu, en að hún væri lofuð óbreyttum teppavefara. Þegar hann heyrði þetta sagði soldánninn, „Hvernig getur teppavefari átt fallegru konu en ég? Gerðu það sem þú þarft.“ Og því beið Arbo eftir að *muezzinn* væri uppi í bæneturninum að kalla svo hann gæti rænt Jenaru og farið með hana í kvennabúr soldánsins. Aumingja stúlkan eyddi dögumum í að gráta yfir nauðungarhónabandi sínu við grimman soldáninn, og engin þeirra gjafa sem soldánninn veitti henni gat stöðvað grát hennar.“

„Aumingja Ghomari vissi að það var engin leið að berjast við soldáninn sem stolið hafði elskunni hans, og því sneri hann sér að vefnaðinum og hellti sorgum sínum í hann. Hann óf teppi sem sýndi Jenaru í allri hennar fegurð, andlit hennar afhjúpað, og í hendi hennar langur hnífur sem táknaði þrá hans í hefnd. Þegar hann lauk því undraðist hann sína eigin sköpun sem var svo raunveruleg að það var sem Jenara stæði fyrir framan hann, tilbúin að gera árás. Ghomari fékk til sín föður sinn og föður Jenaru og sýndi þeim myndvefnaðinn. Þeir voru líka furðulostnir yfir teppinu, og því sögðu þeir konum sínum, sem sögðu systur sínum, sem sögðu eiginmönnum sínum.“

„Og vegna þessa, á hverju kvöldi eftir myrkur, lokaði Ghomari búðinni sinni til að halda sýningu á þessum undraverða myndvefnaði, þar til Arbo frétti af því. Hann sagði soldáninum frá vefnaðinum, og teppið var samstundis gert upptækt en Ghomari var settur í fangelsi. Þegar soldáninn beindi augum sínum á það, varð hann enn aftur uppnuminn yfir því hversu falleg Jenara var, en jafnvel enn frekar vegna manndrápssvipsins sem hún sýndi. Hann sýndi hirð sinni þetta með mikilli ánægju yfir viðbrögðum þeirra, og lét hengja það upp í svefnherbergi sínu. Næst þegar hann hitti Jenaru sagði hann henni að Ghomari yrði tekinn af lífi næsta morgun. Jenara sýndi engin sorgarviðbrögð við dauða heitmanns síns. Soldáninn spurði Arbo trúnaðarmann sinn hverju það sætti. Dvergurinn svaraði að kannski hefði Jenara loksins tekið sönum. Á næstu vikum virtist Jenara hamingjusöm, spjallaði og gerði að gamni sínu við Arbo. „Svona eru konur,“ sagði Arbo við húsbónda sinn. “Stundum verða þær að vera beittar harðindum áður en þær læra hvað er þeim fyrir bestu.““

„Nótt eina, sagði Jenara Arbo að hana hafði lengi langað í fallett armband en eigandi þess, skartgripasali í *Mellah* hverfinu, vildi ekki láta það af hendi. Arbo sagði „Óttastu ekki, húsfreyja, ég mun ná í það fyrir þig á þessari nóttu.“ Og fór svo Arbor af

stað til *Mellah*, og yfirgaf stað sinn við hlið húsbónda síns. Jenara gekk inn í svefnherbergi soldánsins, með hníf í hendi.“

Anas mætti með tekönnu og fjögur glös í stafla sem hann lagði á borðið og byrjaði að framreiða. „Mjög sætt,“ sagði Chrissa þegar hún bragðaði á teinu. „Ljúffengt.“

„Hvernig endar sagan þín?“ spurði Sandy.

„Jenara lagði hnífinn að hálsi soldánsins sem vaknaði upp með skelfingu. Hann kallaði á sinn trygga Arbo, en dvergurinn hafði farið að ná í ímyndaða armbandið. Soldánninn öskraði og engdist um í ótta. Hirðmenn hans komu æðandi inn og Jenara hörfaði upp að teppinu sem hékk á veggnum. „Hún er að reyna að drepa mig!“ öskraði hann og benti á ungu stúlkuna. „En húsbóndi, þetta er bara vefnaðurinn þinn á veggnum.“ Soldánninn öskraði á þau að þau ættu að grípa hana, en enginn af fylgdarliði hans hreyfði sig.“

„Hann hefur tapað glórunni,“ sagði æðsti ráðgjafinn, og hann fór til að deila fréttunum með yngri bróður soldánsins sem soldánninn hafði lokað inni í myrkri dýflissu. Ráðgjafinn var ákafur í að vinna sér inn hylli mannsins sem myndi fljótlega taka við hásætinu af geðsjúklingnum. Hirðmennirnir hurfu hver á fætur öðrum, og hristu höfuðið yfir því að húsbóndi þeirra væri orðinn galinn. Eftir að dyrnar höfðu lokast bar Jenara loksins hnífinn að hálsi soldánsins og drap hann.“

„Hún og Ghomari fengu loks hefnd sína.“

„Vá,“ sagði Sandy. „Þetta var harðneskjulegt.“

Chrissa sneri sér til að líta á teppið fyrir aftan sig. Anas fyllti aftur glösin og spurði. „¿*Le gusta la alfombra?*“

„Si,“ sagði Chrissa.

Sandy hló. „Í alvöru Chrissa, er þetta allt sem þarf?“

„Nú, ég held að það myndi taka sig vel út í stofu frænku minnar,“ svaraði

Chrissa og setti stút á varirnar. „Og ég ætla að kaupa það.“

„Allt í lagi,“ sagði Sandy. „Tökum það bara og drífum okkur. Ég vil komast að húsi Bowles áður en það lokar.“ Hún leit á úrið sitt.

„Hversu mikið?“ spurði Chrissa.

„*Mil quiniento*,“ sagði Anas.

„Hann vill fimmtán hundruð fyrir það,“ þýddi Chrissa.

Murad hugsaði að Anas hlyti að vera mjög hrifinn af stúlkunni, af því að hann byrjaði að prúttu á svona lágu verði. Virði teppisins var tólf hundruð, og miklu meira ef það var selt í fínni verslun í miðbænum.

„Allt of mikið,“ sagði Sandy og hallaði sér fram í stólnum, áfjád í að prúttu, sennilega eins og ferðabækurnar hennar höfðu ráðlagt. „Sex hundruð.“

Murad lyfti augabrún.

„Ertu viss?“ spurði Chrissa vinkonu sína er hún sneri sér til að líta á hana. Sandy kinkaði kalli.

Það brakaði í útvarpinu þegar fjögur fréttirnar hljómuðu. Murad sneri teglasinu nokkrum sinnum í hendinni. „Vinur minn gerði mistök,“ sagði hann að lokum. „Verðið er átján hundruð.“

Sandy blikkaði. „Eitt þúsund,“ sagði hún.

„Tólf hundruð,“ sagði Murad og stóð upp. „Síðasta verð mitt.“

„Fínt,“ sagði Chrissa og opnaði veskið sitt.

„Þú gætir örugglega fengið þrisvar sinnum meira fyrir það á eBay,“ sagði Sandy og yppti öxlum.

Murad fór aftur og settist bak við afgreiðsluborðið, og skildi Anas eftir til að renna greiðslukortinu í gegn og pakka inn teppinu fyrir þær. Hann tók upp bókina sína, slétti kantinn á blaðsíðunni sem hann hafði merkt með því að brjóta upp á hornið, og lokaði henni fyrir alvöru. Það var enginn tilgangur með því að lesa sögur sem þessa lengur; hann þurfti að skrifa sínar eigin. Hann hugsaði um föður sinn sem sagði börnum sínum sögur, og hvernig þær voru næstum fallnar í gleymsku í dag. Anas lokaði peningakassanum svo að í glumdi, en Murad tók varla eftir því; hann var þegar horfinn inn í söguna sem hann myndi byrja að skrifa í kvöld.

Appendix: Orðskýringar³

Adan⁴ Íslamskt bænaákall sem heyrir almennt í íslömskum löndum fimm sinnum á dag frá turni moskunnar. Röddin tilheyrir þeim sem kallar, *muezzinum*.

Adul⁵ Opinber stjórnsýsla Íslam. *Adul* er sýslumaður með löggildingu til að sjá um giftingar, skilnaði, erfðamál, trúskipti til Íslam og önnur mál sem lúta að hagsmunum almennings. Hann hefur þó takmörkuð völd til opinberrar stjórnsýslu.

Ala salamtek⁶ Þegar verið er að óska góðrar ferðar, eða að fólk komist heilu og höldnu á áfangastað, „Lof sé Guði fyrir öryggi þitt (að þú komist óhult á leiðarenda).“ Algengt svar er *Allah iselmek*.

A Lalla⁷ „Ó fröken“ *Lalla* jafngildir „fröken“ eða „frú.“ Í bókinni er það notað hæðnislega eins það að segja, „Heyrðu, *kona!*“

Balak⁸ „Varaðu þig,“ taktu eftir, sýndu varúð.

³ Orðalistinn er aðlögun á marokkóskum arabískum orðalista sem Amin Choukairi setti saman til skýringar á orðum og orðtökum í bók Lalami. Sjá <<http://www.wab.org/documents/Glossary%20of%20Maghreb%20Phrases.pdf>>.

⁴ Islamic call to prayer typically heard in Islamic countries five times daily emanating from a mosque's minaret/tower. The voice belongs to the *moueden/mouezzin*.

⁵ Islamic public administration. With limited public administration powers, the *adul* is a religious administrator permitted by law to deal with marriage, divorce, inheritance, conversion to Islam and other areas of public interest.

⁶ Initial greeting to anticipated arrival. This is a shortened version of *Al Hamdu li Allah ala Salamtek*, meaning, “Praise be to God for your safety (safe arrival).” The common reply is *Allah iselmek*.

⁷ “O Madam” *Lalla* is the equivalent of “Madam” or “Ma’am.” In the book, it is used sarcastically as if to say, “Listen, *Lady!*”

Baraka⁹ Andleg blessun frá guði. Þegar það er notað í trúarlegum tilgangi, táknar það blessun og gnægð frá guði. Það er einnig notað til að ávíta einhvern um að nú sé “nóg” komið, eins og það kemur fyrir í kaflanum „Ferðin.“

Beghrir¹⁰ Ákveðin tegund af pönnukökum. Algengast á Ramadan sem morgunverður við sólarlag en engu að síður eru hafðar við mismunandi tilefni. Oft framreiddar með hunangi og mintutei.

Belgha¹¹ Marokkóskir sandalar. Hefðbundin fótabúnaður sem hannaður er jafnt fyrir karla (oft í gulu) og konur (í öllum litum). Þeir eru þekktastir fyrir að vera támjóir, og eru til í allskonar gerðum og eru oftast notaðir sem inniskór.

Briwat¹² Marokkóskar eggjarúllur. Oft eru þær fylltar með rækjum, kjúkling, eða nautakjöti. *Briwat* er fleirtalan af orðinu *briwa*.

Brochettes and Kebabs¹³ Þessir kjötbítar á steikarteinum eru yfirleitt úr lambakjöti, nautakjöti eða fuglakjöti. Kjötið er þrætt upp á löng grillspjót þegar það er borið fram

⁸ Watch out, (dir balak) pay attention, be careful.

⁹ Spiritual blessing from God. When used religiously, it often denotes blessing and plenty from God. It can be used to reprimand someone by saying “enough,” as in the chapter “The Trip.”

¹⁰ Type of pancake though used in many instances, it is most prevalent during Ramadan breakfast at sundown. It is often served with honey and mint tea.

¹¹ Moroccan slipper. Traditional Moroccan footwear fashioned for both men (often in yellow) and women (all colors). Often known for their pointed ends, they come in many shapes and forms and are often worn like a slipper.

¹² Moroccan egg rolls. Often stuffed with shrimp, chicken, or beef, *briwat* is the plural of a *briwa*.

¹³ These brochettes and kebabs call for lamb, beef or poultry. Thread the meat onto long skewers when serving as a main dish, or use mini skewers to offer the brochettes as appetizers or finger food.

sem aðalmáltíð, eða minni spjót eru notuð til að bjóða upp á steikarteinana sem forrétt eða fingramat.

Burnous¹⁴ Skikkja. Löng skikkja úr grófgerðu ullarefni með hettu, venjulega hvít á lit, sem berberar og arabar klæðast um alla Norður-Afríku.

Chaouch¹⁵ Bílstjóri/sendill/persónulegur aðstoðarmaður. *Chaouch (shawesh)* er venjulega maður sem gegnir ýmsu snatti fyrir stjórnendur fyrirtækis, í almennri stjórnsýslu eða er persónulegur aðstoðarmaður fyrir auðuga fjölskyldu.

Derb¹⁶ Hverfi/borgarhluti. Almenn notkun orðsins *derb* þýðir einfaldlega „hverfið“ sem fer eftir samhengi. Það þýðir líka borgarhverfi eða *Quartier* (fr.) eins og mismunandi hlutar Casablanca eru t.d. kallaðir *Derb Talian*, *Derb Sultan*, *Derb Mila*, *Derb Ghalef*, o.s.frv.

Ghurba¹⁷ Að vera í þeirri stöðu að vera útlendingur, einmanaleiki, aðskilnaður. Ein af mörgum afleiðum af orðinu *Al Gharb* (Vestur) Hugmyndin á rætur sínar í forngrískri

¹⁴ Cloak. A long cloak of coarse woolen fabric with a hood, usually white in color, worn by Berbers and the Arabs throughout North Africa.

¹⁵ Chauffeur/Personal Assistant. A *chaouch (shawesh)* is typically a man who serves to run various errands for executives in a company, public administration or as personal assistant to an affluent family.

¹⁶ Neighborhood/*Quartier*. Generic use of *derb* simply means “neighborhood” or “the block” depending on the context. It also means Quarter or *Quartier* (Fr.) such that various sections of Casablanca (e.g.) are called *Derb Talian*, *Derb Sultan*, *Derb Mila*, *Derb Ghalef*, etc.

¹⁷ The state of being a foreigner, loneliness, separation. One of many derivatives of the word *Al Gharb* (West). The idea is rooted in Ancient Greek mythology (“beyond the pillars of Hercules,” which are in present-day Tanger) to refer to what is distant, strange, or unknown. E.g., *ghareeb* means “strange,” *ghber* means “to disappear,” *al maghrib* means both “sunset” and “Morocco” (which was

goðafræði („handan við súlur Heraklesar,” sem eru þar sem Tanger er í dag) til að vísa til þess sem er fjarlæggt, ókunnugt, eða ekki þekkt. T.d. *ghareeb* þýðir „framandi,” *ghber* þýðir „að hverfa,” *al maghrib* þýðir bæði „sólsetur“ og „Marokkó“ (sem var talin vera endamörk hins þekkta).

Guenbri/Guenber/Sintir¹⁸ Strengjahljóðfæri úr tré sem svipar til gítars eða banjós.

Mismunandi framburður fer eftir mismunandi hreim og mállýskum í Marokkó.

Halwa¹⁹ Dæmigerðar sætar kökur eða bakkelsi borið fram sem *amuse-bouche*. Komið af orðinu *hlou*, sem þýðir „sætt.“ Þetta á við um marga svipaða hluti nema alvöru sælgæti úr sykri, sem er kallað *faneed*.

Hamdullah²⁰ Guði (Allah) sé þökk, notað þegar máltíð er lokið.

Ham'mam²¹ Almenningsböð. Vestrænir gestir gætu oft (og réttilega) þekkt *ham'mam* sem tyrkneskt bað, með mismunandi gæðum og þjónustu, með mismunandi herbergjum eftir hitastigi og svoleiðis.

the end of the known world).

¹⁸ Stringed wooden instrument similar to a guitar or banjo. Variations in pronunciation are merely indicative of the different accents and lexicons around Morocco.

¹⁹ Typically sweet cookies or pastry served as an *amuse-bouche*. Derived from the word *hlou*, which means “sweet.” This applies to many such items except actual sugar candy, which is referred to as *faneed*.

²⁰ Praise to God (Allah), used when finishing a meal.

²¹ Public baths Western visitors might often (and aptly) recognize the *ham'mam* as a Turkish bath, varying in quality and service with different rooms according to temperature and so on.

Harira²² Heit súpa tengd morgunverðinum á Ramadan. Mismunandi gerðir frá einu héraði til annars, en inniheldur oft lambakjötsbita.

Har'raga²³ Ólöglegir innflytjendur. Þetta er dregið af orðinu *hrag*, sem þýðir „að brenna.“ Frönsk nýlenduáhrif eru slík að marokkósk arabíska hefur tekið til sín tákræna meiningu orðsins eins og í frönskum orðatiltækjum sem *bruler un feu rouge* („að brenna [fara yfir] rautt ljós“). Þannig að fara ólöglega yfir landamæri er að „brenna“ þau. Þess vegna eru ólöglegir innflytjendur þekktir sem *har'raga*, eða „brennarar.“

Hlib²⁴ Mjólk.

Hemqa²⁵ Brjáluð (í kvenkyni). Lýsingarorðið fyrir karlmann er *hmeq*; fyrir konu er það *hemqa*.

Hijab²⁶ Kvenmannsslæða til að hylja höfuð og líkama. Þrátt fyrir að hefðbundin merking vísi í höfuð og líkama kvenna þá tekur almenn notkun orðsins í dag sérstaklega

²² Hot soup often associated with Ramadan breakfast. Varies in style from one region to the next, but often includes bits of lamb.

²³ Illegal migrants. Derived from *hrag*, which means “to burn.” French colonial influence is such that Moroccan Arabic has adopted the figurative sense of the word in such French expressions as *bruler un feu rouge* (“to burn [run] a red light”). Thus, to illegally cross a border is to “burn” it. Hence, illegal migrants are known as *har'raga*, or “burners.”

²⁴ Milk.

²⁵ Crazy (female). Simply an adjective. For a man, it would be *hmeq*. For a woman, it is *hemqa*.

²⁶ Women's head and body covering. Though traditionally referring to the female head and body, the generic/contemporary use of the term refers specifically to the head covering worn to hide all but the actual face (or sometimes revealing only the eyes).

til höfuðklæðis sem borið er til að hylja allt nema andlitið (eða stundum sést eingöngu í augun).

Imam²⁷ Múslimaprestur/yfirmaður mosku. Sambærilegur (bæði félagslega og í starfi) við prest eða rabbína.

Insha'allah²⁸ „Ef guð lofar.“ Þegar horft er til marókkósks samfélags og ástarhaturssamband þeirra við klukkuna og stundvísi, er þetta eitt algengasta orðtakið í marókkóskri arabísku og er notað til að tjá allt frá einlægri von til kaldhæðni og gríns.

Jahiliya²⁹ Öld fávísku og ólæsis og, það sem meira er, villimennsku og trúleysis. Samkvæmt trúarlegum kenningum er þetta öldin sem var áður en að Kóraninn kom til sögunnar, þar til guð kom til Múhameðs spámanns (sem sjálfur var ólæs) og fyrirskipaði honum að „lesa.“ Samtalið og prédikunin sem fylgdi á eftir varð því að fyrstu súrinni (kaflanum) í Kóraninum, og þekktist sem *Al Alak*.

²⁷ Muslim preacher/head of mosque. Analogous (socially and functionally) to a pastor or rabbi.

²⁸ “God willing” Given Moroccan society’s love-hate relationship with time and punctuality, this is one of the most ubiquitous terms in Moroccan Arabic and is used to express everything from genuine hope to sarcasm and comedy.

²⁹ Age of ignorance and illiteracy and, by extension, barbarism and unfaith. According to religious teachings, this is the age prior to the introduction of the Koran until God descended upon Mohammed the Prophet (himself illiterate) and ordered him to “read.” The ensuing dialogue and lecture hence became the first *sura* (chapter) of the Koran, known as *Al Alak*.

Jellaba³⁰ Hefðbundin marokkóskur utanyfirkufl með hettu bæði fyrir karla og konur.

Þrátt fyrir nýjstu tísku og vestrænan klæðnað, er *jellaba* enn frekar algengur, sérstaklega í dreifbýlum og fátækari hverfum borganna. Undanfarið hefur hann einnig verið nýttur í nútíma hönnun (sérstaklega fyrir konur).

Kefta³¹ Hakkað kjöt, yfirleitt sem kjötbollur. Mjög líkt því sem hægt er að finna við Miðjarðarhafið.

Kif³² Blanda af tóbaki og ganja sem er oft búið til og notað í Marokkó, oft pressað í hass, sem er annað nafn yfir marijúana.

Llah I-selmak³³ Algengt svar við algengri kveðju fyrir væntanlegri ferð „megi guð gefa þér frið/öryggi.“ Sjá athugasemdir við *ala salamtek*.

Maghrib³⁴ Sólsetur. Í samhengi við textann, þýðir þetta „sólsetur“, „sólseturs bæn [eða kall til bæna]“ en einnig vill svo til að þetta er nafn landsins. Á marókkóskri arabísku

³⁰ Traditional Moroccan hooded outerwear for both men and women. Despite modernity and western dress, the *jellaba* remains quite common, especially in rural areas and the less affluent sections of the cities. Lately, it has also been incorporated into contemporary design (especially for women).

³¹ Ground beef, often in the form of meatballs. Much the same thing as is found in the Mediterranean.

³² A mixture of tobacco and ganja frequently prepared and used in Morocco, often pressed into hash, another name for marijuana.

³³ Common reply to common greeting for anticipated arrival, “May God give you peace/safety.” See comments for *ala salamtek*.

³⁴ Sunset. In order of relevance to the text, this means “sunset,” “sunset prayer [or call to prayer]” and also happens to be the name of the country. In Moroccan Arabic, *Al Maghrib* means “Morocco.” The country’s official name is *Al Mamlaka el Maghribia*, “The Western Kingdom” a.k.a. “The Kingdom of Morocco.” See *ghurba* for other derivatives of the word “west.”

þýðir *Al Maghrib* „Marókkó.“ Opinbert nafn landsins er *Al Mamlaka el Maghribia*, „Vestræna Konungsveldið“ eða „Konungsveldi Marókkós.“ Sjá *ghurba* fyrir aðrar afleiður orðsins „Vestur.“

Mardi³⁵ Heilagur. Afleiða af rót orðsins *rida* eða *reda*, sem þýðir eitthvað svipað og „uppfylling“ og „velþóknun.“ T.d., að vera *mardi al walidin* er að hafa velþóknun foreldra sinna, í sjálfu sér dýrðlegt. Að vera fullkomlega *mardi* er að hafa velþóknun guðs.

Medina³⁶ Borg. En er formlega þekkt alþjóðlega sem heilög borg í Saudi Arabíu, orðið er líka samheiti yfir „borg.“ Þegar þetta er sett í rétt samhengi, gamla borgin (*medina k'dima*)

Mille-Feuilles³⁷ Franskt vinarbrauð. Þýtt beint úr frönsku þýðir þetta „þúsund blöð,“ sem vísar í að filódeigið bakast í fjölmörgum örþunnum lögum en það er fyllt með kremi, súkkulaði o.fl.

³⁵ Blessed. A derivative of the root word *rida* or *reda*, which means something akin to “satisfaction” and “approval.” E.g., to be *mardi al walidin* is to have one’s parents’ approval, in itself divine. To be altogether *mardi* is to have approval from God.

³⁶ City. Though formally known internationally as the holy city in Saudi Arabia, the word is also a generic term for “city.” Given the right context, the old city (*medina k'dima*) will often simply be referred to as the *medina*—often associated with various kinds of low cost shopping and poor living and often located within old city walls of pre-20th century sections of any major Moroccan city.

³⁷ French pastry. Translated literally from French, this means “Thousand Papers,” a reference to its many thin layers of crust, cream, chocolate, etc.

Franskt vinarbrauð. Þýtt beint úr frönsku þýðir þetta „þúsund blöð,“ sem vísar í að filódeigið bakast í fjölmörg örþunn lög en á milli er krem, súkkulaði og fleira.

Mijmar³⁸ Glóðarker til steikingar, suðu og til að grilla.

Mmi³⁹ Móðir mín/mamma mín.

Moueden/muezzin⁴⁰ Sá sem kallar múslima til bæna. *Moueden* er sá sem kemur í hljóðnemann í moskvunni til að flytja *adan*, eða bænakallið, fimm sinnum á dag.

Mufti⁴¹ Fræðimaður trúarinnar og fyrirlesari. Dregið af orðinu *yefi*, sem þýðir að „koma til skila/útskýra/lýsa yfir.“ Þar af leiðandi er það að lýsa yfir *fatwa*. Í þessum texta er höfundurinn að vísa í trúarlegan spjallþátt sem einu sinni var vinsæll í sjónvarpinu og kallaðist *Ruk'n el Mufti*.

Niyya⁴² Góður ásetningur. Að hafa gott *niyya* er að hafa góðan ásetning—vísun í það sem er djúpt í hjarta manns. Í textanum vonar persónan að þrátt fyrir að það sé dauðasynd, að snúa sér að svartagaldri muni guð sjá að ásetningur hennar sé sannur og fyrirgefa henni.

³⁸ A brazier for frying, boiling and grilling.

³⁹ My mother.

⁴⁰ Person who makes the call to prayer. The *moueden* is the one who actually gets on the microphone in the mosque to perform the *adan*, or the call to prayer, five times a day.

⁴¹ Religious scholar and speaker/lecturer. Derived from *yefi*, meaning “to deliver/explain/declare.” Hence, a declaration is a *fatwa*. In this text, the author is referring to a once popular religious TV talk show called *Ruk'n el Mufti*.

⁴² True intention to have good *niyya* is to have good intentions—a reference to what is deep in one’s heart. In the text, the character hopes that, despite the mortal sin of resorting to sorcery, God will see through to her true intentions and forgive her.

Pastilla⁴³ Norður-afrískur réttur, heitið er undir miklum áhrifum úr spænsku, ef það er ekki spænska. Þessi réttur samanstendur af skel sem fyllt er með kjúklingi, nautakjöti eða fiski.

Patera⁴⁴ Einfaldur trébátur, andstæða kröftugs zodiacs eða annara stærri hraðbáta.

Patera (spænsk áhrif) er minni gerðin af trébát sem hægt er að róa eða það má koma fyrir í honum einföldum utanborðsmótor.

Piceri⁴⁵ Sjoppa. Kemur úr frönsku, þetta er marókkósk arabískra ranglega borin fram af franska orðinu *epicerie* og þýðir sjoppan.

Qaleb⁴⁶ Toppur. Í Marokkó, sérstaklega í fátækari hverfum borga og sveita, er sykur oft seldur í keilulaga toppum. *Qaleb* af sykri sem höfundurinn vísar í er oft í formi stórrar keilu. Keilan er oft brotin í lítil stykki eða mulin í fínkorna sykur með því að nota járnsykurtangir, *mehraz* og *degaga*.

Rabuz⁴⁷ Einhverskonar vifta, eða blásari til að halda lífi í eldinum.

⁴³ North African dish the term is heavily influenced by Spanish, if it isn't simply Spanish altogether. This dish consists of an outer crust often stuffed with chicken, beef, or fish.

⁴⁴ Simple wooden boat as opposed to a powerful zodiac or other larger speed boats, the *patera* (Spanish influence) is a smaller wooden boat that can be rowed or fitted with a simple outboard engine.

⁴⁵ Local convenience store. Derived from French, this is Moroccan Arabic's mispronounced adaptation of the French word *epicerie* and means the local convenience store.

⁴⁶ Lump. In Morocco, especially the poorer sections of town and rural areas, sugar is often sold in large lumps. The *qaleb* of sugar referred to by the author often comes in the shape of a large cone. The lump is then broken into pieces or pounded into granular sugar using a metal *mehraz* and *degaga*.

⁴⁷ A fan, or something to stir the air to keep the fire going.

Raffia⁴⁸ Basttrefjar úr sérstökum pálmatrjám, notað til að gera bastkölfur og mottur.

R'ghaif⁴⁹ Svipað pítabrauði og er venjulega borið fram heitt og er meðal rétta sem neytt er á Ramadan föstunni. Þetta þekkist líka sem *msem 'men* og líkist öðru svipuðu, sem er þykkara og minna olúborið *batbout*.

Riad⁵⁰ Hefðbundið marokkóskt hús, eða höll, sem umlykur innri garð eða hallargarð.

Sabah el-khir (kheir)⁵¹ Góðan daginn.

Salaam⁵² Algeng kveðja sem fólk notar sín á milli. Styttri útgáfa af ávarpinu *Asalaamu aleikum was rahamtu Allah wa salatu wa salaam ala nabiyyina Mohammed*. Ávarpið getur einnig endað: *...wa rahmatu Allah ta'ala wa barakatuh*. *Asalaamu aleikum* sem þýðir „friður sé með þér.“ Af þessu orði koma mörg önnur orð eins og *Islam, Muslim, Salim, Salamtek* og fleiri.

⁴⁸ Leaf fibers of the raffia palm tree; used to make baskets and mats.

⁴⁹ Similar to pita bread usually served hot and also among the items often seen during Ramadan. It is also known as *msem 'men* and similar to its cousin, the thicker and less oily *batbout*.

⁵⁰ A traditional Moroccan house, or a palace, with an interior garden or courtyard.

⁵¹ Good morning.

⁵² Common greeting given back and forth between people. Shortened version of *A salaamu aleikum was rahamtu Allah wa salatu wa salaam ala nabiyyina Mohammed*. Or the alternate ending: *...wa rahmatu Allah ta'ala wa barakatuh*. *Asalaamu aleikum* means “peace be upon you.” From this word are derived many others like *Islam, Muslim, Salim, Salamtek* and others.

Sebsi⁵³ Hefðbundin pípa, sérstaklega í sveitasamfélagi. Þetta er einföld pípa (sem hægt er að hanna persónulega og merkja) notuð af eldra fólkinu (aðallega mönnum) til að reykja *kif*, plöntuna sem hassið er unnið úr. Sebsi er einnig þekkt sem *jkaf*.

Seroual⁵⁴ Pokabuxur, mjög hefðbundnar í Marokkó, sem fólk klæðist undir *jellaba*.

Shebbakiya⁵⁵ Djúpsteikt vínarbrauð. Vegna áferðinnar er það líkara djúpsteiktri hunangsköku en sætabrauði. Það fæst líka oftast á Ramadan föstunni.

Swak⁵⁶ Valhnetubörkur, sem er oft nuddaður yfir varirnar til að gera þær rauðar.

Tagine⁵⁷ Leirpottur til að elda í og einnig kássan sem hann inniheldur. Í Marokkó er *tagine* einfaldlega almennt heiti fyrir „kássu.“ Maður verður að taka fram hverskonar *tagine* það er.

Uqbal (Iqbal)⁵⁸ Þýðir heppni, viska, lærdómur.

⁵³ Pipe Traditionally, especially in rural society, this is a simple wooden pipe (that can be personally designed and engraved) used by elders (predominantly men) to smoke *kif*, the plant from which hashish is processed. The *sebsi* is also known as *jkaf*.

⁵⁴ Baggy pants, very traditional clothing in Morocco often worn under *jellaba*.

⁵⁵ Fried honey pastry and for its consistency, this is closer to a fried honey cookie than a pastry. It also emerges most often during Ramadan.

⁵⁶ A walnut bark, often rubbed over the lips to make them look red.

⁵⁷ The ceramic cooking vessel as well as the stew that it contains. In Morocco, *tagine* is simply a generic term for “stew.” One must specify what kind of *tagine* it is.

⁵⁸ Means fortunate, knowledge, learning.

Ya⁵⁹ „Heyrðu“—Áhersla þegar verið er að ná athygli þess sem nafnið fylgir á eftir,
„Hey, Mustafa!“ væri *Ya, Mustafa!*

⁵⁹ “Oh” or “O”—An attention-grabbing precursor to calling one’s name “Oh, Mustafa!” would be *Ya, Mustafa!*